


MARGRÉT VILHJÁLMSDÓTTIR
*Í blárri glitrandi blússu í Norðurpólnum*
• tíska
ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS




FARTÖLVUR
*Nýjungar, safngripir, fréttir og fróðleikur*
Sérblað um fartölvur
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG.

KARL JÚLÍUSSON
*Vill frekar Art Directors Guild en Óskarinn*
Tilnefndur fyrir leikmyndahönnun í The Hurt Locker
FÓLK 42




# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

14. janúar 2010 — 11. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## FIMMTUDAGUR

### Smásagnasafn verður listaverk



Franskir listamenn bjuggu til listaverk úr smásagnasafni Guðrúnar Evu.
FÓLK 42

### Ástralar elska Vesturport



Áströlsk vikublöð segja Hamskiptin bestu alþjóðlegu leiksýningu síðasta árs.
FÓLK 42

### Nýtt íslenskt tímarit

Alexander Dan Vilhjálmsson stofnar tímarit helgað hryllingi, fantasíum og vísindaskáldskap.
TÍMAMÓT 26

### Liverpool úr leik



Íslendingarnir í liði Reading sáu um að afgreiða Liverpool á Anfield í enska bikarnum í gær.
ÍÞRÓTTIR 38

### VEÐRIÐ Í DAG




**BLAUTT SA-LANDS** Í dag verða suðaustan 5-13 m/s. Rigning eða skúrir sunnan til, einkum suðaustanlands en annars úrkomulítið og bjart vestan til. Hiti víða 0-8 stig, mildast syðst.
VEÐUR 4



NORDICPHOTOS/AFP

**EYÐILEGGING OG ÖRVÆNTING** Stúlka fikrar sig í gegnum húsarústir í Port-au-Prince eftir jarðskjálftann sem skók borgina í gær með hörmulegum afleiðingum. Óttast er um líf hundruð þúsunda og neyð þeirra sem lifðu hamfarirnar af er skelfileg.

# Óttast að hundruð þúsunda hafi farist

**Heimamenn telja að allt að hálf milljón manna kunni að hafa farist í hörðum jarðskjálfta á Haítí. Liðsmenn íslensku rústabjörgunarsveitarinnar voru meðal þeirra fyrstu sem komu til hamfarasvæðisins. Mikil eyðilegging blasti við þeim.**

**HAMFARIR** Jean-Max Bellerive, forsætisráðherra Haítí, telur að hundruð þúsunda manna kunni að hafa farist í miklum jarðskjálfta þar á þriðjudagskvöld.

Jarðskjálftinn, sem varð nálægt höfuðborginni Port-au-Prince mældist 7,0 stig og er sá harðasti á Haítí í meira en tvær aldir. Gríðarleg eyðilegging varð á mannvirkjum. Staðfest var í gærkvöld að tala látinna skipti þúsundum en óttast er að þeir séu margfalt fleiri eins og fyrr segir.

Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra tók þá ákvörðun í fyrrinótt að senda íslensku rústabjörgunarsveitina til aðstoðar og lenti 35 manna hópur sérþjálfaðra Íslendinga í Port-au-Prince klukkan níu í gærkvöld. Þurfti sveitin að afferma flugvélina handvirkt þar sem enginn búnaður var tiltækur á flugvellinum.

„Við erum önnur sveitin á staðinn. Það er vel tekið á móti okkur. Rétt í þessu eru fleiri sveitir að koma hingað,“ sagði Kristinn Ólafsson, framkvæmdastjóri Slysavarnafélagsins Landsbjargar, þegar Fréttablaðið náði tali af honum eftir að vél Íslendinganna lenti þar.

„Ganga þarf rösklega til verks og finna öruggan stað fyrir búðir en eftir tvo til þrjá tíma skellur á myrkur í Haítí,“ sagði Kristinn við fulltrúa Slysavarnafélagsins hér heima. „Þegar flogið var yfir borgina mátti sjá mikla eyðileggingu og fólk sem safnaðist saman á opnum svæðum. Innlendir vallarstarfsmenn fögnuðu komu sveitarinnar og þökkuðu henni vel fyrir.“

Íbúar Haítí eru um níu milljónir. Að mati Alþjóða rauða krossins þarf um þriðjungur þeirra á aðstoð að halda.

Halldór Elías Guðmundsson var í hópferð á Haítí. Hann lét vita af sér fljótlega eftir skjálftann en ekkert hafði meira til hans spurst þegar blaðið fór í prentun.

- gar, gb, pg / sjá síður 6 og 8



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**KOMNIR Á VETTVANG** Íslenska björgunarsveitin affermir búnað sinn á flugvellinum á Port-au-Prince albúið til að aðstoða heimamenn eftir eyðileggingu stóra skjálftans í fyrrakvöld. Til stóð að íslenska flugvélin flytti erlenda ríkisborgara frá Haítí.

Töf á Norðurlandalánunum:

## Kann að seinka áætlun AGS

**EFNAHAGSMÁL** Svo gæti farið að önnur endurskoðun á efnahagsáætlun stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins tefðist. Áformað var að hún færi fram síðar í þessum mánuði en að sögn Gylfa Magnússonar, efnahags- og viðskiptaráðherra, er alls óvíst að svo verði. Stjórnvöld vinni að því hörðum höndum að endurskoðunin fari fram á tilsettum tíma.



GYLFI MAGNÚSSON

Lánveitingar frá Norðurlöndunum eru meðal forsendna áætlunarinnar en þær eru ekki fastar í hendi vegna óvissunnar um afdrif Icesave-málsins.

Fyrsta endurskoðun áætlunarinnar tafðist um átta mánuði á síðasta ári vegna Icesave. - bþs



**GÓÐUR** Alexander Petersson sýndi lipur tilþrif í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Strákarnir okkar:

## Kvöddu Ísland með sigri

**HANDBOLTI Áhorfendur troðfylltu Laugardalshöllina í gær og kvöddu strákana okkar en þeir halda utan til Frakklands í dag og þaðan fer liðið á EM í Austurríki.**

**Ísland vann öruggan tíu marka sigur, 37-27, á Portúgal í leik þar sem liðið var ekki alltaf upp á sitt besta.**

**Við taka tveir leikir í Frakklandi á laugardag og sunnudag. Fyrsti leikurinn á EM fer síðan fram næstkomandi þriðjudag en andstæðingar Íslands í þeim leik verða Serbar.** - hbg / sjá síðu 38










**SPURNING DAGSINS**



*Bjarni, væri ekki nær að þú byðir þig fram í sveitarfélagi í Kraganum?*

„Það skírist vonandi giftusamlega."

Séra Bjarni Karlsson, sóknarprestur í Laugarneskirkju, hefur ákveðið að sækjast eftir sæti á lista Samfylkingarinnar í Reykjavík fyrir komandi borgarstjórnarkosningar.

Formenn stjórnmálaflokkanna hafa ekki hist aftur til að ræða nýjar leiðir í Icesave-málinu:

# Stjórnin bíður viðbragða andstöðunnar

**STJÓRNMÁL** Búist er við að formenn stjórnmálaflokkanna hittist að nýju í dag til að ræða mögulegar samningaviðræður um Icesave.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins bíða oddvitar ríkisstjórnarinnar viðbragða frá stjórnarandstöðunni. Þeim þykir standa upp á hana að lýsa yfir þeim samningsmarkmiðum sem hún vill stefna að, um hvað verði hægt að ná samstöðu í viðræðum við Breta og Hollendinga. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, og Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, sögðu báðir á mánudag ótímabært að nefna samningsmarkmið. „Við höfum ekki farið út í nein smáatriði samningsins á meðan það hefur ekki einu sinni legið fyrir að stjórnin telji að það þurfi að fá nýjan samning," sagði Sigmundur Davíð í gærkvöld.



**FUNDAÐ** Formenn stjórnmálaflokkanna hittust á mánudag ásamt Þráni Bertelssyni og Birgittu Jónsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hann gagnrýndi ráðherra ríkisstjórnarinnar fyrir yfirlýsingar síðustu daga. „Ég hafði skilið það sem svo að menn ætluðu að sleppa öllum yfirlýsingum á meðan verið væri að finna einhverja lausn."

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins verður ekki farið í viðræður við Hollendinga og Breta nema fyrir liggi samkomulag stjórnmálaflokkanna um markmið. Þá verði tryggt að slíkur samningur haldi. Fyrr séu viðsemjendur ekki til viðræðna um nýja samninga og fyrr sé ekki ástæða fyrir ráðherra til að setjast yfir málið. Ráðherrar og embættismenn hafa þó hitt breska og hollenska kollega sína undanfarið. **- kóp**



**SORGMÆDDUR KANSLARI** Ríkisstjórn Angelu Merkel, kanslara Þýskalands, hefur mokað 85 milljörðum evra, jafnvirði fimmtán þúsund milljarða króna, inn í hagkerfið til að koma því út úr kreppunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Efnahagslífið í Þýskalandi:

## Beðið eftir efnahagsbata

**EFNAHAGSMÁL** Þýska hagkerfið dróst saman um fimm prósent í fyrra, samkvæmt tölum hagstofunnar þar í landi sem birtar voru í gær. Samdráttur sem þessi hefur ekki sést í Þýskalandi síðan í seinni heimsstyrjöldinni á síðustu öld.

Þetta er mun snarpari samdráttur en hagfræðingar höfðu almennt reiknað með, að sögn Bloomberg-fréttastofunnar, sem hefur eftir Nick Kounis, aðalhagfræðingi hjá Fortis Bank í Hollandi, að vonbrigða gæti með niðurstöðuna á fjórða ársfjórðungi í fyrra enda sýni hagvaxtartölurnar að efnahagsbatinn í þessu stærsta hagkerfi Evrópusambandsins muni láta bíða eftir sér. **- jab**

**STJÓRNSÝSLA**

**Gunnar Helgi stýrir nefnd**

Forsætisráðherra hefur falið Gunnari Helga Kristinssyni, prófessor við HÍ, að stýra nefnd sem fjalla á um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um hrunið og gera tillögur til ráðherra um hugsanleg viðbrögð við henni.

# Bílalánin fjötra fólk sem flytur úr landi

**Fólk sem flyst úr landi getur ekki tekið bílinn með ef á honum hvíla lán. Það þarf að borga af honum hér heima eða rifta samningum. Dæmi er um að keyrt hafi verið á bíl á stæði og eigandi setið eftir með milljónaskuld en ónýtan bíl.**

**NEYTENDUR** Fólk sem flyst úr landi getur ekki tekið bílinn með sér hvíli á honum lán. Talsmaður neytenda talar um átthagafjötra. Viðkomandi þurfa annaðhvort að rifta samningi, með tilheyrandi afföllum, eða borga af bíl hérlendis sem þau geta ekki notað.

Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda, segist reglulega fá ábendingar vegna þessa. Bílalánafyrirtæki hafi stundum synjað sölu með tilheyrandi erfiðleikum. „Þau hafa þá bæði viljað halda kökunni og borða hana," segir Gísli.

Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri Félags íslenskra bifreiðaeigenda, segir þetta töluvert vandamál. Bíllinn sé fastur hér, enda skráður á lánafyrirtækin, og oft geti verið um töluverðar fjárhæðir að ræða. „Fólk þarf þá að sæta afarkostum á riftun samnings eða hafa bílinn hér og borga af honum."

Gísli og Runólfur eru sammála um að ekki sé nægilega komið til móts við fólk vegna bílalána. Gísli segir mikilvægt að leysa úr ágreiningi um lögmæti gengislána. Skjótari úrlausnir þurfi en héraðsdóm og best sé að skipa stjórnskipaðan og lögþvingaðan eða samningsbundinn gerðardóm.

„Ráðherra segir fólki hins vegar ítrekað að fara í héraðsdóm. Það er sérkennilegt að sömu stjórnvöld og vilja ekki beina Bretum og Hollendingum í héraðsdóm vísi einstaklingum þangað. Í báðum tilvikum er um réttarágreining að ræða. Hér eru þúsundir mála sem eru, ef ekki samkynja, þá keimlík og væri hægt að leysa úr hratt og öruggglega með gerðardómi."



**Á LEIÐ ÚR LANDI** Fjöldi bíla hefur verið fluttur úr landi eftir að bílalánafyrirtæki hafa tekið þá yfir vegna vanskila. Fólk sem flytur úr landi hefur lent í erfiðleikum skuldi það mikið af bílunum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**GÍSLI TRYGGVASON**



**RUNÓLFUR ÓLAFSSON**

Runólfur segir ófært að oftar en ekki hverfi eignarmyndun út í veður og vind. Hann nefnir nýlegt dæmi þar sem eigandi sat uppi með skuld en engan bíl.

„Bíllinn var verðmetinn á 1.800 þúsund, en lánið stóð í 3 milljónum. Keyrt var á bílinn á bílastæði og hann gjöreyðilagður. Eftir standa 1.200 þúsund krónur í eftirstöðvar, en enginn bíll."

Töluverð viðskipti voru í haust með notaða bíla, að sögn Runólfs, en frost sé á innflutningi nýrra bíla. Nú sé svo komið að nýlega notaða bíla skorti.

**kolbeinn@frettabladid.is**

Gústaf Bjarnason:

## Fann kipp í 300 km fjarlægð

**HAÍTÍ Gústaf Bjarnason, fyrrverandi landsliðsmaður í handknattleik, er í fríi í Dóminíska lýðveldinu, sem deilir eyjunni Hispaníóla með Haítí.**



**GÚSTAF BJARNASON**

**Hann sagðist hafa upplifað skjálftann sem kipp á stærð við fjölmarga slíka heima á Íslandi. Heima á hótelinu kom í ljós í sjónvarpsfréttum að um var að ræða risaskjálfta, sem olli gríðarlegri eyðileggingu í 300 km fjarlægð. Í ferðamannabænum Puerto Plata gengur lífið hins vegar sinn vanagang. „Þetta hefur ekki snert okkur á neinn hátt, nema það sem við höfum séð í fréttum," segir Gústaf.**

**- pg /** **sjá síðu 6 og 8**

Maður stunginn í Grafarholti:

## Par vill burt úr ofbeldisblokk

**LÖGREGLUMÁL** Tveir voru handteknir vegna hnífstungu í Þórðarsveig í Grafarholti í gær. Að því er kom fram á visir.is hlaut maður sem var stunginn sár á hendi og var það samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Kom fram að gert hafi verið að sárum mannsins á slysadeild.

Hefur visir.is eftir íbúa í húsinu þar sem árásin var gerð að honum og konu hans hafi verið brugðið vegna árásarinnar. Þau ætluðu að finna sér aðra íbúð. „Þetta er búið að fara versnandi í þessari blokk. Það er alltaf verra og verra fólk að flytja inn," hafði visir.is eftir manninum sem ekki vildi láta nafns síns getið. **- gar**


Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

Súr Hvalur

Hrogn, lifur og kúttmagi

Gellur og kinnar

nýjar og saltaðar

OPNUM KL 8.00

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755


Sakborningur í rannsókn sérstaks saksóknara segir upp sem sparisjóðsstjóri:

# Ragnar Z. hættur hjá Byr

**VIÐSKIPTI** Ragnar Z. Guðjónsson er hættur sem sparisjóðsstjóri Byrs og hefur Jón Finnbogason, forstöðumaður lögfræðisviðs sparisjóðsins, tekið við starfinu. Ragnar hefur verið í leyfi frá störfum frá því í nóvemberlok vegna rannsóknar sérstaks saksóknara á málefnum Byrs og eignarhaldsfélagsins Exeter Holding.

Í tilkynningu um málið frá Byr segir að Ragnar hafi sagt upp störfum og að stjórn bankans hafi ekki gert við hann sérstakan starfslokasamning.

Ragnar hefur stöðu sakbornings í rannsókn sérstaks saksóknara. Greint var frá því í fréttum Stöðvar 2 að hann hafi þurft að dúsa í fangaklefa yfir nótt eftir að hann var handtekinn í nóvember þegar húsleitir fóru fram vegna málsins.

Rannsóknin snýr að kaupum Exeter Holding á stofnfjárbréfum í Byr fyrir lán frá MP Banka. Bréfin höfðu meðal annars verið í eigu eignarhaldsfélags Ragnars, sem og stjórnarmanna í Byr, þeirra á meðal Jóns Þorsteins Jónssonar, fyrrverandi stjórnarformanns. Jón Þorsteinn gisti einnig fangaklefa eftir handtöku.

Hvorki náðist í Ragnar né Jón Finnbogason í gær. Stjórnarformaður bankans, Guðmundur Geir Gunnarsson, svaraði ekki heldur skilaboðum. **- sh**




**GISTU Í FANGAKLEFA** Stöð 2 sagði frá því í vikunni að Ragnar hefði þurft að gista í fangaklefa vegna rannsóknar sérstaks saksóknara. Vinstra megin á myndinni er Jón Þorsteinn Jónsson, sem einnig gisti í steininum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR


útsalan
heldur áfram
OPIÐ TIL
21:00
Skútuvogi
AÐEINS BROT AF ÚRVALINU!
30% AFSLÁTTUR
2.290
3.849
Kastari Colorado
Einfaldur, margir litir
6000682-686
AF ÖLLUM HEIMILISLJÓSUM
40% AFSLÁTTUR
11.750
19.590
Útiljós Durban 9W
6002052
AF ÖLLUM ÚTILJÓSUM
Electrolux
25% AFSLÁTTUR
13.490
17.990
Ryksuga
Ergo Space 1700W
1805280
AF ÖLLUM RYKSUGUM
20% AFSLÁTTUR
55.900
69.900
Ísskápur
142sm, orkunýting A
Kælirými 171 ltr
Frystirými 41 ltr
1805498
AF ÖLLUM HEIMILISTÆKJUM
20-70% AFSLÁTTUR
2.999
5.999
Matarstell, 20 stk
2009241
AF ÖLLUM BÚSÁHÖLDUM
INNI MÁLNING
10 ltr.
5.999
6.995
Húsasmiðjumálning
10 ltr
7119961
20% AFSLÁTTUR
7.499
14.999
Hitachi áltaska
Þrískipt, 45x25x72 sm
5247618
AF VERKFÆRABOXUM
20-55% AFSLÁTTUR
2.299kr/m²
2.890kr/m²
Pekín Marfil,
veggfl. 25x36,5 sm
8611010
AF VEGG- OG GÓLFFLÍSUM
damixa
9.990
15.395
Handlaugartæki
Damixa Space m/lyftitappa
8000800
LÍKAMSRÆKTARTÆKI Á FRÁBÆRU VERÐI
2.290
Æfingabolti
3899554
1.890
Æfingasett
3899537
7.490
Trampolin
96 sm
3900550
9.900
Trampolin
120 sm
3900569
69.900
Göngubretti
0-12 km/klst
3899532
Við berjum niður verðið!
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana
HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

## GENGIÐ 13.01.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 123,89 | 124,49 |
| Sterlingspund | 201,20 | 202,18 |
| Evra | 179,71 | 180,71 |
| Dönsk króna | 24,149 | 24,291 |
| Norsk króna | 21,951 | 22,081 |
| Sænsk króna | 17,594 | 17,698 |
| Japanskt jen | 1,3553 | 1,3633 |
| SDR | 195,02 | 196,18 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
233,5319

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Lítraverð á bensíni komið yfir 200 krónur í fyrsta sinn á Íslandi:

# Kuldinn í Evrópu hækkar bensínverð

**NEYTENDUR** Lítraverð á 95 oktana bensíni fór yfir 200 krónur með fullri þjónustu á stærri bensínstöðvum í fyrrakvöld þegar olíufélög hækkuðu verðið almennt um þrjár krónur. Hefur verðið aldrei áður verið eins hátt hérlendis.

Magnús Ásgeirsson, yfirmaður eldsneytisinnkaupa hjá N1, segir að rekja megi verðhækkunina rakleiðis til kuldakastsins í Evrópu upp á síðkastið.

„Allar spár síðasta hluta síðasta árs voru á þá leið að olíuverð yrði frekar flatt og stöðugt eitthvað fram eftir árinu. Það sem hins vegar setti strik í reikninginn, og leiddi til þessarar hækkunar, voru kuldarnir úti í Evrópu,“ segir Magnús.



**DÝRT BENSÍN** Lítrinn af 95 oktana bensíni með þjónustu hefur aldrei verið dýrari hérlendis. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Þá fer hráefnið bara nánast allt í að framleiða olíu sem er notuð til húshitunar vegna kuldans og verðið hækkar vegna þess.“

Og Magnús á frekar von á því að verðið lækki aftur þegar veðrinu slotar. „Það myndi þá gerast mjög hratt að því gefnu að krónan sé skikkanleg eins og hún hefur verið undanfarið.“

Þetta er þó ekki í fyrsta skipti sem lítraverð á eldsneyti fer yfir 200 krónur á Íslandi. Í októberbyrjun haustið 2008 fór lítraverð á dísilolíu í 204,6 krónur í tæpa viku vegna óróleikans á fjármálamörkuðum. Það lækkaði síðan aftur í kjölfar setningar neyðarlaganna 6. október. - sh

Fólk í greiðsluvanda:

# Getur leitað hjálpar rafrænt

**EFNAHAGSMÁL Íbúðalánasjóður tekur ekki lengur við skriflegum umsóknum viðskiptavina um aðstoð vegna greiðsluvanda. Þess í stað vísar sjóðurinn á rafrænt umsóknarferli til banka, sparisjóða og Ráðgjafarstofu um fjármála heimilanna.**

**Umsóknin er á vefslóðinni www.greidsluerfidleikar.is. „Þegar viðskiptavinur hefur lokið við að fylla inn viðeigandi upplýsingar er afgreiðslustaður valinn. Umsækjandi snýr sér svo til afgreiðslustofnunar til að skila inn fylgigögnum, en ekki er hægt að afgreiða umsókn fyrr en þau hafa borist,“ segir í tilkynningunni.** - óká

Sendinefnd AGS komin á ról:

# Grikkland fast í skuldafeni

**EFNAHAGSMÁL** Fimm manna sendinefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, AGS, kom til Grikklands í gær og mun dvelja þar í viku við að stýra landinu út úr efnahagskreppu.

Grísk stjórnvöld segja sendinefndina skoða marga þætti í efnahagsmálum þjóðarinnar, svo sem umbætur á lífeyrissjóðakerfinu og á skattkerfinu. Ekki verði farið fram á lánveitingu frá sjóðnum.

Evrópusambandið lýsti yfir áhyggjum af stöðu efnahagsmála í Grikklandi í kringum áramótin en skuldir hins opinbera námu 113 prósentum af landsframleiðslu auk þess sem halli á fjárlögum jókst um tæp þrettán prósent, sem er tíu prósentustigum yfir þaki evruríkjanna. - jab

Hættuleg líkamsárás:

# Stakk mann með hnífi í háls

**DÓMSMÁL Ríkissaksóknari hefur ákært karlmann á fertugsaldri fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás, þegar hann stakk annan mann með hnífi í hálsinn.**

**Árásin átti sér stað í Hafnarstræti í júlí síðastliðinn. Fórnarlambið hlaut fimm sentimetra djúpt stungusár á hálsinn. Sá sem fyrir hnífsstungunni varð krefst miskabóta og greiðslu lögmanns-, læknis- og lyfjakostnaðar samtals að upphæð tæplega 840 þúsund krónur.** - jss

## SAMGÖNGUR

### Ný skoðunarstöð

Kristján L. Möller samgönguráðherra opnaði í gær formlega sjöundu bílaskoðunarstöð fyrirtækisins Frumherja á höfuðborgarsvæðinu. Nýja stöðin er við Hólmaslóð vestur á Granda.

# Bolungarvík að ná vopnum sínum á ný

**Farið hefur verið í víðtækar hagræðingaraðgerðir í Bolungarvík í samstarfi við eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga. Á sama tíma hafa tekjur sveitarfélagsins stóraukist. Bæjarstjóri sér þess merki að íbúum sé að fjölga.**

**BOLUNGARVÍK** Útsvarstekjur Bolungarvíkurkaupstaðar voru tæplega fjörutíu prósentum hærri árið 2009 en árið á undan. Þetta er stórt skref í viðsnúningi í fjármálum sveitarfélagsins, segir Elías Jónatansson bæjarstjóri. Á móti kemur að framlög Jöfnunarsjóðs lækkuðu um mikið á sama tíma og því nauðsynlegt að fara jafnframt í hagræðingu og sparnaðaraðgerðir.

„Við höfum tekið hraustlega á okkar málum, má segja. Við fórum í samstarf við eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga sem gerði mjög stífar kröfur um viðsnúninginn. Þeir fóru beinlínis fram á að endurskipulagningunni væri lokið árið 2010“, segir Elías. „Þess vegna varð ekki umflúið að skera niður og hækka útsvarið um tíu prósent.“

Elías segir að þjónustugjöld hafi verið hækkuð en sárast hafi verið að þurfa að fækka stöðugildum um tólf. Fyrir lítið sveitarfélag er það þungt högg enda um fimmtán prósent fækkun starfa að ræða. „Það má reyndar segja að við höfum skorið þar sem eitthvað var yfirleitt að hafa.“ Elías segir samstarfið við eftirlitsnefndina hafa gengið vel og í gildi sé samningur til ársins 2011. Reiknað er með að skatttekjur séu þær sömu árið 2010 og þær voru 2008.

Hagræðing í skólarekstri hefur verið mikið í umræðunni um hagræðingu innan sveitarfélaganna en ráðgjafar Bolungarvíkur komust að þeirri niðurstöðu að samrekstur grunnskóla, leikskóla og tónlistarskóla staðarins myndi ekki svara kostnaði þegar haft væri í huga það rask sem slíkri aðgerð fylgir. „Eins hangir mun fleira á spýtunni. Það eru ekki allir sammála því að það eigi að sameina. Sameining getur valdið erfiðleikum í stjórnun og aðstæður komið upp sem við viljum forðast. Á þessum tímapunkti viljum við einfalda málin og ná um þau víðtækri sátt.“



**BOLUNGARVÍK** Bolvíkingar voru um þrettán hundruð þegar mest var en eru um 900 í dag. MYND/ELÍAS JÓNATANSSON

Útsvarstekjur á Vestfjörðum hækkuðu um 15,1 prósent á milli áranna 2008 og 2009. Útsvarstekjur í Bolungarvík hækkuðu um tæp fjörutíu prósent. Þrennt kemur til: Sjávarútvegurinn skilar meiru, framkvæmdir við jarðgöng og flóðagarða auk fyrrnefndrar hækkunar útsvars.

Bolungarvík, hefur að sögn Elíasar, náð vopnum sínum á ný í sjávarútvegi en afli sem landað var á staðnum árið 2009 var fimmtán prósentum meiri en árið á undan. Eins er horft til ferðaþjónustunnar eftir víðtækar samgöngubætur sem hafa komið Bolvíkingum til góða.

svavar@frettabladid.is



**FORSTJÓRI ÖSSURAR** Gengi hlutabréfa Össurar hefur aldrei verið hærra en nú. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hlutabréf Össurar ruku upp:

# Sala vestanhafs yfir væntingum

**VIÐSKIPTI** Gengi hlutabréfa stoðtækjafyrirtækisins Össurar rauk upp um 7,69 prósent í kauphöllinni í Kaupmannahöfn í Danmörku í gær og endaði í sjö dönskum krónum á hlut. Þetta jafngildir rétt rúmum 170 íslenskum krónum á hlut. Gengið hækkaði hér um 3,4 prósent og endaði í 166,5 krónum.

Telja má líklegt að hagstæður sölusamningur Össurar í Bandaríkjunum á fjórða ársfjórðungi skýri hækkunina að mestu leyti enda gæti hún verið yfir væntingum.

Gengi hlutabréfa Össurar hefur aldrei verið hærra, hvorki hér né í Kaupmannahöfn. Skráning hlutabréfa Össurar ytra í september í fyrra voru valin viðskipti ársins í áramótaútgáfu Markaðsins. - jab

## BANDARÍKIN

### Obama biður um meira fé

Barack Obama Bandaríkjaforseti fer fram á viðbótarfjárveitingu frá Bandaríkjaþingi til stríðsrekstrar í Afganistan upp á 33 milljarða dala fyrir þetta ár, í viðbót við þá 708 milljarða dala sem hann hefur þegar beðið um fyrir næsta ár.




## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir**
Veðurfréttamaður

**VÍÐA FROSTLAUST**
Það verður áfram fremur milt á landinu í dag, víðast frostlaust og allt að 9 stiga hiti sunnanlands. Hitinn verður svipaður á morgun en horfur eru á að það fari kólnandi á ný eftir því sem líður á helgina.



**Á MORGUN**
5-10 m/s, stífari við S-ströndina.

**LAUGARDAGUR**
Útlit fyrir fremur hæga S-átt.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 17° |
| Basel | 5° |
| Berlín | -3° |
| Billund | 0° |
| Eindhoven | 2° |
| Frankfurt | 2° |
| Friedrichshafen | 3° |
| Gautaborg | -1° |
| Kaupmannahöfn | -1° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 4° |
| Mallorca | 16° |
| New York | 6° |
| Orlando | 21° |
| Ósló | -4° |
| París | 3° |
| San Francisco | 15° |
| Stokkhólmur | -2° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 09-1784




islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000

Íslandsbanki

**KJÖRKASSINN**



*Borgar þú öðrum fyrir að farga þínu jólatré?*

| | |
|---|---|
| Já | 3,3% |
| Nei | 96,7% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Keyptir þú raftæki í desember?*

Segðu þína skoðun á visir.is. vísir

## Hamfarir á Haítí

### OPNAÐ FYRIR SÍMASÖFNUN

Rauði kross Íslands hóf í gær símasöfnun vegna jarðskjálftanna. Opnað var fyrir símanúmerið 904-1500 en þegar hringt er í númerið dragast 1.500 krónur frá næsta símreikningi.

Í tilkynningu frá Rauða krossinum kemur fram að sjálfboðaliðar hafi unnið sleitulaust að björgun og við umönnun slasaðra á hamfarasvæðinu frá því í gær.

Rauði krosinn á Haítí hefur áralanga reynslu af neyðarviðbrögðum enda hafa fellibyljir valdið miklum usla á eyjunni undanfarinn áratug.

**- óká**



**EFTIR JARÐSKJÁLFTANN** Götur höfuðborgarinnar Port-au-Prince voru ekki auðveldar yfirferðar í gær. NORDICPHOTOS/AFP

# Ringulreið og óvissa eftir öflugan skjálfta

**Jarðskjálftinn á Haítí er sá harðasti þar í meira en 200 ár. Þriðjungur íbúa landsins talinn þurfa neyðarhjálp. Helstu byggingar höfuðborgarinnar Port-au-Prince eyðilögðust, þar á meðal skólar, sjúkrahús og aðalfangelsi borgarinnar.**

**HAÍTÍ, AP** Enginn veit hve margir fórust þegar harður jarðskjálfti reið yfir Haítí í fyrrakvöld.

Jean-Max Bellerive forsætisráðherra sagðist óttast að fjöldi látinna skipti hundruðum þúsunda og þingmaðurinn Youri Latortue talaði um hálfa milljón, en viðurkenndi jafnframt að það væri hrein ágiskun.

Staðfest er að hinir látnu skipta að minnsta kosti þúsundum, en fullvíst þótti jafnframt að sú tala myndi hækka verulega.

Í höfuðborginni Port-au-Prince mátti sjá lík hvarvetna. Víða var þeim raðað upp og við skólabyggingar voru lík ungra barna í hrúgum.

Jarðskjálfti, sem mældist 7,0 stig, reið yfir stuttu fyrir klukkan tíu í fyrrakvöld að íslenskum tíma. Upptök skjálftans voru 15 km suðvestur af höfuðborginni á 10 km dýpi. Eftirskjálftarnir skiptu tugum og mældust tólf þeirra á bilinu 5,0 til 5,9.

Skjálftinn er sá stærsti sem orðið hefur á Haítí í meira en tvær aldir. Eyðileggingin var gríðarleg. Meðal annars eyðilagðist forsetahöllin, dómkirkja borgarinnar, sjúkrahús, skólar, aðalfangelsið og fjöldi íbúðarhúsa.

„Þingið er hrunið. Skattstofan er hrunin. Skólar hafa hrunið. Sjúkrahús hafa hrunið,“ sagði Réné Préval forseti. „Í mörgum skólanna eru margir látnir.“

Fréttir bárust af því að fjöldi fanga hafi sloppið þegar aðalfangelsi höfuðborgarinnar eyðilagðist. Yfirmaður friðargæsluliðs Sameinuðu þjóðanna í Haítí er látinn og kaþólski erkibiskupinn í Port-au-Prince sömuleiðis.

„Dómkirkjan, skrifstofur erkibiskups, allar stóru kirkjurnar og skólarnir eru rústir einar,“ sagði Bernardito Auza erkibiskup, sendifulltrúi Páfagarðs á Haítí.

Alþjóða rauði krossinn sagði allar líkur á því að þriðjungur íbúa landsins þyrfti á neyðarhjálp að halda. Hins vegar myndi það ekki skýrast almennilega fyrr en í dag eða á morgun.

Haítí er eitt fátækasta ríki veraldar og mátti engan veginn við því að verða fyrir hörmungum af þessu tagi ofan á erfitt ástandið. Einræðisstjórnir og byltingar undanfarinna áratuga hafa farið illa með þjóðina, svo grunnþjónusta er nánast engin. Samgöngur eru erfiðar og fátt í þjóðfélaginu almennt sem virkar.

**gudsteinn@frettabladid.is**



**FORSETAHÖLLIN ÓNÝT** Flestar helstu byggingar höfuðborgarinnar voru rústir einar eftir hamfarirnar á þriðjudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

### EITT FÁTÆKASTA RÍKI HEIMS

**Íbúar:** Um 9 milljónir
**Höfuðborg:** Port-au-Prince
**Forseti:** René Préval
**Forsætisráðherra:** Jean-Max Bellerive
**Sjálfstæði:** 1804, áður frönsk nýlenda
**Tungumál:** Blendingsmál og franska, bæði opinber
**Þjóðartekjur á mann:** Um 100 þúsund krónur á ári

Íslenskur guðfræðinemi gisti á hóteli sem skemmdist í skjálftanum á Haítí:

# „Þar sem einu sinni var fínt hótel …“

„Hann lét strax vita. Áður en við vissum af skjálftanum hringdi hann í konuna sína í Bandaríkjunum,“ sagði Alfa Ragnarsdóttir, móðir Halldórs Elíasar Guðmundssonar, sem var á Haítí þegar stóri skjálftinn reið yfir.

Halldór er í guðfræðinámi í Ohio í Bandaríkjunum. Hann fór þaðan á mánudag í vikuferð með fjórtán manna hópi í námsferð að kynna sér hjálparstarf sem bandarísk kirkja í Colorado rekur meðal fátækra barna og einstæðra mæðra á Haítí. Hann lét vita af sér strax eftir skjálftann í fyrrakvöld og sagðist óhultur en að hótelið í Jacmel, um þrjátíu kílómetra suður af höfuðborginni Port-au-Prince, væri stórskemmt.

Um miðnætti í fyrrakvöld, rúmum tveimur tímum eftir skjálftann, lét Halldór Elías vita af sér á samskiptavefnum Twitter. Hann sagðist þá sitja undir tré í garði „þar sem einu sinni var fínt hótel í Jacmel“.



**HALLDÓR ELÍAS GUÐMUNDSSON** Lét konu sína vita af sér strax eftir skjálftann en síðan hefur ekkert til hans spurst. MYND/ÚR EINKASAFNI

Jenný Brynjarsdóttir, kona Halldórs, sagðist hafa fengið tölvupóst frá skipuleggjendum ferðarinnar snemma í gær um að allir úr hópnum væru heilir á húfi. „Ástandið á hótelinu var betra en fyrst var talið og mér skilst þau hafi gist þar í nótt [í fyrrinótt],“ sagði Jenný í gærkvöld. Hún sagði þá að ekkert hefði heyrst til hópsins síðan og ekki heyrðist meira frá Halldóri áður en blaðið fór í prentun í gærkvöld.

Jenný sagði að hún ætti von á fólkinu heim til Bandaríkjanna en það gæti tekið tíma.

**- pg**


NICOTINELL
getur hjálpað þér að hætta að reykja
…með ávaxtabragði!



Nicotinell er samstarfsaðili Krabbameinsfélagsins
Nicotinell

Nicotinell nikótínlyf fást án lyfseðils og eru notuð sem hjálparefni til þess að hætta eða draga úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávalt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðlinum með lyfinu. Skammtar af Nicotinell lyfjatyggigúmmíi mega aldrei vera stærri en 25 stykki á dag. Þeir sem hafa fengið ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, fengið hjartaáfall nýlega, óstöðuga eða versnandi hjartaöng, að meðtöldu Prinzmetal afbrigði hjartaangar, alvarlega hjartsláttaróreglu eða heilablóðfall nýlega, eiga ekki að nota Nicotinell nikótínlyf. Sjúklingar með háþrýsting sem ekki hefur náðst stjórn á, stöðuga hjartaöng, sjúkdóm í heilaæðum, teppusjúkdóm í útlægum slagæðum, hjartabilun, sykursýki, ofstarfsemi skjaldkirtils eða krómfíklaæxli, auk alvarlega skertrar nýrna- og/eða lifrarstarfsem skulu gæta varúðar við notkun á Nicotinell. Börn undir 15 ára aldri, þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu ekki nota lyfið nema að læknisráði. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhraun 12a, 210 Garðabæ.





LGG+ STYRKIR VARNIR LÍKAMANS

Fjöldi klínískra rannsókna hefur sýnt fram á virkni LGG+ gerla. Þeir hafa margvísleg jákvæð áhrif á varnir líkamans og hafa m.a. jákvæð áhrif á meltingarveginn og styrkja ónæmiskerfið.

www.ms.is/lgg

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 09-0984



Útsalan heldur áfram

50% afsláttur



POLARN O. PYRET

Kringlunni • Sími 568 1822 og Smáralind • sími 564 1822

www.polarnopyret.is


Egils Kristall 2L
195kr
1/2 Lambaskrokkur
haustslátrun 2009
755kr/kg
35% afsl
ARO ofnfranskar
1 kg 479kr
Móar bringur og heill kjúklingur -35% afsl.
KOSTUR nautahakk
799kr/kg
Kelloggs All Bran
500 gr 425kr
Smoothie frostnir
ávextir 2 teg.
499kr
Kostur Heilhveitibrauð
770 gr 175kr
Nissin Núðlur
í dós 49kr
Best Yet maukaðir og
skornir tómatar 95kr
Aro Wc pappír
399kr
Purex þvottaduft
2,18 kg 669kr
Purex fljótandi
þvottaefni 559kr
Purex fljótandi
þvottaefni Baby
499kr
Don Simon hreinn
ávaxtasafi m/og
án kjöts 1L 239kr
kostur
Spörum og njótum lífsins
Dalvegi 10-14 | 201 Kópavogur | Sími 560 2500 | www.kostur.is

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Dorrit Moussaieff forsetafrú átti afmæli í gær. Hvað er hún gömul?*
2. *Hvaða íslenska útgáfufyrirtæki hefur gert dreifingarsamning við þýska fyrirtækið Kompakt Records?*
3. *Hvaða þjóð mætti íslenska handboltalandsliðinu í Laugardalshöll í gærkvöldi?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 42

## Hamfarir á Haítí

Elda Þórisson Faurelien, sem rekur Café D´Haítí við Tryggvagötu, á bróður, frændfólk og vini í Port-au-Prince:

# Bíður milli vonar og ótta eftir fréttum

Elda Þórisson Faurelien talaði í síma við frænda sinn í Port-au-Prince klukkustund áður en jarðskjálftinn reið yfir í fyrrakvöld. Síðan hefur hún ekki heyrt af afdrifum hans, annars skyldfólks – þar á meðal bróður og fjölskyldu hans – né vina í borginni. Sama á við um starfsfólk og nemendur barnaskóla sem Elda stofnaði ásamt fleirum fyrir nokkrum árum. Látlausar tilraunir hennar í gær til að fá fréttir af sínu fólki báru ekki árangur.

Elda á og rekur kaffihúsið Café D´Haítí við Tryggvagötu í Reykjavík ásamt eiginmanni sínum, Methúsalem Þórissyni. Þau kynntust þegar hann var við störf á Haítí og fluttust til Íslands fyrir tæpum fjórum árum.

Þau segja landið einkar illa í stakk búið til að takast á við náttúruhamfarir á borð við þessar. Allir innviðir séu veikir; stjórnsýsla, heilbrigðiskerfi, samgöngu- og fjarskiptakerfi.

Tvær aldir eru síðan landið varð síðast illa úti af völdum jarðskjálfta en sterkir fellilbyljir ríða þar jafnan yfir á haustin. Oft verður mannfall af þeirra völdum, stundum mikið.

Á Café D´Haítí selja Elda og Methúsalem kaffi sem ræktað er á Haítí. Þau skipta við bændur í landinu og eiga við þá svonefnd sanngjörn viðskipti (fair trade). Þau langaði að gera eitthvað sem bæði þau sjálf og Haítí gætu haft hag af.

Fjöldi fólks lagði leið sína á Café D´Haítí í gær. Vildi það spyrja Eldu frétta, sýna henni stuðning og jafnvel gefa peninga sem komið gætu að notum ytra. **- bþs**



**BÍÐUR FRÉTTA** Elda hefur ekki heyrt frá fólkinu sínu í Port-au-Prince. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


## Sorg í kjölfar sjálfsvígs

• Fræðslufundur á vegum Nýrrar dögunar, samtaka um sorg og sorgarviðbrögð.

Sorg eftir sjálfsvíg er umfjöllunarefni sr. Svavars Stefánssonar á samveru Nýrrar dögunar, samtaka um sorg og sorgarviðbrögð í kvöld 14. janúar kl. 20. Samveran er í Fella- og Hólakirkju í Breiðholti og er öllum opin.

Þar verður einnig skráð í hópstarf fyrir þá sem hafa misst vegna sjálfsvígs en sr. Svavar mun taka að sér að stýra hópnum.




NÝ DÖGUN
*Samtök um sorg og sorgarviðbrögð*


# Íslendingarnir komu til Haítí í gærkvöldi

**Þrjátíu og fimm björgunarsveitamenn flugu frá Íslandi í gærmorgun og voru lentir á Haítí innan við sólarhring eftir stóra skjálftann á þriðjudagskvöld. Íslenska björgunarsveitin var með þeim fyrstu á vettvang hamfaranna miklu.**

**HAÍTÍ** Íslenska rústabjörgunarsveitin kom til hjálparstarfa á Haítí um klukkan níu í gærkvöld að íslenskum tíma eftir tíu tíma ferðalag frá Íslandi. Millilent var í Boston í Bandaríkjunum til eldsneytistöku.

Íslenska sveitin var með fyrstu alþjóðlegu hjálparsveitum sem komu til Haítí, tæpum sólarhring eftir jarðskjálftana í nágrenni höfuðborgarinnar Port-au-Prince. Sveitin hefur meðferðis um þrjú tonn af vatni, tjaldbúðir fyrir sveitina, fullkominn fjarskiptabúnað og vatnshreinsibúnað. „Hægt er að halda sveitinni úti án utanaðkomandi aðstoðar í allt að sjö daga," segir í tilkynningu Landsbjargar.

Samkvæmt upplýsingum utanríkisráðuneytisins síðdegis í gær var þá óljóst hvort flugvöllurinn í Port-au-Prince yrði opinn þegar Íslendingarnar kæmu. Ef völlurinn hefði lokaðist var gert ráð fyrir að lenda í Dóminíska lýðveldinu sem er í um 400 til 500 kílómetra fjarlægð frá skjálftasvæðinu.

Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra tók í fyrrinótt ákvörðun um að senda sveitina af stað og heimsótti hana í björgunarmiðstöðina í Skógarhlíð þar sem ferðin var undirbúin. „Utanríkisþjónustan hefur verið í sambandi við stjórnvöld Haítís sem hafa þakkað fyrir stuðninginn og skjót viðbrögð frá Íslandi. Eins hefur ráðuneytið verið í sambandi við fólk sem þekkir til staðhátta á Haítí. Borgaraþjónusta utanríkisráðuneytisins kannar nú hvort Íslendingar séu á svæðinu og reynir að ná sambandi við þá," sagði í tilkynningu ráðuneytisins.

Kristinn Ólafsson, framkvæmdastjóri Slysavarnafélagsins Landsbjargar, fór með utan með rústabjörgunarsveitinni. Hann sagði ráð fyrir því gert að eftir lendingu gengi sveitin frá búnaði sínum og undirbyggi aðgerðir. Björgunarstörf yrðu hafin strax morguninn eftir. Í íslensku björgunarsveitinni eru 35 menn. Með í för út eru einnig fulltrúar utanríkisráðuneytisins. Flogið var út í þotu Icelandair sem var til reiðu á Keflavíkurflugvelli.

**olikr@frettabladid.is**



**BJÖRGUNARSVEITARLIÐAR FERÐBÚAST** Hér sést rústabjörgunarsveit Landsbjargar búast til farar til Haítí eldsnemma í gærmorgun. Sveitin hélt af stað um klukkan ellefu, en kvöldið áður riðu öflugir jarðskjálftar fyrir í nágrenni Port-au-Prince. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




**LENT Á HAÍTÍ** Íslensku björgunarsveitarmennirnir höfðu hraðar hendur við að koma búnaði sínum inn til borgarinnar. Fyrsta verk sveitarinnar var að koma upp búðum á öruggum stað. MYND/LANDSBJÖRG


ÍSTEX®
ÍSLENSKUR TEXTÍLIÐNAÐUR HF.

## Aðalfundur ÍSTEX hf.

verður haldinn föstudaginn 22. janúar 2010, kl. 16:00
í húsnæði félagsins í Mosfellsbæ.

**Dagskrá.**

1. Almenn aðalfundarstörf samkvæmt 15. grein samþykkta félagsins.
2. Heimild aðalfundar til handa félagsstjórn til kaupa á eigin hlutabréfum.
3. Önnur mál, löglega upp borin.

Ársreikningur félagsins mun liggja frammi á skrifstofunni í Mosfellsbæ viku fyrir aðalfund hluthöfum til sýnis.

Aðgöngumiðar og fundargögn verða afhent á skrifstofu félagsins að Völuteig 6 í Mosfellsbæ, á fundardag.

Mosfellsbæ 14. janúar 2010
**Stjórn ÍSTEX hf.**

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

# Greiðendur fasteignagjalda athugið!

Greiðsluseðlar vegna fasteignagjalda verða ekki sendir út til greiðenda, 18-67 ára. Fasteignagjöldin verða framvegis innheimt í heimabönkum, en jafnframt er bent á beingreiðslur hjá öllum bankastofnunum eða boðgreiðslur af greiðslukortum.




**Á vef Reykjavíkurborgar geta fasteignaeigendur:** Skoðað álagningarseðil fasteignagjalda fyrir árið 2010 (eftir 25. jan. nk.) og alla breytingaseðla þar á eftir • afpantað álagningarseðla og breytingaseðla í pósti • skráð sig í boðgreiðslu fasteignagjalda • valið einn eða níu gjalddaga fasteignagjalda til 20. janúar 2010 • gefið upp reikningsnúmer ef til endurgreiðslu kemur • óskað eftir að fá senda greiðsluseðla fyrir fasteignagjöldum.

**Nánari upplýsingar og aðstoð má fá með því að senda fyrirspurn á netfangið fasteignagjold@reykjavik.is eða í síma 411 1111.**

Reykjavíkurborg
www.reykjavik.is



SIGUR
VINNST HÉR
H:N markaðssamskipti / SÍA
Fyrsti sigurinn er sigur hugans - ég vil og ég get
Síðan skref fyrir skref, hver áfangi er mikill sigur.
Þannig vinnum við – byggjum upp fólk eins og þig
með endurhæfingu á Reykjalundi – fyrir lífsins smáu og stóru sigra.
40 um milljónir í hverjum mánuði 2010
Drögum í dag
Hugurinn er sigurafl – taktu ákvörðun tryggðu þér sigurmiða
í síma 552 2150 eða á sibs.is
HAPPDRÆTTI SÍBS
MasterCard
VISA
32.531 vinningar verða dregnir út á árinu. Miðaverð óbreytt 1.000 kr.
... fyrir lífið sjálft

# Vöndum endurskoðun á stjórnarskránni

Innanríkisnefnd Sjálfstæðisflokksins heldur opinn fund um endurskoðun stjórnarskrárinnar í Valhöll í dag, 14. janúar kl. 12.

Frummælendur verða Ragnhildur Helgadóttir, prófessor við lagadeild HR, og Birgir Ármannsson, alþingismaður og fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í síðustu stjórnarskrárnefnd. Umræður og fyrirspurnir að framsögum loknum.

Fundarstjóri verður Sturla Böðvarsson, fyrrverandi forseti Alþingis.

Boðið verður upp á súpu á vægu verði.

**Allir velkomnir!**

XD










Húsfélagaþjónusta

Þú *sparar* þér tíma og *fyrirhöfn*

- Ekkert mánaðargjald
- Einföld innheimta
- Öflugur netbanki
- Fullkomið rekstraryfirlit
- Félagatal og greiðslustaða
- Þinn þjónusturáðgjafi

Nánar á arionbanki.is/husfelag

Komdu í viðskipti með húsfélagið þitt. Sendu fyrirspurn á husfelag@arionbanki.is – hringdu í síma 444 7000 eða komdu við í næsta útibúi. Starfsfólk bankans tekur vel á móti þér og veitir allar nánari upplýsingar.

Arion banki


Þórólfur Matthíasson ósammála Ragnari Árnasyni um rekstur velferðarkerfisins:

# Erum enn meðal ríkustu þjóða

**EFNAHAGSMÁL** „Við erum enn meðal ríkustu þjóða í heimi,“ segir Þórólfur Matthíasson, prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands.

Hann segir ekki nýtt að því sé haldið fram í kreppum að norræn þjóðfélög hafi ekki efni á að reka velferðarkerfi í fremstu röð, eins og haft var eftir Ragnari Árnasyni, prófessor í hagfræði við HÍ, í Fréttablaðinu í gær.

„Menn hafa verið undarlega uppfinningasamir við að láta þessi kerfi ganga,“ segir Þórólfur um reynslu Norðurlandanna af því að skera niður sín velferðarkerfi í kreppum.

Hann segist sammála Ragnari um að opinberi geirinn á Íslandi sé orðinn allt of stór. Skera þurfi af honum fitu. Því miður hafi menn heykst að miklu leyti á því verkefni á síðasta ári. Farið hafi verið í flatan niðurskurð opinbera geirans í stað þess að spara í landbúnaðarkerfinu og óþarfa opinberum rekstri eins og því að halda úti 5-6 milljarða króna strandgæsluskipi. „Við eigum að reyna að halda uppi stöðlum á menntasviðinu og heilbrigðissviðinu og gefa því forgang.“ Takist að halda við vinnuhvatningu í velferðarkerfinu eigi að vera hægt að viðhalda því í gegnum kreppuna. **- pg**



**ÞÓRÓLFUR MATTHÍASSON** Segir ekkert nýtt að því sé haldið fram í kreppum að norræn þjóðfélög hafi ekki efni á að reka velferðarkerfi í fremstu röð. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



**FJÖLSÓTT** Mikill fjöldi sótti málstofu um þjóðaratkvæðagreiðslur í Háskóla Íslands í gær. Færa þurfti fundinn í stærri sal og var þó hvert sæti skipað. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Löngu tímabært að breyta stjórnarskrá

**Ekki er ásættanlegt að valdið til að skjóta lögum til þjóðaratkvæðagreiðslu liggi hjá einum manni, segir forseti lagadeildar HÍ. Breyta þarf stjórnarskránni sem fyrst og endurskoða ákvæði um þjóðaratkvæði, segir lagaprófessor við HÍ.**

**STJÓRNSÝSLA** Ekki er lengur ásættanlegt að vald til þess að skjóta lögum sem samþykkt hafa verið á Alþingi til þjóðaratkvæðagreiðslu liggi á herðum eins manns, þótt þjóðkjörinn sé, sagði Björg Thorarensen, forseti lagadeildar Háskóla Íslands, á málstofu um þjóðaratkvæðagreiðslur í gær.

Björg sagði löngu tímabært að breyta stjórnarskránni. Í dag hvíli valdið á herðum forseta Íslands, og hljóti að teljast virkt eftir að forsetinn hafði nú í tvígang neitað að staðfesta lög. Valdið sé raunar án efnislegra takmarkana.

„Það er bæði vaxandi og eðlileg krafa í lýðræðisþjóðfélagi að þjóðinni sé í auknum mæli falið vald til að ákveða hvernig hún vill haga tilteknum mikilvægum málum,“ segir Björg.

„Ég tel að þjóðin eigi einfaldlega heimtingu á því að þjóðkjörnir fulltrúar hennar hefji umræður um heimildir til þjóðaratkvæðagreiðslu upp úr dægurþrasi stjórnmálanna og bregðist við með þeim hætti sem þeim er skylt í þágu umbjóðenda sinna,“ sagði Björg.

Eiríkur Tómasson, lagaprófessor við Háskóla Íslands, sagði að sá möguleiki að hægt sé að skjóta mikilvægum málum til þjóðarinnar verði til þess að stjórnvöld leiti í meira mæli þverpólitísks stuðnings við sín mál.

Danmörk er gott dæmi um þetta, en þar getur þriðjungur þingmanna krafist þess að lög fari í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þetta úrræði hefur aðeins einu sinni verið notað frá því það komst í lög árið 1953, sagði Eiríkur.

Vitundin um að þriðjungur þingmanna geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu um viss mál hefur orðið til þess að viðhorf danskra stjórnmálamanna eru allt önnur en íslenskra, sagði Eiríkur. Þar tíðkist að reyna að ná samstöðu um mál í stað átakastjórnmála, sem Íslendingar verði ítrekað vitni að.

Hann tók undir með Björgu um mikilvægi þess að stjórnarskránni verði breytt, sér í lagi ákvæðum um þjóðaratkvæði. Til dæmis ætti að setja inn ákvæði um að þjóðin fái sjálf að kjósa um breytingar á stjórnarskránni.

Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, sagðist í erindi sínu í gær ekki telja að stjórnmálaflokkar í minnihluta myndu misbeita valdi sínu til að kalla fram þjóðaratkvæðagreiðslur, yrði ákvæði hliðstætt því danska sett í íslenska stjórnarskrána.

Það myndi hafa veruleg áhrif á trúverðugleika og vinsældir flokks að senda hvert málið á fætur öðru í þjóðaratkvæðagreiðslu, yrði niðurstaðan ítrekað stjórnvöldum í vil. Slíkt myndi hafa bein áhrif á gengi flokksins í kosningum.

brjann@frettabladid.is

Dæmi um að reynt sé að stela úr söfnun sem merkt er Mæðrastyrksnefnd:

# Þjóðarskútan er farin í slipp

**FÉLAGSMÁL** Safnbaukurinn þjóðarskútan sem Víkurvagnar smíðuðu fyrir og gáfu Mæðrastyrksnefnd er komin í slipp hjá Víkurvögnum, að sögn Jóhannesar Valgeirs Reynissonar, starfsmanns Víkurvagna.

Hann segir að þótt „skútan“ sé rammgerð hafi nýverið komið upp tilvik þar sem hún hafi verið skemmd og jafnvel reynt að stela úr henni peningum sem safnast hafi með sérútbúnum krækjum.

„Manni finnst þetta alveg síðasta sort, enda er Þjóðarskútan merkt Mæðrastyrksnefnd í bak og fyrir,“ segir Jóhannes.

Þjóðarskútan hefur staðið frammi í Smáralind og í verslunum Krónunnar og segir Jóhannes að henni verði komið aftur til starfa að viðgerð lokinni.

Skútan, sem afhent var Mæðrastyrksnefnd í desember 2008, er smíðuð úr járngrind og öryggisgleri þannig að það sést hversu mikið hefur í hana safnast.

Jóhannes segir að vel hafi gengið að safna í skútuna. Ef til vill sé þó einhver birtingarmynd þróunarinnar á ástandinu í samfélaginu að fyrst í stað hafi gjarnan verið settir seðlar, fimm þúsund og þúsund kallar, í hana en núna sé það „langmest klink“ sem fólk lætur af hendi rakna. **- óká**



**FRÁ SMÍÐI SKÚTUNNAR** Í nóvember 2008 var gestum og gangandi boðið að taka þátt í að sjóða saman „Þjóðarskútuna“, risastóran söfnunarbauk Mæðrastyrksnefndar.

PIPAR\TBWA • SÍA • 100127

# FYRSTI ÚTDRÁTTUR ÁRSINS ER Á MORGUN, 15. JANÚAR. ÁTTU MIÐA?

- Við drögum út **milljónir tvisvar í mánuði**.
- **12 x** meiri möguleikar á **75 milljónum** í lok árs ef þú byrjar strax!*
- Tryggðu þér miða á **www.hhi.is**, í síma **800 6611** eða hjá næsta umboðsmanni.







* Þú getur alltaf keypt miða til að vera með í næsta útdrætti. Ef þú vilt hins vegar tólffalda möguleikann á 75 milljóna króna vinningi í lok desember 2010, borgar sig að byrja strax. Þá verður hver miði jafnoft í pottinum og greitt hefur verið af honum á árinu, mest 12 sinnum. Skilyrði er þó að greitt sé af miðanum í desember.



**SNÆVI ÞAKINN LENÍN** Stytta af Vladimír Lenín í Pétursborg fékk á sig nýjan svip eftir að snjóað hafði allhressilega í borginni. NORDICPHOTOS/AFP

Ný skýrsla Orkustofnunar um viðnámsmælingar á háhitasvæðum:

# Nýting til 100 til 300 ára

**ORKUMÁL** Við mat á sjálfbærri nýtingu jarðhitasvæða er gengið út frá nýtingu til 100 til 300 ára.

„Sjálfbær nýting gæti einnig falist í að nýta kerfin til skiptis til 50 ára og hvíla þau síðan meðan önnur eru tekin í notkun,“ segir í nýrri skýrslu Orkustofnunar um stærð og vinnslugetu háhitasvæða á landinu.

Nýjar mælingar, sem birtar eru í þeirri skýrslu, gefa til kynna að hámarksafköst jarðhitasvæðisins á Reykjanesi sé 81 megavatt miðað við 50 ára vinnslutíma, lágmarksafköst 27 megavatt en miðgildi vinnslugetu 46 megavött.

Þegar eru framleidd 100 megavött úr þessu svæði og áform eru um að auka vinnsluna um allt að 85 megavött til viðbótar. Þegar virkjanaleyfi var gefið út bentu viðnámsmælingar frá 1985 til að svæðið gæti staðið undir 26 megavatta framleiðslu í 50 ár.

Í skýrslu Orkustofnunar segir að birtar séu upplýsingar um vinnslutíma til 50 ára. „Sjálfbær nýting á jarðhita gengur hins vegar út frá nýtingu til 100 til 300 ára og til að fá mat á afkastagetu svæðanna þarf aðeins að deila með 2 upp í niðurstöðurnar fyrir 100 ára nýtingartíma og sex fyrir 300 ára nýtingartíma,“ segir þar.

Samkvæmt því gæti svæðið á Reykjanesi staðið undir 40,5 megavatta framleiðslu í 100 ár en 14,5 megavatta framleiðslu í 300 ár. - pg



**REYKJANESVIRKJUN** Nýjar mælingar gefa til kynna að hámarksafköst á Reykjanesi sé 81 megavatt. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Auschwitz-þjófarnir:

# Sænskur maður eftirlýstur

**PÓLLAND, AP Lögreglan í Póllandi hefur lýst eftir sænskum manni, Andreas Högström, sem sagður er vera höfuðpaurinn í ráni á skiltinu alræmda sem stóð yfir hliði útrýmingarbúðanna í Auschwitz í Póllandi.**

**Lögreglan fer fram á að hann verði handtekinn og framseldur til Póllands.**

**Fimm Pólverjar eru í haldi lögreglu vegna þjófnaðarins. Skiltinu, sem á stendur „Arbeit macht frei“, var stolið 18. desember síðastliðinn, en fannst tveimur dögum síðar í bifreið nálægt heimili eins Pólverjanna.** - gb

N1 greiðir upp skuldabréf:

# Segir létti að greiða upp lán

**VIÐSKIPTI** Olíufélagið N1 hefur greitt upp tveggja milljarða króna skuldabréf sem var á gjalddaga á mánudag.



**HERMANN GUÐMUNDSSON**

Hermann Guðmundsson forstjóri segir góða tilfinningu hafa fylgt uppgreiðslu lánsins, sem var tekið þegar vextir voru í hæstu hæðum.

Bréfið var tekið í júlí 2008 og bar 20,3 prósenta vexti, sem greiða átti tvisvar á ári. Félagið greiddi hálfan milljarð inn á bréfið snemma á síðasta ári en rúman 1,1 milljarð króna fyrir áramót.

Hermann segir N1 hafa komið inn í síðasta ár með þrjá milljarða í lausu fé og reksturinn skilað hagnaði. - jab

**REYKJAVÍKURBORG**

### Umhverfisvænir borgi minna

Framkvæmda- og eignaráð Reykjavíkurborgar hefur brugðist við erindi forsvarsmanna Lambhaga ehf. um álagningu gatnagerðargjalds á gróðurhús með því að beina því til borgarráðs að láta endurskoða gatnagerðargjöld. Ráðið vill að umhverfisvæn framleiðslustarfsemi beri lægri gjöld en almennt atvinnuhúsnæði.

# Lánveitingar með veði í eigin hlutabréfum verða bannaðar

**Margvíslegar breytingar verða gerðar á lögum um starfsemi fjármálafyrirtækja, samkvæmt nýju frumvarpi. Reglur verða settar um viðskipti fjármálafyrirtækja, hvatakerfi, kaupauka og starfslokasamninga.**

**ALÞINGI** Fjármálafyrirtæki er óheimilt að veita lán sem eru tryggð með veði í hlutabréfum eða stofnfjárbréfum útgefnum af fyrirtækinu, samkvæmt frumvarpi efnahags- og viðskiptaráðherra til breytinga á lögum um fjármálafyrirtæki. Þá er fjármálafyrirtæki óheimilt að veita lán til stjórnarmanns, lykilstjórnanda eða þess sem á virkan eignarhlut í viðkomandi fyrirtæki nema með þröngum skilyrðum.

Hvort um sig, lán til kaupa á hlutabréfum í banka með veði í bréfunum og lánveitingar til lykilstarfsfólks, hefur verið talið eiga sinn þátt í hruni bankanna haustið 2008.

Fram hefur komið að bankarnir lánuðu háar fjárhæðir til kaupa á hlutabréfum í þeim sjálfum gegn veði í bréfunum. Voru það ekki síst æðstu stjórnendur bankanna sem fengu slík lán. Mál af því tagi er meðal þess sem tekið hefur verið til rannsóknar í kjölfar bankahrunsins.

Þá er í frumvarpinu fjallað um hvatakerfi, kaupauka og starfslokasamninga. Verður fjármálafyrirtækjum heimilt að veita kauprétt eða kaupaukagreiðslur í samræmi við reglur sem Fjármálaeftirlitið setur. Eiga þær að taka mið af tilmælum Evrópusambandsins þar um. Þeirra helst eru að jafnvægi skuli vera milli fastra launa og bónusgreiðslna. Fresta skal greiðslu bónuss séu aðstæður í rekstri eða hagkerfinu þess eðlis. Þá skulu mælingar á frammistöðu taka til lengri tíma svo tryggt sé að tekið sé tillit til langtímaárangurs. Fjármálafyrirtæki ættu jafnframt að eiga kost á að krefjast endurgreiðslu á bónusgreiðslum ef í ljós kemur að þær hafa verið byggðar á röngum upplýsingum.

Í frumvarpinu er einnig lagt bann við að í fjármálafyrirtækjum skuli vera svokallaðir starfandi stjórnarformenn. Er talið að slíkt fyrirkomulag bjóði heim hættunni á hagsmunaárekstrum enda eigi stjórnarmenn að hafa eftirlit með framkvæmdastjóra og því varhugavert að þeir hafi jafnframt með höndum verkefni sem eiga að vera í höndum framkvæmdastjóra.

Formaður nefndarinnar sem samdi frumvarpið var Kjartan Gunnarsson, skrifstofustjóri í efnahags- og viðskiptaráðuneytinu, en í henni sátu auk hans fulltrúar Fjármálaeftirlitsins, Samtaka fjármálafyrirtækja og Samtaka fjárfesta. bjorn@frettabladid.is



**BANKAMENN** Sigurður Einarsson og Hreiðar Már Sigurðsson ganga af fundi í Ráðherrabústaðnum við Tjarnargötu í október 2008. Í nýju frumvarpi um bankana er meðal annars lagt bann við svonefndum starfandi stjórnarformönnum en Sigurður gegndi slíku hlutverki í Kaupþingi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI





# Óskum Háskólanum í Reykjavík til hamingju með opnun á glæsilegri byggingu fyrir starfsemi skólans.











ÍSTAK hf. ■ Engjateigi 7 ■ 105 Reykjavík ■ Sími 530 2700 ■ Fax 530 2724 ■ www.istak.is ■ istak@istak.is

ÍSTAK

# RISAÚ

## TILBOÐ Á GASGRILLUM



CAMPING-GASGRILL RBS CI GRAND
**52.328 kr.**
Verð áður 88.545 kr.

CAMPING-GASGRILL RBS WOODY DIX
**42.397 kr.**
Verð áður 91.053 kr.

COLEMAN-GASGRILL MEÐ HLIDARBRENNARA (Aukahlutur)
**69.900 kr.**
Verð áður 99.390 kr.

## 15-50% afsláttur
AF SKOTVEIÐIVÖRUM OG FATNAÐI



GERVISTOKKENDUR 12 STK Í PAKKA
**11.280 kr.**
Verð áður 18.800 kr.



FELUBYRGI
**23.730 kr.**
Verð áður 33.900 kr.

Columbia Sportswear Company

## 30-50% afsláttur
AF FLÍSPEYSUM



ROSE
**5.745 kr.**
Verð áður 11.490 kr.

SOFT SHELL
**7.495 kr.**
Verð áður 14.990 kr.

PEARL
**13.993 kr.**
Verð áður 19.990 kr.

## 20-50% afsláttur
AF VEIÐISTÖNGUM



LOOP
ADVENTURE TVÍHENDA

## 20-50% afsláttur
AF VEIÐIFATNAÐI



LOOP ADVENTURE ÚTÖNDUNARVÖÐLUR
**20.993 kr.**
Verð áður 29.990 kr.

LOOP
LOOP MULTI
**24.493 kr.**
Verð áður 34.990 kr.

Abu Garcia FOR LIFE.™

## 20-50% afsláttur
AF VEIÐIHJÓLUM



ABU BERKLEY HJÓL CLW 2–6 REEL



LOOP

LOOP CLW-FLUGUHJÓL

**Allt að 70% afsláttur**

PIPAR/TBWA 100053

www.ellingsen.is

# TSALA ELLINGSEN



## 30% afsláttur
AF COLUMBIA-ÚLPUM OG SNJÓBUXUM

Columbia Sportswear Company.



THUNDERSNOW JACKET
39.193 kr.
Verð áður 55.990 kr.

ALASKA
43.393 kr.
Verð áður 61.990 kr.

CANAL
22.393 kr.
Verð áður 31.990 kr.

MAHAGONY
26.593 kr.
Verð áður 37.990 kr.

## 20-50% afsláttur
AF BARNA- OG FULLORÐINS-ULLARNÆRFATNAÐI
DEVOLD



DEVOLD ACTIVE BABY

DEVOLD ACTIVE

## 30-50% afsláttur
AF COLUMBIA ÚTIVISTARSKÓM



BUGABOOT

BUGABOOT OMNI

SHILA

NAKNEK

DRIFT

Columbia Sportswear Company.

## 30-50% afsláttur
AF VIKING BARNAKULDASKÓM OG DÖMU- OG HERRAGÖNGUSKÓM

VIKING



SUMMIT

TIROL

PLAY

TRYSIL

## TILBOÐ Á MÓTORCROSS-HJÁLMUM



Tilboðsverð 9.990 kr.

REYKJAVÍK
Fiskislóð 1 • Sími 580 8500
Opið mánud.–föstud. 10–18, laugard. 10–16

AKUREYRI
Tryggvabraut 1–3 • Sími 460 3630
Opið mánud.–föstud. 8–18, laugard. 10–16

Ellingsen
– fullt hús ævintýra

„ORÐRÉTT“

*Aldrei er hlustað á Jón*

**„Á þetta hefur ítrekað verið bent undanfarna mánuði og virðist ráðherrann ekki hafa skilið alvarleika málsins.“**

JÓN GUNNARSSON ALÞINGISMAÐUR
Fréttablaðið, 13. janúar

*Burt með bæturnar*

**„Við verðum að skera það [velferðarkerfið] niður á eins mannúðlegan og hagkvæman hátt og við getum.“**

RAGNAR ÁRNASON PRÓFESSOR
Fréttablaðið, 13. janúar

**tilveran**
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA:** HILMAR ÖRN HILMARSSON, ALLSHERJARGOÐI OG TÓNSKÁLD

# Gleðjast í skammdeginu



„Ég er nú aðallega að fagna frumsýningunni á Mömmu Gógó þessa dagana,“ segir Hilmar Örn Hilmarsson, allsherjargoði Ásatrúarfélagsins og tónskáld. Hilmar samdi tónlistina fyrir myndina, og segist afar ánægður með afraksturinn.

Þannig hafi myndinni til dæmis verið líkt við Börn náttúrunnar, sem hafi á sínum tíma skákað sjálfum Tortímandanum í miðasölu í kvikmyndahúsum. Aðstandendur myndarinnar vonist því að sjálfsögðu til þess að fleiri sjái Mömmu Gógó en ævintýramyndina Avatar, sem gengur afar vel í kvikmyndahúsum hér á landi og erlendis um þessar mundir.

Það verkefni sem á hug Hilmars allan þennan daginn er fyrirhugað þorrablót Ásatrúarfélagsins, sem mun fara fram á bóndadaginn.

„Þorrablótin hafa fylgt félaginu frá upphafi, árið 1974, en þau hafa orðið sífellt vinsælli á síðustu árum,“ segir Hilmar. Hann reiknar með metþátttöku á blótinu í ár, enda veiti ekki af að minna fólk á gömlu góðu gildin, sem skipti enn meira máli nú en áður.

Fyrirkomulagið er orðið vel mótað eftir vel á fjórða áratug, en mikilvægast er að fólk hittist í skammdeginu og skemmti sér saman, segir Hilmar. Það sé einmitt á þessum tíma sem fólk eigi það til að taka sálrænar dýfur, og því kjörinn tími fyrir samkomur, glaum og gleði.

## HVEITIGRAS

**GRÆNI TÖFRASAFINN**

■ Dr. Ann Wigmore, kennari og stofnandi Hippocrates Health Institute í Boston, innleiddi neyslu á safa úr hveitigrasi. Safinn, oft kallaður græni töfrasafinn, er fullur af næringarefnum, vítamínum, steinefnum, blaðgrænu (chlorophyll) og ensímum og losar líkamann við uppsöfnuð eiturefni í frumum líkamans, sérstaklega fitufrumum.

Hveitigras inniheldur allt að 70 prósent af blaðgrænu sem hefur náttúrulega bakteríueyðandi virkni og eyðir einnig slæmri líkamslykt hvort heldur er andremmu, svitalykt eða táfýlu. Á Íslandi er hveitigras til dæmis ræktað hjá fyrirtækinu Lambhaga eftir pöntunum.


# Reykjavík – hvað ætlar þú að verða þegar þú ert orðin stór?

Gísli Marteinn Baldursson, borgarfulltrúi og MSc í borgarfræðum, mun endurtaka fyrirlestur sinn um framtíðarsýn fyrir Reykjavík, vegna fjölda áskorana.

**Fundurinn verður haldinn í dag, fimmtudaginn 14. janúar kl. 17.30, í Þjóðminjasafninu.**

Í fyrirlestrinum ræðir Gísli Marteinn hugmyndir sínar um þróun Reykjavíkur, sérstöðu hennar meðal borga heimsins og þau mikilvægu verkefni sem framundan eru við uppbygginguna borgarinnar.

Fundurinn er öllum opinn og allir eru hjartanlega velkomnir. Nánar á **gislimarteinn.is/fundur**





# Löng leið að eilífu sumri

**Lengi hafa menn horft til kríunnar með aðdáun fyrir þolgæði og hversu hatrammlega hún ver hreiður sitt og unga. Skiptir þá engu hvort á í hlut maður eða skepna. Ný rannsókn hefur leitt í ljós að það sem við töldum okkur vita um hana virðist stórlega vanmetið.**



**FARFLUG KRÍUNNAR** Einfölduð mynd af farháttum kría, frá því þær yfirgefa varpstöðvar á Grænlandi og Íslandi síðsumars og mæta á vetrarstöðvarnar við Suðurheimskautið. Skömmu eftir að þær byrja ferðalagið suður (gula línan) staldra fuglarnir við á miðju Norður-Atlantshafi (lítill hringur) í um mánaðartíma áður en þeir halda áfram. Vetrarheimkynni við Suðurheimskautið eru í Weddell-hafinu suður og austur af Suður-Ameríku (stór hringur). Heimferðin norður á bóginn undir vor (hvíta línan) tekur yfir tvisvar sinnum styttri tíma en suðurferðin. Fuglarnir fljúga eftir ferli sem er eins og stórt „S“ norður eftir miðju Atlantshafi. Þeir reyna að koma við á svæðum sem eru fæðurík en slík hafsvæði eru sýnd í gulum eða grænum litum. MYND/NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN

Á vef Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) er sagt frá nýrri grein í bandaríska vísindaritinu Proceedings of the National Academy of Sciences þar sem koma fram nýjar upplýsingar um farhætti kríunnar. Alþjóðlegur samstarfshópur vísindamanna, þeirra meðal frá Íslandi, hafa komist að því að krían flýgur meira en 70 þúsund kílómetra á árlegu farflugi á milli póla. Þetta er nálægt því að vera helmingi lengri leið en krían var talin ferðast árlega á milli varpstöðva á norðurslóðum til vetrarheimkynna við Suðurheimskautið. Reyndar er um meðaltal að ræða og merktir fuglar í rannsókninni bættu sumir hverjir við sig tíu þúsund kílómetrum til viðbótar. Þetta er ekki síst athyglivert fyrir þá sök að krían er aðeins um 38 sentimetrar á lengd og um hundrað grömm að þyngd. Niðurstöður rannsóknarinnar undirstrika þá staðreynd að kríur ferðast lengra en nokkur önnur dýr á sínu árlega farflugi.

**Ný tækni**

Ekki hefur verið mögulegt að fylgjast nákvæmlega með ferðum svo lítilla fugla fyrr en á allra síðustu árum. Hér kemur til nýleg tækni, lítið tæki sem kallast ljósriti („geolocator“) og er aðeins 1,4 grömm á þyngd. Tækinu er komið fyrir á fæti fugla og mælir reglulega ljósmagn sem gerir mögulegt að ná tveimur staðsetningum fyrir fugl á hverjum degi. „Notkun slíkra tækja á sjófugla hefur ekki aðeins gjörbreytt þekkingu okkar á farháttum þeirra, heldur koma niðurstöðurnar sem tækin veita einnig að góðum notum til að kortleggja hvar lífrík hafsvæði er að finna,“ segir Richard Phillips frá bresku heimskautastofnuninni og meðhöfundur að greininni. Rannsóknaniðurstöður sýna að atferli fugla er nátengt bæði lífrænum og ólífrænum þáttum umhverfisins.

Ævar Petersen, dýrafræðingur á NÍ, er í hópi vísindamannanna. Hann segir að það sem komi honum mest á óvart var að krían tók ekki beint strik suður á bóginn eftir að þær yfirgáfu varpstöðvarnar síðsumars, heldur eyddu þær um það bil mánuði á takmörkuðu svæði á miðju Norður-Atlantshafi, um þúsund kílómetrum norðan Asóreyja. „Það er ekki síst vegna þess að það tengist öðrum niðurstöðum sem við höfum verið að fá meðal annars um lunda frá Vestmannaeyjum. Þeir halda sig á sömu slóðum. Svo eru fleiri fuglar sem vitað er að fara þarna um.“



**KRÍA** Krían (sterna paradisaea) er sjófugl af þernuætt. Hún er farfugl á Íslandi og verpir hér og annars staðar á norðurslóðum. Hún er aðeins um 38 sentimetrar á lengd og um hundrað grömm að þyngd. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ævar segir að nýju ljósritarnir hafi bylt rannsóknum á fuglum á undanförnum árum og væntanlegar séu nýjar upplýsingar um fjölda fuglategunda.

**Makalaust ferðalag**

Eftir þá viðdvöl héldu fuglarnir áfram suður undan ströndum Norðvestur-Afríku en nálægt Grænhöfðaeyjum gerðist annað sem vakti athygli rannsóknarmanna og var ekki vitað áður. Í stað þess að halda áfram suður undan ströndum Afríku sveigði um helmingur fuglanna vestur yfir Atlantshaf og hélt áfram suður með ströndum Suður-Ameríku. Þegar fuglarnir voru komnir suður undir Argentínu, þar sem eru afar næringarrík hafsvæði, tóku sumir beint strik til vetrarstöðvanna í Weddell-hafinu. Vísindamönnum til undrunar héldu aðrar kríur frá Suður-Ameríku með staðvindum beint austur til Suður-Afríku. Þaðan héldu þær – og fuglarnir sem komu suður með vesturströnd Afríku – til vetrarstöðvanna, en eftir mismunandi leiðum enn og aftur. Sumar kríur, og þar á meðal ein íslensk, fóru langleiðina til Ástralíu áður en þær sneru aftur vestur á bóginn til Weddellhafsins þar sem fuglarnir héldu til í þrjá til fjóra mánuði meðan vetur var á norðurslóðum.

Heimferðin til varpstöðvanna á norðurhveli tekur meira en tvöfalt styttri tíma en ferðalagið suður á bóginn, eða aðeins um fjörutíu daga. Áhugavert er að kríur velja allt aðra leið norður en í suðurferðinni og heldur ekki stystu leið. Þær halda norður eftir miðju Atlantshafi eftir ferli sem er eins og risastórt „S“. Norðurferðin er nokkur þúsund kílómetrum lengri en beinasta leið sem þær gætu tekið. Með því nýta fuglarnir sér ríkjandi veðurkerfi sem stjórnast af snúningi jarðar og spara þannig mikla orku.

**Fimmtíu hnattferðir**

Kríur eru eins og aðrir sjófuglar, langlíf, og getur lifað yfir þrjátíu ár. Þær ferðast ár hvert póla á milli og því freistandi að leika sér að tölum. Séu ferðirnar lagðar saman fljúga kríur sem ná slíkum aldri um 2,1 milljón kílómetra á ævinni. Ummál jarðar er um fjörutíu þúsund kílómetrar og krían flýgur því fimmtíu sinnum í kringum jörðina í leit sinni að eilífu sumri.

svavar@frettabladid.is

Sjá: www.arctictern.info og www.ni.is


MILLJÓNIR BEINT Í VASANN




Tryggðu þér miða á www.hhi.is, í síma 800 6611 eða hjá næsta umboðsmanni.


ALLTAF
BETRA VERÐ
acer
FARTÖLVA
15,6"
RaidSonic
USB 3.0 KORT
Raidsonic PCI-Express
PCI Express kort með tveimur USB 3.0 tengjum.
9.990
LASERMÚS
Logitech
Logitech MX1100
Þráðlaus lasermús með 1600dpi, 10 forritanlegum tökkum, hraðskruni og 9 mán. rafhlöðuendingu.
12.990
Logitech
FERÐAHÁTALARAR
Logitech V-20
Ferðahátalarar með góðum bassahljómi, USB tengi og margmiðlunartökkum.
16.990
Acer Aspire 5740-334G32MN
2.13GHz Intel Core i3-330M - Dual core örgjörvi • 4GB DDR3 1066MHz minni • 320GB harðdiskur • 15.6" WXGA CineCrystal skjár • Intel Graphics Media Accelerator 4500MHD skjákort • Þráðlaust netkort • Vefmyndavél • Talnaborð • Windows 7 Home Premium 64-BIT
ddr3
HDMI
169.990
FYRST MEÐ USB 3.0 Á ÍSLANDI
HARÐDISK HÝSING
ICY BOX 3.5" SATA USB 3.0
3.5" harðdiskahýsing með USB 3.0 tengi fyrir aukinn hraða, allt að 5 Gbit á sek.
10.990
TViX
TVFLAKKARI
TviX R-2230
Sjónvarpsflakkari og PVR/DVR upptökutæki fyrir 2.5" diska, DVB-T sjónvarpsmóttakari, USB, HDMI, fullkomin fjarstýring ofl.
19.990
WD
PASSPORT FLAKKARI
WD Passport 500GB
2,5" flakkari með 500GB hörðum disk og USB. Slekkur á sér um leið og tölvan og sparar orku.
24.990
TViX
HÁSKERPU FLAKKARI
EISA AWARD Best Product 2009-2010
Digital Media Player/Server
Dvico TviX HD M-7000
TViX M-6600A
Háskerpu H.264 sjónvarpsflakkari sem spilar alla staðla. Með LED skjá og tökkum. LAN, HDMI, Component, Optical tengi. USB tenging í sjónvarp eða tölvu. Spilar af USB lyklum, öðrum USB flökkurum eða tölvum yfir LAN. Fullkomin fjarstýring.
59.990
COOLER MASTER
TÖLVUKASSI HLJÓÐEINANGRAÐUR
CoolerMaster Sileo 500
Einstaklega vel hljóðeinangraður tölvukassi með lágværum 500W aflgjafa frá CoolerMaster. Demparar deyfa hljóð frá diskum.
21.990
EPSON
MYNDAPRENTARI
Epson P50
A4 bleksprautu ljósmyndaprentari. Prentar allt að 38 bls. á mín. í 5760 x 1440p. USB. Virkar með Windows og Mac.
22.990
19"
PHILIPS LCD SKJÁR
STÍLHREIN HÖNNUN
Philips 190CW9FB
19" LCD breiðtjaldsskjár með 1440x900p upplausn, 12000:1 skerpu D-Sub, DVI-D og 2ms svartíma.
29.990
23"
PHILIPS LCD BREIÐSKJÁR
23 Philips 231E1SB
23" LCD breiðskjár með 1920 x 1080p upplausn, dýnamískri 25000:1 skerpu, 5ms svartíma, D-Sub, DVI-D ofl.
44.990
TÖLVULISTINN
TL.IS
www.tolvulistinn.is
REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR
NÓATÚNI 17 S: 414 1700
STRANDGÖTU 9 S: 414 1730
MIÐVANGI 2-4 S: 414 1735
HAFNARGÖTU 90 S: 414 1740
AUSTURVEGI 34 S: 414 1745
REYKJAVÍKURVEGI 66 S: 414 1750


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
NÝTT KORTATÍMABIL
298 KR.KG
FOLALDA HAKK
1298 KR.KG
FOLALDA LÆRISVÖÐVI
1698 KR.KG
FOLALDA HRYGGVÖÐVI / FILE
KJARNAFÆÐI
FERSKT FOLALDAKJÖT AF NÝSLÁTRUÐU
FIMMTUDAGSTILBOÐ - TAKMARKAÐ MAGN
2498 KR.KG
FOLALDA LUNDIR
1498 KR.KG
FOLALDA INNRALÆRI
1298 KR.KG
FOLALDA GÚLLAS
Holta
Leggir
498 KR.KG
HOLTA FERSKIR KJÚKLINGALEGGIR
FERSKUR
EÐA FROSINN
KJÚKLINGUR
FRÁBÆRT VERÐ!
Holta
Bringur
1698 KR.KG
HOLTA FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1398 KR.KG
BÓNUS FROSNAR KJÚKLINGALUNDIR
MERKT VERÐ 1998 KR.KG. 30% AFSLÁTTUR
KJÚKLINGABITAR
40% AFSLÁTTUR
ÍF FROSNIR KJÚKLINGABITAR
MERKT VERÐ 598 KR.KG. 359 kr.kg.
BÓNUS
Kjúklingavængir
198 KR.KG
BÓNUS FROSNIR
KJÚKLINGAVÆNGIR
HÁMARK
HÁMARK
168 KR.STK
HÁMARK PRÓTEINDRYKKIR 250 ML
HEIMILIS BRAUÐ
179 KR.STK
MYLLU HEIMILISBRAUÐ 770G
198 KR.4 STK
BÓNUS NÝBAKAÐAR LANGLOKUR 4 STK
BÓNUS
KJARNABRAU
159 KR.STK
BÓNUS KJARNABRAUÐ 500G
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGUR 12.00 -18.30

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



998 KR.KG

K.S LAMBALÆRI FROSIÐ *HAUSTSLÁTRUN 2008*



268 KR.KG

K.S LAMBASVIÐ




Grísahakk ca 600g 359 kr.
Mexikönsk grýta 395 kr.
Pottréttur fyrir ca. 5
*á aðeins ca. 750 kr.*




498 KR.PK

NAUTAVEISLU NAUTAHAMBORGARAR
4 STK M.BRAUÐI



598 KR.KG

K.S LAMBASÚPUKJÖT FROSIÐ 1.FLOKKUR




198 KR.FL

ONT BOOSTER BURNER
*ÍÞRÓTTADRYKKUR 500 ML*




898 KR.KG

NAUTAVEISLU FERSKT NAUTAHAKK



139 KR.STK

E.S TÚNFISKUR Í DÓS 185g
ORKUBOMBA FYRIR AÐEINS 139 KR.
35g PRÓTEIN PR.DÓS.




15% LÆGRA VERÐ

OS SKÓLAOSTUR Í SNEIÐUM
15% LÆGRA VERÐ 1401 KR.KG




185 KR.STK

LÉTT OG LAGGOTT 400G
20% LÆGRA VERÐ




359 KR.PK

E.S MÚSLÍ 1 KG




259 KR.PK

E.S HAFRAMJÖL 1,5 KG

BÓNUS BÝÐUR BETUR VISA

AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGUR 12.00 -18.30

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Einblínt á aukaatriðin:

## Misheppnuð þjóðfélagsverkfræði

JÓN KALDAL SKRIFAR

Skattadagur Deloitte fyrr í þessari viku var þarft og gott framtak. Framkvæmd skattheimtu, í samspili við niðurskurð á ríkisútgjöldum, er þungamiðjan í því hvernig þjóðin getur unnið sig út úr kreppunni. Um þetta er ekki deilt. Mjög skiptar skoðanir eru hins vegar á því hvaða hugmyndafræði hentar best við núverandi aðstæður.

Sú umræða hefur því miður ekki náð neinu flugi. Róttækasta stefnubreyting á tekjuöflun fyrir ríkissjóð um árabil varð að lögum um áramót án teljandi skoðanaskipta.

Skýringin á þessari furðulegu stöðu liggur fyrst og fremst í forgangsröðun stjórnarandstöðuflokkanna. Í stað þess að leggja eitthvað til málanna um leiðir til að takast á við efnahagsvandann og veita ríkisstjórninni nauðsynlegt aðhald við leiðarvalið, hafa stjórnarandstöðuflokkarnir kosið að beina allri orku sinni og athygli að samningum um lán sem á að byrja að greiða af 2016.

Í marga mánuði hefur legið fyrir að hagkvæmast er að koma Icesve-samningunum frá. Ef íslensk stjórnvöld vilja endursemja, geta þau rétt eins lagt fram þá ósk eftir nokkur ár eins og nú. Reyndar má gera ráð fyrir að grundvöllur fyrir endurupptöku væri betri því lengra sem frá líður. Líkast til verður heimskreppan vel að baki eftir fimm eða sex ár, heimtur úr þrotabúi Landsbankans komnar á hreint og ný stjórnvöld komin til sögunnar í stað þeirra sem áttu þátt í deilunum.

Dýpsta kreppa á lýðveldistímanum, var dómur Ragnars Árnasonar hagfræðiprófessors í fyrirlestri á skattadegi Deloitte um efnahagsástandið.

Þetta þunga högg, sem gjörvöll þjóðin þarf að taka á sig, er bein afleiðing misheppnaðrar þjóðfélagsverkfræði Davíðs Oddssonar og Halldórs Ásgrímssonar og stjórnmálaflokkanna sem þeir stýrðu. Það var pólitísk ákvörðun að einkavæða bankana, með þeim hætti sem það var gert, rétt eins og það var pólitísk ákvörðun að leyfa þeim að verða tífalt stærri en þjóðarframleiðsla. Það var líka pólitísk ákvörðun að á mestu velmegunartímum þjóðarinnar voru viðvarandi biðlistar á Barna- og unglingageðdeild Landspítala og á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Árið 2007 var til dæmis biðlistinn á síðarnefndu stofnunina, sem þjónar fötluðum börnum og fjölskyldum þeirra, orðinn allt að þrjú ár. Hverslags þjóðfélag leyfir slíkt?

Þessi tilraunastarfsemi er að baki. Hún endaði með ósköpum og fortíðin verður ekki endurskrifuð, sama hversu heitt einhverjir kunna að þrá það.

Nú er hins vegar hafin ný og róttæk tilraunamennska í þjóðfélagsverkfræði í boði Jóhönnu Sigurðardóttur og Steingríms J. Sigfússonar og flokkssystkina þeirra. Stjórnarandstaðan hefur skapað þeim skjól frá umræðu um þessar breytingar með stífri áherslu á Icesave.

Spurningar um hvort leið ríkisstjórnarinnar sé sú rétta út úr kreppunni, hafa tæpast verið bornar fram. Skipta þær þó miklu meira máli fyrir langtímahagsæld Íslands en hvernig Icesave verður afgreitt í þessari atrennu.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ómyrkur í máli

Ársuppgjör Þórðar Snæs Júlíussonar, blaðamanns á Viðskiptablaðinu, í Grapevine hefur vakið athygli. Þórður var blaðamaður á Morgunblaðinu þar til í haust, þegar hann sagði upp störfum ásamt Björgvini Guðmundssyni og Magnúsi Halldórssyni. Allir fóru þeir yfir á Viðskiptablaðið. Í grein sinni segir Þórður að ráðning Davíðs Oddssonar á Morgunblaðið jafnist á við það að bankaræningi væri skipaður í Hæstarétt til að dæma í eigin máli. Efnistök blaðsins eftir að Davíð tók við beri þess merki að því sé stýrt af manni sem hafi hag af því hvernig sagan er skráð, óháð því hvað raunverulega gerðist. Sem fyrrverandi starfsmanni Morgunblaðsins þykir Þórði miður hvernig blaðið hefur þróast og við hvaða aðstæður fyrrverandi samstarfsfólki hans er gert að starfa.



### Misskilningur leiðréttur

Í október flutti fréttastofa RÚV frétt þar sem líkur voru leiddar að því að ráðning nýrra ritstjóra væri ástæða þess að þremenningarnir sögðu upp á Morgunblaðinu. Í kjölfarið gaf Björgvin Guðmundsson út yfirlýsingu um að það væri alrangt. Þeir hefðu einfaldlega viljað freista gæfunnar á Viðskiptablaðinu. „Það tækifæri réð því fyrst og fremst að þrír blaðamenn á ritstjórn Morgunblaðsins tóku þá ákvörðun að skipta um vettvang," skrifaði Björgvin.

### Og þó

Sú yfirlýsing var gripin á lofti í Staksteinum Morgunblaðsins, þar sem fréttastofa RÚV var sökuð um að hafa reynt að koma höggi á Moggann með rangri frétt um uppsagnir blaðamannanna. Þeir hafi einfaldlega viljað söðla um og þiggja starf á nýjum vettvangi. Ásetningur RÚV hafi fyrst og fremst verið að setja Morgunblaðið í neikvætt ljós. Hvað sem fyrri yfirlýsingu Björgvins líður, virðist sú skýring hrökkva skammt; að minnsta kosti rímar hún illa við grein Þórðar Snæs í Grapevine.



**bergsteinn@frettabladid.is**

## Flokkar á fóðrum



ÞORVALDUR GYLFASON
**Í DAG** | Fjármál flokkanna

Haustið 1993 birti ég ásamt sjö samkennurum mínum í Háskóla Íslands opinbera áskorun til formanna stjórnmálaflokkanna um að opna bókhald flokkanna og gera almenningi grein fyrir fjárreiðum þeirra. Eini flokkurinn, sem svaraði okkur, var Kvennalistinn; þær skrifuðu kurteislegt bréf og sögðust ekkert hafa að fela. Framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins jós fúkyrðum yfir okkur félagana í fjölmiðlum. Af áskorun okkar spunnust umræður í fjölmiðlum, en þær fjöruðu út á skömmum tíma. Morgunblaðið birti leiðara um málið daginn eftir að áskorunin birtist og tók undir sjónarmið okkar áttmenninganna, en blaðið sýndi málinu ekki mikinn áhuga eftir það. Jóhanna Sigurðardóttir alþingismaður flutti síðar frumvörp á Alþingi í anda áskorunar okkar, en ekkert þeirra náði fram að ganga.

### Evrópuráðið gegn spillingu

Þar að kom, að Evrópuráðið lét málið til sín taka. Á vegum ráðsins starfar hópur ríkja gegn spillingu (GRECO). Þessi hópur beitti Alþingi þrýstingi, sem dugði loksins til, að ný lög um fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra voru samþykkt á Alþingi 2006. Til að semja lögin var fengin sérvalin sjálftökusveit á vegum flokkanna með fyrr nefndan framkvæmdastjóra Sjálfstæðisflokksins og aðra slíka virðingarmenn innan borðs. Svohljóðandi ákvæði var sett í lögin: „Ríkisendurskoðun skal að ósk stjórnmálasamtaka veita viðtöku og birta upplýsingar um öll bein fjárframlög til þeirra sem og önnur framlög sem metin eru að fjárhæð 200.000 kr. eða meira á árunum 2002 til 2006." Alþingi þótti ekki ástæða til að fara lengra aftur í tímann, enda hefðu þá styrkir útvegsmanna til flokkanna væntanlega komið upp á yfirborðið.

Ríkisendurskoðun hefur nú birt upplýsingar um fjármál flokkanna samkvæmt lögunum frá 2006. Þar kennir ýmissa grasa. Framsóknarflokkurinn tók við 276 mkr. frá einkaaðilum 2002-2006 ofan á ríkisframlagið, sem er annað eins. Einkaframlögin nema 13.000 kr. á hvert atkvæði greitt flokknum í þingkosningunum 2007, og eru framlög til einstakra frambjóðenda þá ekki talin með. Nærri má geta, hvað Framsóknarflokkurinn þáði af útvegsmönnum fyrir 2002 í þakklætisskyni fyrir kvótakerfið. Sjálfstæðisflokkurinn tók á sama tíma við 330 mkr. frá einkaaðilum, eða 5.000 kr. á hvert atkvæði 2007. Þá eru framlög til einstakra frambjóðenda ekki talin með og ekki heldur framlög til annarra stofnana flokksins en aðalskrifstofunnar. Sjálfstæðisflokkurinn neitar að nafngreina gefendurna, þótt lögin kveði á um, að óheimilt sé að veita viðtöku framlögum frá óþekktum gefendum. Samfylkingin tók við 201 mkr., eða 4.000 kr. á hvert atkvæði 2007, og eru framlög til einstakra frambjóðenda ekki talin með. Vinstri hreyfingin grænt framboð tók að því er virðist við miklu minna fé en hinir flokkarnir og skilaði sundurlausum samtíningi af upplýsingum um framlögin. Ríkisendurskoðun hirti ekki um að leggja tölurnar saman, heldur birtir á vef sínum upplýsingar flokkanna ómeltar og athugasemdalaust. Stjórnmálaflokkar á Norðurlöndum hafa ekki um langt árabil tekið við framlögum frá fyrirtækjum.

### „ef eitthvað hafi farið úrskeiðis"

Stærstu einstöku framlögin til flokkanna 2002-2006 bárust frá bönkunum, þótt framlög bankanna sjálfra séu ekki ýkja hátt hlutfall af heildinni. Séu eigendur bankanna taldir með og stórir viðskiptavinir, sem nú eru margir komnir í þrot, birtist önnur mynd. Útrásin hafði flokkana á fóðrum, ekki bara fjárhagslega, heldur einnig með því að raða flokksmönnum í nefndir, ráð og stjórnir á sínum vegum. Tilgangurinn var bersýnilega að kaupa sér frið. Rannsóknarnefnd Alþingis mun væntanlega greina frá lánum bankanna til stjórnmálamanna og embættismanna og eignarhaldsfélaga þeirra. Í þessu ljósi þarf að skoða hæga rás atburðanna eftir hrun. Rannsóknin var hlægileg í hálft ár eftir hrun eins og Eva Joly rannsóknardómari lýsti aðkomunni að landinu í vor leið. Stjórnmálastéttin mátti ekki heyra á það minnzt, að óháðir erlendir menn yrðu fengnir til að rannsaka tildrög hrunsins. Nýju bönkunum er enn að mestu leyti stjórnað af innanbúðarfólki í gömlu bönkunum.

Stjórnmálastéttin virðist binda vonir við, að skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis hreinsi flokkana af óþægilegum grunsemdum. Frétt Ríkisútvarpsins af störfum nefndarinnar um daginn hefur ef til vill glætt þær vonir, en þar sagði: „Páll [Hreinsson] segir að ... einnig sé fjallað um viðbrögð stjórnvalda, eftirlit með bönkunum og eftir atvikum reynt að draga það fram ef eitthvað hafi farið úrskeiðis."

## Draugahúsið við Tjörnina

**UMRÆÐAN**
Sigrún Elsa Smáradóttir skrifar um borgarmál



SIGRÚN ELSA SMÁRADÓTTIR

Eins og greint hefur verið frá í fréttum hefur húsnæðiskostnaður sem hlutfall af heildarkostnaði borgarinnar aukist úr 10 í 14% á kjörtímabilinu. Óskar Bergsson, formaður borgarráðs, og Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri reyndu í Fréttablaðinu sl. þriðjudag að réttlæta þessa hækkun á húsnæðiskostnaði sem farið hefur úr 4,6 milljörðum í 8,8 milljarða á ársgrundvelli á kjörtímabilinu. Það reyndist þeim erfitt enda óstjórn í húsnæðismálum borgarinnar á kjörtímabilinu verið algjör. Sem dæmi má nefna að borgin hefur undir þeirra stjórn flutt mikið af starfsemi sinni úr eigin húsnæði og leigir þess í stað húsnæði í háhýsi við Höfðatorg.

Á síðasta ári flutti til dæmis öll fjármálaskrifstofa borgarinnar úr ráðhúsi Reykjavíkur á Höfðatorg. Fram að því hafði farið vel um starfsmenn fjármálaskrifstofu borgarinnar á annarri hæð ráðhússins. Engin starfsemi fluttist í ráðhúsið í staðinn og stendur það því hálfautt eins og formaður borgarráðs, Óskar Bergsson, staðfesti á síðasta borgarstjórnarfundi. Sama á við um annað húsnæði borgarinnar, borgin á til dæmis húsnæði við Tjarnargötu 12 en þar hafði innri endurskoðun aðsetur á jarðhæð, nú hefur innri endurskoðun verið flutt á Höfðatorg og jarðhæðin við Tjarnargötu 12 hefur staðið auð mánuðum saman. Það er ekki skrítið að húsnæðiskostnaður borgarinnar rjúki upp úr öllu valdi þegar menn leigja húsnæði undir starfsemi án þess að losa sig við það húsnæði sem borgin á og þarf sannarlega að kosta líka þótt það standi autt. Hvað ráðhúsi Reykjavíkur viðkemur er ómögulegt að átta sig á hvað meirihlutinn var að hugsa þegar hann ákvað að skynsamlegt væri að hálf tæma ráðhúsið og leigja húsnæði undir starfsemina út í bæ, varla er ætlunin að selja ráðhúsið. Maður hefði nú líka haldið að borgarstjóranum veitti ekki af því að hafa fjármálaskrifstofuna í næsta nágrenni á þessum síðustu og verstu tímum en kannski hæfir það betur Pollýönnuleiknum sem í gangi er í ráðhúsinu að hafa þar rúmt um sig og fjármálaskrifstofuna víðs fjarri.

*Höfundur er borgarfulltrúi.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

BÖRN ERU OG VERÐA ALLTAF BÖRN, VIÐ ÞURFUM AÐ LEYFA ÞEIM AÐ VERA BÖRN EINS LENGI OG HÆGT ER! VIÐ MEGUM EKKI ÆTLAST TIL AÐ ÞAU VAXI HRATT OG VERÐI SKYNSÖM, IÐIN OG FRAMÚRSKARANDI FYRR EN ÞAU HAFA NOTIÐ ÆSKUNNAR • ÞAÐ BESTA SEM ÞÚ EYÐIR Í BARNIÐ ÞITT ER TÍMI • ÞÚ GETUR LÆRT MARGT AF BÖRNUNUM, TIL DÆMIS HVERSU MIKLA ÞOLINMÆÐI ÞÚ HEFUR • BÖRN EIGA HVORKI FORTÍÐ NÉ FRAMTÍÐ, ÞAU LIFA Í NÚINU, SEM FÆST OKKAR GERA • BARN ER MANNESKJA SEM GETUR EKKI SKILIÐ AF HVERJU EINHVER MYNDI GEFA FRÁ SÉR LÍTINN KETTLING • BÖRNIN OKKAR ERU ÞAÐ DÝRMÆTASTA SEM VIÐ EIGUM






# Er beint lýðræði betra lýðræði?

**UMRÆÐAN**

Haukur Arnórsson og Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir skrifa um beint lýðræði

Sú ákvörðun forseta Íslands að skjóta lögum um ríkisábyrgð á Icesave til þjóðarinnar hefur vakið að nýju ákafar umræður um íslenska stjórnskipan og lýðræði. Því hefur verið haldið fram að aukin áhersla á þjóðaratkvæðagreiðslu efli lýðræðið. Það er umdeilt. Einkum það hvort beint lýðræði, eins og þjóðaratkvæðisgreiðsla, sem innleidd er á kostnað fulltrúalýðræðis, leiði til betra lýðræðis. Rétt er að þjóðaratkvæðagreiðsla hentar vel við ákveðnar aðstæður, ef unnt er að tryggja vandaða og upplýsta umræðu. Þegar forseti Íslands vísaði fjölmiðlalögunum til afgreiðslu þjóðarinnar árið 2004 vísaði hann til þess að gjá hafi myndast milli þings og þjóðar, þ.e. gjá milli vilja þjóðarinnar og vilja fulltrúa hennar á þingi. Ef auka á áherslu á þjóðaratkvæðagreiðslur sem leið til að taka ákvarðanir í sameiginlegum málum þá er ástæða til að hafa í huga að það eru fleiri gjár í götu lýðræðisins, en sú gjá sem stundum má finna milli þings og þjóðar.

### Gjár í götu lýðræðis

Í fyrsta lagi þá hefur myndast gjá milli eftirspurnar almennings eftir netþjónustu og framboðs ríkisins á rafrænni þjónustu. Þessi gjá hefur myndast þrátt fyrir að almenningur á Íslandi hafi um langt árabil verið betur nettengdur en almenningur í öðrum ríkjum hins vestræna heims. Þessi gjá hefur dregið úr vægi skoðana stjórnmálamanna og hlutlausra upplýsinga stjórnvalda í opinberri umræðu, en hefur aftur auðveldað einstaklingum úti í bæ og góðum bloggurum að hafa mikil skoðanamótandi áhrif. Vegna þessarar gjár er upplýsingagjöf og umræða um opinber mál ófullkomnari en ella væri. Gjá milli eftirspurnar og framboðs á netþjónustu er minni í nágrannaríkjunum þar sem færri meðal almennings eru nettengdir og framboð opinberra vefja er mikið betra en hér á landi (íslenska ríkið er lakast Vestur-Evrópuríkja samkvæmt nýjum upplýsingum frá EU).

Í öðru lagi er að finna gjá milli netheima og gömlu fjölmiðlanna. Netheimar og gömlu fjölmiðlarnir eru verulega aðskildir heimar. Það er ekki bara ríkið sem hefur látið undir höfuð leggjast að byggja upp netþjónustu. Hefðbundnir fjölmiðlar á Íslandi hafa verið lengi að taka nýjungar netsins í notkun. Þá hafa starfandi netmiðlar litla ritstýringu. Það veldur því að óhróður og árásir eru daglegt brauð á netinu. Þessu er hins vegar töluvert öðruvísi farið erlendis þar sem er að finna mörg dæmi þess, að vandaðir fjölmiðlar starfa á netinu, eins og við Íslendingar höfum séð á síðustu


HAUKUR ARNÓRSSON


SIGURBJÖRG SIGURGEIRSDÓTTIR

dögum. Þá er ljóst að í opinberri umræðu hafa þær hefðir myndast að hátt hlutfall lesendabréfa (oft um 20% í Bandaríkjunum) er hent vegna ónógra gæða. Góð ritstýring þýðir að þeir sem skrifa fyrir netmiðla erlendis eru væntanlega betur varðir en hér á landi.

### Netið og hin upplýsta umræða

Múgæsing getur átt frítt spil á netinu. Upplýsingar og sjónarmið stjórnvalda, stjórnmálamanna, fræðimanna, háskólaumhverfisins og vandaðra fréttamanna ná síður til almennings, þar sem opinberir vefir og vefir fjölmiðla hafa ekki þróast með eðlilegum hraða í stafræna átt.

Samræðan á netinu er einnig of frumstæð og stenst engar gæðakröfur. Það gerir það meðal annars að verkum að einstaklingar og kannski einkum fræðimenn, sem eru vandir að virðingu sinni og vilja ekki fá yfir sig persónulegar svívirðingar, taka ekki þátt í umræðunni á netinu. Þess í stað birta þeir efni sitt í ritstýrðum miðlum, svo sem í tímaritum, í blaðagreinum eða koma fram hjá góðum ljósvakamiðlum. Þessir ólíku heimar gera það að verkum að þeir sem nota gömlu miðlana, gætu haft lítil skoðanamyndandi áhrif á netinu. Ef það er tilfellið dregur sú staða verulega úr lýðræðislegu gildi umræðunnar á netinu.

*Ef markmiðið er að þróa og styrkja íslenska fulltrúalýðræðið í átt til hins norræna og þar með að draga úr þeirri átakahefð sem hér hefur ríkt, er nauðsynlegt að styrkja rafræna stjórnsýslu, þróa netmiðla betur og auka þátttöku almennings í opinberum málum.*

Þannig er ekki tryggt að sú umræða sem fram fer á netinu styðjist við vandaðar upplýsingar og sannindi eins og þau gerast best hverju sinni. Því er eðlilegt og réttmætt að spyrja um upplýsta skoðanamyndun á netinu.

### Rafrænt lýðræði

Framtíðarsýn hinna alþjóðlegu hugmynda um rafrænt lýðræði stefnir ekki út fyrir kerfi fulltrúalýðræðisins. Rafrænt lýðræði hefur víðast erlendis einkum snúið að því að miðla upplýsingum til almennings og auka þátttöku hans og áhrif á ýmsum stigum fulltrúalýðræðisins. Aukin þátttaka almennings hefur vissulega áhrif á ákvarðanatöku, en rafræna lýðræðið beinist þó ekki að því að breyta formi ákvarðanatökunnar. Rafrænt lýðræði er þannig hugsað sem viðbót og stuðningur við fulltrúalýðræðið. Slíkur stuðningur er lítill á Íslandi þar sem stjórnvöld hafa ekki byggt upp öflugar upplýsingaveitur og verkfæri fyrir stjórnmálaþátttöku almennings á netinu, og því ekki lagt sitt af mörkum til að mæta stjórnmálaáhuga almennings á netinu. Það kemur sér sérstaklega illa núna þegar byggja þarf upp traust á stjórnvöldum að nýju.

### Beint lýðræði

Hugmyndir íslenskra netverja og jafnvel forseta Íslands um beina lýðræðið boða lýðræðisbreytingar, sem ganga í aðra átt en rafræna lýðræðið í okkar heimshluta. Svo virðist sem hugmyndir netverja hér á landi beinist oft að ákvarðanatökunni sjálfri (takkalýðræði). Aftur á móti eru flestir fræðimenn sammála um að beint lýðræði sé of frumstætt stjórnarform fyrir heilar þjóðir og að hættan á harðræði meirihlutans sé of nálæg. Einfalt meirihlutalýðræði gefur ekki endilega besta svarið við ýmsum flóknum samfélagslegum spurningum. Bein ákvarðanataka almennings er því alltaf háð sérstökum aðstæðum og spyrja má hvort þær aðstæður séu til staðar.

### Hið norræna lýðræði

Stjórnmál á hinum Norðurlöndunum hafa einkennst af samræðu- eða samráðsstjórnmálum, meðan stjórnmál á Íslandi einkennast af átakahefð. Fulltrúalýðræðið á Norðurlöndum er álitið eitt þróaðasta lýðræði í heimi. Ákvarðanataka fulltrúalýðræðisins gerir ráð fyrir upplýstum umræðum og víðtæku samráði. Ekki er tryggt í þjóðaratkvæðagreiðslu að ákvarðanir einstaklinga byggi á slíku.

Við hrun íslenska fjármálakerfisins hefur komið á daginn að þróun íslenska lýðræðisins er skemmra á veg komin en ætla mátti. Ef vilji stendur til þess að þróa og styrkja framkvæmd íslenska fulltrúalýðræðisins í átt til hins norræna og þar með leitast við að draga úr þeirri átakahefð sem hér hefur ríkt, er nauðsynlegt að styrkja rafrænt lýðræði. Þá þurfa ákvarðanir um þjóðaratkvæðagreiðslur að taka mið af því markmiði og það tryggt að vandaðar upplýsingar berist almenningi og að skoðanaskipti séu málefnaleg og boðleg að öðru leyti. Beint lýðræði þarf að styðja við þróun fulltrúalýðræðisins. Að öðrum kosti er hæpið að þjóðaratkvæðagreiðslur efli íslenska lýðræðið.

*Höfundar eru stjórnsýslufræðingar.*

# Vilja borgarbúar samgöngumiðstöð?

**UMRÆÐAN**

Reynir Sigurbjörnsson skrifar um borgarmál

Hvað á að gera við nýja samgöngumiðstöð ef hún á aðeins að skapa vinnu fyrir verkfræðinga og iðnaðarmenn í tímabundin störf og vera endastöð fyrir landsbyggðina?

Ef þetta verður raunin er betra að verja fjármunum lífeyrissjóðanna í önnur verkefni, nema að farið verði í heildarskipulag á höfuðborgarsvæðinu þar sem allt er undir.

Reykjavík á að vera félagslega örugg, með góðri nærþjónustu og vistvænum samgöngum. Byrja mætti á því sem hægt er að kalla miðju borgarinnar, út frá nýrri samgöngumiðstöð og spítala, en þarna eru einnig tveir háskólar og gamli miðbærinn. Þarna verður til sá möguleiki að byrja að skipuleggja nýja vistvæna borg.


REYNIR SIGURBJÖRNSSON

Með nýrri samgöngumiðstöð er hægt að leggja teina til Keflavíkur og taka upp lestarsamgöngur frá miðborg Reykjavíkur með tengingu við nágrannasveitarfélögin til Keflavíkurflugvallar sem yrði drifin á innlendum orkugjafa.

Þegar hægt er að komast á milli miðborgar og flugvallar á skömmum tíma verður fyrst grundvöllur til að leggja niður flugvöllinn í Vatnsmýrinni.

Með grænni samgöngustefnu og innlendum orkugjöfum á almenningsfarartæki verður Reykjavík leiðandi í vistvænum samgöngum og sýnir þar með hvernig hægt er að leggja sitt af mörkum til að draga úr kolefnislosun. Jafnframt styrkjast efnislegir og félagslegir innviðir höfuðborgarsvæðisins, með uppbyggingu og atvinnusköpun vegna samgöngumannvirkja, uppsetningar á kerfum fyrir innlenda og vistvæna orku sem er þar að auki gjaldeyrissparandi.

Ný borgarstjórn á að láta Orkuveituna beina kröftum og fjármagni í samvinnu við ríkið til uppbyggingar fyrir vistvænar samgöngur á höfuðborgarsvæðinu.

Með flutningi verkefna frá ríki til borgar, sem Samfylkingin ætti að beita sér fyrir í nýrri borgarstjórn, getur borgin tekið yfir alla nærþjónustu sem hefur verið á forræði ríkis, eins og t.d. löggæslu, umferðarmál, öldrunarmál, málefni fatlaðra og fleira. Þar er Reykjavík mun betur í stakk búin að greina þarfir íbúanna en ríkisvaldið.

*Höfundur er rafvirki og býður sig fram í prófkjöri Samfylkingarinnar í Reykjavík.*

**ÍTURVAXNAR FYRIRSÆTUR** fengu að skína í nýjasta hefti tískutímaritsins V Magazine. Tímaritið varði stórum hluta febrúarheftisins undir stóru stelpurnar. Er það talið til marks um að fyrirsætur í stærri stærðum eru ekki lengur tabú í tískuiðnaðinum. Fyrirsæturnar voru myndaðar af norska ljósmyndaranum Sølve Sundsbø sem reglulega tekur auglýsingamyndir fyrir Givenchy, Gucci og Hermes.







ÚTSALA

hjá Hrafnhildi

Sími: 581 2141 - www.hjahrafnhildi.is




Ríkey og Margrét í húsnæði listasmiðjunnar í Norðurpólnum. Ríkey, sem er komin sjö mánuði á leið, er í þægilegum indverskum kjól en Margrét í blússu sem hún keypti á markaði í KR-heimilinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Flottar í Norðurpólnum

**Margrét Vilhjálmsdóttir leikkona og Ríkey Kristjánsdóttir búningahönnuður undirbúa tökur á sýningunni Hnykli sem nýlega var sýnd í Norðurpólnum. Báðar hafa þær gaman af því að klæða sig upp á.**

„Þessa bláu blússu fékk ég á markaði hjá KR fyrir jólin,“ segir Margrét glaðlega og bætir við að blússan hafi alveg bjargað selskapslífinu fyrir jólin. „Svo er ég í leðurlíkisbuxum frá Topshop sem ég hef varla farið úr síðan í ágúst,“ segir hún og hlær.

Ríkey er komin sjö mánuði á leið og vill því helst vera í þægilegum fötum. Jogginggallinn kemur þó ekki til greina heldur aðeins mjúkir kjólar á borð við þann sem hún er í á myndinni. „Þessi er indverskur úr æðislegri búð á Indlandi sem heitir Cotton,“ segir Ríkey og bætir við að langflest föt sín kaupi hún notuð.

Margrét og Ríkey stóðu saman að sýningunni Hnykli í lok síðasta árs. Þær höfðu fengið leigt gamalt og hrátt vöruhúsnæði úti á Gróttu, að Bygggörðum 5, en húsið er í daglegu tali kallað Norðurpóllinn. „Við vorum heppnar að fá leigt þetta húsnæði en það var ákaflega erfitt að fá húsnæði á þessum tíma,“ segir Margrét en eftir að sýningum á Hnykli lauk hafa krakkar sem voru að vinna með þeim tekið við rekstri hússins og munu reka þar listasmiðju og leikhús. „Þetta er rosa gott fyrir listamenn og fullt af hópum að fara af stað með leiksýningar í húsnæðinu á næstunni,“ segir Margrét.

Þó sýningum Hnykils sé lokið leynis eldur í öskunni. „Við erum að undirbúa tökur á verkinu,“ segir Margrét og lýsir því um hvað verkið snýst. „Það fjallar um heilann og skynjanir hans. Við skiptum þessu 1.500 fermetra húsnæði í vinstra og hægra heilahvel og byggðum tuttugu leikmyndir þar sem gestir gengu einn og einn í gegnum allt verkið. Þannig verður myndin einnig uppbyggð.“

Og hvenær má búast við að kvikmyndin líti dagsins ljós? „Ég geri ráð fyrir að hún verði tilbúin á þessu ári ef allt gengur að óskum,“ segir Margrét létt í bragði.

*solveig@frettabladid.is*




friendtex

DÚNDUR ÚTSALA

MIKIÐ ÚRVAL AF ELDRI FATNAÐI

FRÁ KR 1000

ALLAR PEYSUR 2 FYRIR 1

ALLAR BUXUR 2 FYRIR 1

Opnunartími

Mán. til fös. 11.00-18.00 laug. 11.00-16.00

Bonito ehf. Friendtex,
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 - www.friendtex.is

Auglýsingasími

512 50 50

– Mest lesið

ÚTSALA

20-50% afsláttur

af völdum vörum




10.000 kr. vöruúttekt fylgir hverju heilsurúmi

Svefn & heilsa

Fyrst og fremst í heilsudýnum

3 mán. vaxtalausar greiðslur

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150

Opið virkadaga frá 10.00-18.00 lau 12.00-16.00

www.svefn.is

# ;TÍSKA



**GRACE KELLY** var stjarna, fegurðardís og prinsessa. Hún þótti einnig smart með eindæmum. Nú geta þeir tískuspekúlantar sem eiga leið um London í apríl farið að hlakka til því sýning á fötum hennar verður sett upp í safninu V&A í borginni.

## Rísandi stjarna

GEORGIA MAY JAGGER LÆTUR AÐ SÉR KVEÐA Í TÍSKUHEIMINUM.

Hin átján ára Georgia May Jagger, dóttir þeirra Jerry Hall og Micks Jagger, söngvara Rolling Stones, er ótvírætt stjarna á uppleið. Hún sat fyrir á sinni fyrstu Vogue-forsíðu í nóvember í fyrra og var kjörin fyrirsæta ársins á bresku tískuverðlaunahátíðinni mánuði síðar. Nú leggur hún upp í sína fyrstu vöruherferð með engri annarri en Donatellu Versace.

„Hún er töff, með sterkan persónuleika, fögur og full af orku auk þess að vera gædd sönnum stjörnueiginleikum. Ég dái hana og hún er einmitt rétta manneskjan til að kynna nýju línuna okkar,“ sagði Donatella Versace þegar samningurinn var gerður opinber. *- ve*



Þrátt fyrir ungan aldur hefur Georgia vakið mikla athygli. NORDICPHOTOS/GETTY



Litrík silkiflík og rauður hattur frá Cavendish.



Munstraður kjóll, leðurgrifflur og hattur eftir Juliönu Jabour.



Kúrekahattar voru Mariu Bonitu Extra hugleiknir.

# Hattar og höfuðföt í Ríó

**Hitinn í Brasilíu kallar ekki beint á hlýlegan fatnað. Þó voru ýmsar húfur, hettur og hattar í algleymingi á tískuviku í Rio de Janeiro í vikunni.**

Rio de Janeiro er vaxandi tískuborg og á tískuvikuna sækja æ fleiri þungavigtarmenn og -konur í tískubransanum.

Á tískuvikuna mættu bæði brasilískir og alþjóðlegir tískuhönnuðir sem sýndu hvað þeir hafa upp á að bjóða fyrir haustið og veturinn 2010. Athygli vakti að ýmis konar höfuðföt, frá kúrekahöttum til furðulegra skúlptúra voru fjölmörgum tískuhönnuðum hugleikin á sýningunni.

*solveig@frettabladid.is*



Acquastudio sýndi marga flotta kjóla og voru flestar fyrirsæturnar með sætar húfur á borð við þessa.

Breitt belti við fágaðan jakka og skrautleg húfa úr smiðju Juliönu Jabour.

All sérstæð flík frá Acquastudio.




teg. 42022 - mjög fallegur og haldgóður í BCD skálum á kr. 3.950,- buxur í stíl á kr. 1.950,-



teg. 42027 - virkilega þægilegur og góður í CDE skálum á kr. 3.950,- buxur í stíl kr. 1.950,-

Misty - fyrir allar konur

Sími 551 3366.
Opið mán.-fös. 10-18,
laugard. 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is



Frábær vara á góðu verði

Heilstæðar kremlínur fyrir þig
- Q10 fyrir húð sem er að byrja að eldast
- Lift- fyrir eldri húð
- Margar nýjungar í boði




Sölustaðir: Apótek og snyrtivörudeildir



TRIND
Avallt No 1




Nákvæmar íslenskar leiðbeiningar á www.Trind.com
Útsölustaðir: Apótek og snyrtivöruverslanir









dömu/herra belti
Flex kr. 22.900,-
Nú kr. 18.393,-
Flex Max kr. 27.900,-
Nú kr. 22.409,-
System kr. 33.900,-
Nú kr. 27.228,-

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is



White-Westinghouse
- amerísk gæða heimilistæki



12 kg
Þvottavél og þurrkari

· Tekur 12 Kg · Hljóðlát
· Stórt op > auðvelt að hlaða
· Sparneytin

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS



ULTRATONE
Faxafeni 12
sími 588-1166

Áhrifarík meðferð
grenning - styrking - líkamsþjálfun

Frír prufutími

Komdu þér í form á nýju ári!
20% afsláttur út janúar.

REYNSLUSÖGUR...

Virkar tvímælalaust!
Ég hef gengið með fimm börn.
Nú er ég með stinnari húð og sléttari maga.
Frábær uppfinning!
-- Þorgerður

Fór bæði til grenningar og líka til að losna við vöðvabólgu. Hef misst ótrúlega marga sentimetra. Var búin að vera með hausverk í viku vegna vöðvabólgu í öxlum, fór í einn tíma í ULTRATONE og vöðvabólgan snar minnkaði og hausverkurinn að sjálfsögðu hvarf.
-- Ágústa



www.ultra.is ultra@ultra.is






# Fartölvur

Sérblað • Fimmtudagur 14. janúar 2010



































▲

**PACKARD BELL DOT.M NC229 – 11,6" skjár**
AMD Athlon 64 L110 Single Core 1.2Ghz örgjörvi HyperTransport
2GB DDR2 533MHz vinnsluminni
250GB SATA 5400 rpm harður diskur
Skjár - 11.6" HD LED DiamondView 16:9,1366x768 upplausn
512MB ATI Radeon X1270 skjárstýring með 128MB sjálfst.minni
Lyklaborð í fullri stærð
6-Cell LI-ion rafhlaða með allt að 5 tíma endingu
Getur tengst þráðlaust DVD drifi í annarri vél
Innbyggð 0.3MP vefmyndavél
Innbyggður kortalesari fyrir flest minniskort
Fislétt og örþunn aðeins 1,3kg



▲

**ACER EXSTENSA 5230E-2913 – 15,4" skjár**
Intel Celeron 900 2.20GHz örgjörvi
3 GB DDR2 vinnsluminni, stækkanlegt
250GB SATA 5400 rpm harður diskur
Skjár – 15,4" WXGA með 1280x800 upplausn
512MB Intel X4500 HD DX10 skjástýring
6-Cell LI-ion rafhlaða með allt að 2,5 tíma endingu
Innbyggð 1,3MP vefmyndavél
Innbyggður kortalesari fyrir flest minniskort



▲

**ACER ASPIRE 5542-1462 – 15,6" skjár**
AMD Athlon II M300 / 2 GHz Dual-Core Örgjörvi
4Gb DDR2-667 vinnsluminni
320GB SATA 5400 rpm harður diskur
Skjár – 15,6" WXGA með 1366x768 upplausn
ATI Mobility Radeon HD 4200 skjástýring
6-Cell LI-ion rafhlaða með allt að 3 tíma endingu
DVD+/-RW Dual Layer Skrifari
Innbyggður kortalesari fyrir flest minniskort
1,3MP vefmyndavél
Windows 7 Home Premium



▶

**SAMSUNG R522-JS02SE – 15,6" skjár**
Intel Core 2 Duo T6500 / 2.1 GHz örgjörvi
4Gb DDR2 vinnsluminni
500 GB - SATA 5400 rpm harður diskur
Skjár – 15,6" WXGA með 1366x768 upplausn
ATI Mobility Radeon HD 4200 skjástýring
6-Cell LI-ion rafhlaða með allt að 3,5 tíma endingu
DVD+/-RW Dual Layer Skrifari
Innbyggð vefmyndavél
Innbyggður kortalesari fyrir flest minniskort
Windows 7 Home Premium



● **LENGRI LÍFTÍMI** Margt ber að hafa í huga þegar lengja á líftíma tölva. Skynsamlegt er að láta yfirfara tölvur reglulega og láta hreinsa úr þeim ryk, fara yfir stýrikerfi og rekla og athuga með vírusvörn og váforritavörn. Oft geta litlar uppfærslur lengt líftíma tölvubúnaðar um nokkurn tíma.





**Arnar Stefánsson, verslunarstjóri hjá BT Skeifunni, segir takmark BT vera að bjóða upp á vandaðar vélar og góða þjónustu.**
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Breið lína fyrir mismunandi þarfir tölvunotenda

**Arnar Stefánsson, verslunarstjóri hjá BT Skeifunni, segir BT bjóða upp á nokkuð breiða línu í fartölvum enda geti þarfir viðskiptavina verið afar mismunandi.**

Þeim sem eru mikið á ferðinni, og þá með tölvuna með sér, henta fistölvur vel til notkunar. „Fistölvur eru léttari en almennar fartölvur og eru því til að mynda mikið notaðar af skólafólki. Þar bjóðum við til dæmis upp á flotta 11 tommu vél frá Packard Bell sem vegur aðeins 1,3 kíló. Rafhlaðan dugar þar í allt að fimm tíma og hentar vélin því skólafólki vel," segir Arnar

Stærri fartölvur, fyrir fólk með meiri kröfur, eru að sögn Arnars valdar út frá því hvað henti hverjum og einum. „Acer Extensa er til dæmis góð fyrir þá sem eru í þessari almennu notkun, að skoða tölvupóstinn sinn, fara á internetið og vinna með Excel og Word," segir Arnar en vélin er búin öllu því helsta, svo sem vefmyndavél og kortalesara.

BT býður einnig upp á nokkrar tölvur í næsta gæðaflokki, og Arnar nefnir þar meðal annars til sögunnar Acer Aspire 5542 „Munurinn á þeirri vél og þeim sem ég nefndi áður er til dæmis sá að hún þykir flottari í útliti og er með breiðtjaldsskjá sem er 15,6 tommur. Tölvan er breiðari fyrir vikið og er því komið talnaborð á hana. Fyrir þá sem vinna mikið með tölur er þetta betri kostur."

Arnar nefnir að lokum til sögunnar sérstaklega vandaðar tölvur en BT er með Samsung-línu í fartölvum og ber þar helst að nefna Samsung R522. „Sú tölva er með 15,6 tommu skjá og er með öflugan örgjörva, sem gerir alla vinnslu hraðari. Tölvan er þá komin með stóran harðan disk og meira vinnsluminni en almennt er." Einnig má nefna að mun fleiri gerðir Samsung véla eru væntanlegar í BT.

Acer Aspire og Samsung vélarnar eru báðar með Windows 7, sem þykir notendavænna stýrikerfi en sést hefur áður. Allar þessar vélar eru með innbyggðum kortalesara fyrir flestar tegundir minniskorta og innbyggðum vefmyndavélum.

● **LÖGSÆKJA KÍNVERSKA RÍKIÐ** Fyrirtæki í Kaliforníu hefur krafist 2,2 milljarða dollara af kínverskum yfirvöldum. Ástæðan er sú að fyrirtækið, sem ber heitið Cybersitter, telur að yfirvöld í Peking hafi stolið hugbúnaði þess til að koma í veg fyrir aðgang fólks að pólitískum og trúarlegum síðum í Kína. Cybersitter hefur af þeim sökum lögsótt kínversk yfirvöld, tvö kínversk fyrirtæki og sjö framleiðendur PC-tölva fyrir misnotkun viðskiptaleyndarmála, ójafna samkeppni, brot á höfundarrétti og samsæri. *- sg*




**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 | **Umsjónarmaður auglýsinga:** Hlynur Steingrímsson hlynurs@365.is s. 512 5439

# Safnar sjaldgæfum gripum


Gunnar hefur safnað tölvum um árabil og á nú meira en 200 safngripi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Gunnar Guðjón Ingvarsson á sér óvenjulegt áhugamál en hann hefur á síðustu fjórtán árum safnað gömlum tölvum af ýmsum toga. „Þetta byrjaði með því að ég fór að safna leikjatölvum sem voru framleiddar frá 1974-1980 en ákvað svo að safna sjaldgæfum tölvum, svo sem Sinclair og Atari,“ segir Gunnar .

Elsti gripurinn, Magnavox Odyssey, er leikjatölva frá árinu 1974 en yngsti 17 ára leikjavél frá Commodore. Gunnar státar af einni fartölvu, Commodore SX-64, frá 1983/84 sem er með þeim elstu sem hafa verið framleiddar fyrir almennan markað. „Hún er ekkert í líkingu við þær nýju enda 15 kíló og því níðþung,“ segir hann og hlær en til samanburðar má geta þess að léttustu fartölvur vega rúmt kíló í dag.


Commodore SX-64 fartölva, sem vegur hvorki meira né minna en 15 kíló.

Í tölvusafni Gunnars eru nú 200 vélar, allar heillegar. „Svo á ég líka um fjörutíu tölvur sem ekki eru heilar en sit á þeim þar til ég eignast betri eintök,“ upplýsir hann og bætir við að hann fari eftir ákveðnu kerfi við söfnunina. „Ég safna ekki yngri tölvum en frá 1994 þar sem flestir samkeppnisaðilar PC hurfu þá af sjónarsviðinu og framboðið varð á vissan hátt einsleitara.“

Stóran hluta tölvanna hefur Gunnar keypt á uppboðsvefsíðum þar sem sjaldgæfir söfnunargripir eru sjaldséðir hérlendis. Hann viðurkennir að áhugamálið sé dýrt. „Varahlutirnir eru dýrir. Einn takki á lyklaborð getur kostað 3.000 krónur og sú tala er fljót að hækka ef takkarnir eru margir.“ En hvar er þetta allt saman geymt. „Á góðum á stað,“ segir Gunnar og hlær. *- rve*


Gísli Þorsteinsson segir ýmsar spennandi nýjungar á leiðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Léttari vélar væntanlegar

**IdeaPad og ThinkPad hafa fengið góða dóma fyrir hönnun og virkni. Enn fullkomnari vélar á leiðinni, segir Gísli Þorsteinsson hjá Nýherja.**

„Öll þróun fartölva miðar að því að gera þær léttari og þynnri án þess að fórna afköstum og gæðum. Notendur eru alltaf á ferðinni, vilja tengjast umheiminum og nálgast gögn hvar og hvenær sem er. IdeaPad- og ThinkPad-vélar frá Lenovo eru dæmi um slíkt en framleiðandinn hefur unnið til fjölda verðlauna fyrir hönnun og virkni,“ segir Gísli Þorsteinsson hjá Nýherja.

Flestir þekkja ThinkPad-vélarnar en þær hafa áunnið sér traustan sess sem eitt helsta og endingarbesta atvinnutækið. IdeaPad-vélarnar eru léttari og ætlaðar til sérhæfðari verka: léttrar ritvinnslu, ráps á netinu eða kvikmyndaáhorfs. „IdeaPad eru ákaflega nettar fartölvur og henta vel fyrir heimili og grunn- og framhaldsskólanema, þar sem áherslan er á netið og hvers kyns einfaldar aðgerðir,“ segir Gísli og bætir við að IdeaPad hafi fengið góða dóma í fagtímaritum og vakið athygli fyrir góða hönnun, eins og framleiðandinn Lenovo er þekktur fyrir.

„Þær ThinkPad-vélar sem eru væntanlegar í sölu taka einnig mið af því að notendur vilja smærri og léttari vélar en gera áfram kröfu um mikil afköst. Svokallaðar Edge-vélar taka mið af þeirri þróun en þær eru ætlaðar atvinnulífinu og þeim sem þurfa á öflugu vinnutæki að halda. ThinkPad Edge-vélarnar er með um 13 tommu skjá og fást í fleiri en einum lit, rauðum og svörtum, sem er nýlunda hjá ThinkPad-vélum, en þær komu fyrst á markað. „Helstu ástæður fyrir því eru hönnun á lyklaborði, gæði og svo hin margrómaða ThinkVantage-tækni þar sem áhersla er á notendaumhverfið, rekstrarkostnað og öryggi. Einnig hefur Lenovo verið fyrst á markað með margar nýjungar, allt frá DVD-drifi til TPM-öryggislausna, hreyfiskynjara fyrir diska og fingrafaralesara í fartölvum.“

Gísli segir ThinkPad-vélarnar hafa unnið til fjölda verðlauna frá því að þær eru þekktar fyrir sinn svarta lit.“

Þá má nefna að ThinkPad X- og T Series-tölvurnar eru með skynjara sem nemur breytingar, til dæmis ef þær falla í gólfið. „Um leið og vélin skynjar það læsir hún lestrararmi harða disksins og minnkar þar með hættuna á skemmdum. Með þessum búnaði er fjórum sinnum ólíklegra að tölvan verði fyrir skemmdum við áfall eins og að detta á gólf.“

Einnig er byggingarefni ThinkPad T Series títaníum og magnesíum sem gerir það að verkum að þær eru einstaklega léttar. Hægt er að hafa eitt drif í vélinni sem má skipta út þótt tölvan sé í gangi. „Þá er hún sterkari en aðrar sambærilegar tölvur.“




**Lenovo ThinkPad Edge**
Ætluð smærri fyrirtækjum og einstaklingum.
Skjár: 13,3" HD skjár
Nýtt lyklaborð – sömu gæðin
Örgjörvi: AMD og Core 2 Duo
Pinna- og snertimús
Rafhlöðuending: 7:40 klst
Stærð: 332x228x14-30mm
Þyngd: 1,7kg
Vætanleg í sölu hér á landi í febrúar 2010.



**IdeaPad U350**
Skjár: 13,3" HD LED glossy (1366x768) 16:9 200 nits
Örgjörvi: Intel Core 2 Solo SU2700 1,3GHz
Rafhlaða: LiIon 4 sellu, allt að 5:00 klst.
Flýtiminni: 2MB
Stýring: Mobile Intel GS40
Minni: 3GB (4GB mest, 2 raufar)
Diskur: 250GB 5400sn. 2,5"
Myndavél: Já, 1,3Mp
Þyngd: 1,6 kg



**Lenovo ThinkPad X100e**
Ætluð fyrirtækjum og einstaklingum.
Skjár: 11,6"
Örgjörvi: AMD
Þyngd: 1,47 kg
Rafhlöðuending: Að lágmarki 5 klst
Væntanleg í sölu hér á landi í febrúar 2010.



**Umslög fyrir smærri fartölvur.**
Mikið litaúrval.



**ThinkPad**
Fartölvutöskur.

NÝHERJI
Borgartúni 37 • www.nyherji.is



**Dell Precision M4400 -**
Intel Core 2 Duo P8600 örgjörvi
2.4GHz, 1066MHz FSB, 3MB Level 2 Cache
4.0GB 800MHz DDR2 SDRAM vinnsluminni (2x2048MB)
15.4” WUXGA skjár (1920 x 1200) 2CCFL baklýsing
Innbyggð 2.0 Megapixla vefmyndavél & hljóðnemi
512MB nVidia Quadro FX770M skjákort
250GB 7200rpm “Free Fall Sensor” harður diskur
8x DVD+/ RW geisladrif
10/100/1000 Gigabit Ethernet netkort
Del 1510 (802.11 a/g/n) þráðlaust netkort
Dell 370 innbyggt bluetooth
Innbyggt HD hljóðkort, hátalari og hljóðnemi
IEEE-1394, USB 2.0 (x4), VGA, Display Port, RJ-45
eSATA, USB PowerShare, headphone/speaker out, mic
PC-Card, 5-in-1 minniskortalesari
9 Cell 85WHr rafhlaða með ExpressCharge
Allt að 5.3 klst. rafhlöðuending*
Windows 7 Professional (32 Bit) með geisladiski
Þyngd frá 2.69kg
3ja ára ábyrgð á verkstæði EJS / 1 ár á rafhlöðu



**Dell Latitude E6400 ATG fartölva**
Intel Core 2 Duo P8600 örgjörvi
2.4GHz, 1066MHz FSB, 3MB Level 2 Cache
4.0GB 800MHz DDR2 SDRAM vinnsluminni (2x2048MB)
14.1” Premium WXGA LED skjár (1280 x 800)
Intel GMA 4500MHD skjástýring
160GB 7200rpm “Free Fall Sensor” harður diskur
8x DVD+/- RW geisladrif
10/100/1000 Gigabit Ethernet netkort
Dell 1510 (802.11 a/b/g/n) þráðlaust netkort
Dell 370 innbyggt bluetooth
Innbyggt HD hljóðkort, hátalari og hljóðnemi
Smartkortalesari
IEEE-1394, USB 2.0 (x4), VGA, Display Port, RJ-45
eSATA, USB PowerShare, headphone/speaker out, mic
PC-Card, 5-in-1 minniskortalesari
6 Cell 54WHr rafhlaða með ExpressCharge
90W AC spennugjafi/hleðslutæki
Windows Vista Business SP1
Latitude E6400 recovery DVD
Þyngd frá 2.65kg
3ja ára ábyrgð á verkstæði EJS / 1 ár á rafhlöðu



**Dell Latitude E6400 fartölva**
Intel Core 2 Duo P8600 örgjörvi
2.4GHz, 1066MHz FSB, 3MB Level 2 Cache
2.0GB 800MHz DDR2 SDRAM vinnsluminni (1x2048MB)
14.1” WXGA+ skjár (1440 x 900) LED baklýsing
Innbyggð 2.0MP vefmyndavél ásamt hljóðnema
256MB nVidia Quadro NVS 160M skjákort
160GB 7200rpm “Free Fall Sensor” harður diskur
8x DVD+/- RW geisladrif
10/100/1000 Gigabit Ethernet netkort
Intel WiFi 5100 (802.11 a/b/g/n) þráðlaust netkort
Dell 370 innbyggt bluetooth
Innbyggt HD hljóðkort, hátalari og hljóðnemi
Touchpad með UPEK fingrafaralesara
Smartkortalesari
IEEE-1394, USB 2.0 (x4), VGA, Display Port, RJ-45
eSATA, USB PowerShare, headphone/speaker out, mic
PC-Card, 5-in-1 minniskortalesari
6 Cell 85WHr rafhlaða með ExpressCharge
Allt að 6.6 klst. rafhlöðuending*
Windows Vista Business
Þyngd frá 2.15kg
3ja ára ábyrgð á verkstæði EJS / 1 ár á rafhlöðu



**Dell Studio XPS 16 fartölva**
Afl og glæsileiki sameinað í þessari einstöku fartölvu frá Dell

Intel Core 2 Duo P8700 örgjörvi
2.53GHz, 1066MHz FSB, 3MB L2 Cache
4GB 1067MHz DDR3 vinnsluminni (2x2048)
15.6” Truelife 1080p Full HD WLED skjár
Innbyggð 2.0 mega pixel myndavél
Innbyggðir tveir digital hljóðnemar
1GB ATI Radeon HD 4670 skjákort
320GB 7.200rpm harður diskur
DVD+/-RW geisladrif ásamt hugbúnaði
Innbyggt 10/100/1000 netkort
Intel WiFi 5100 (802.a/b/g/n) þráðlaust netkort
Dell TrueMobile 370 innbyggt Bluetooth
Soundblaster Audigy Advanced HD hljóðkort
Innbyggðir hátalarar með Subwoofer
TouchPad snertimús
Tengi:
- 2x USB 2.0, 1x USB 2.0/e-SATA með PowerShare
- IEEE 1394a FireWire, 54mm Express Card,
- VGA, HDMI, Display Port
- tengi fyrir heyrnartól & hljóðnema
- 8-1 minniskortalesari
6-cell Lithium-Ion rafhlaða (56 WHr)
Rafhlöðuending allt að 4.6 klst
90W AC spennugjafi/hleðslutæki
Windows 7 Home Premium (64Bit)
Þyngd frá 2.91kg
3ja ára ábyrgð á verkstæði EJS / 1 ár á rafhlöðu



**„Á sama tíma og fartölvurnar verða þynnri og rafhlöðurnar endingarbetri er einnig krafa um að þær skili sömu afköstum og borðtölvur,“ segja þeir Bjarni Þór og Páll sem selja Dell-tölvur eins og sjóðheitar lummur í EJS á Grensásvegi 10.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Aukast að afli og getu en minnka að umfangi

**Litlir skjáir, mikil vinnslugeta og örgjörvar sem nota lága spennu eru kostir sem fartölvur frá Dell hafa til að bera. Fyrirtækið EJS á Grensásvegi 10 er með umboð fyrir þær og þar verða Bjarni Þór Sigurðsson sölustjóri og Páll Egonsson vörustjóri fyrir svörum.**

„Í fartölvutækninni er það helst að gerast að vélarnar verða sífellt öflugri og þynnri,“ byrjar Bjarni Þór þegar þeir félagar eru inntir frétta af helstu nýjungum úr heimi fartölvanna. „Það hefur líka aukist á síðustu árum að fólk fái sér fartölvur með smærri skjám og Dell hefur brugðist við því á ýmsan máta og er með allt niður í 10 tommu skjái. Einnig eru komnir örgjörvar sem nota lága spennu, ultra low voltage, skammstafað ulv.“

Hér tekur Páll við fræðslunni. „Allir fartölvuframleiðendur eru í kapphlaupi um að ná sem mestu út úr rafhlöðunum. Það gera þeir með hönnun nýrra örgjörva og nýrra skjáa. Hefðbundnar tölvur skila frá einum og hálfum upp í fjögurra klukkutíma hleðslu en við erum með tölvu með rafhlöðum sem endast allt upp í 18 klukkutíma.“

„Á sama tíma og tölvurnar verða þynnri og rafhlöðurnar endingarbetri er einnig krafa um að fartölvur skili sömu afköstum og borðtölvur og við erum með allt frá einföldum vélum sem henta til ritvinnslu upp í vélar sem eru jafn öflugar og borðtölvur,“ tekur Bjarni Þór aftur til máls og nefnir til dæmis Latitute-vélar og stóra bróður þeirra, Precision. „Þær búa yfir mikilli vinnslugetu og henta vel arkitektum, verkfræðingum, hönnuðum og öðrum stéttum sem þurfa mikið að reikna og teikna.“ Dell Latitude er ein fullkomnasta fartölva sem völ er á að sögn þeirra Bjarna Þórs og Páls. Þeir segja hana vinsæla hjá fólki sem mikið þurfi að ferðast starfs síns vegna og hægt sé að fá valdar Latitude fartölvur með aukabúnaðinum ON. „Þó slökkt sé á vélinni er hægt að ræsa upp annan örgjörva á 5-8 sekúndum. Um leið er ræst Linux stýrikerfi svo hægt sé að skjótast inn á tölvuna hvar sem er í heiminum til að komast í samband við netið og tölvupóstinn. Um leið lengist líftími rafhlöðunar upp í allt að 19 tímum.“

Stöðugt koma nýjar fartölvur til sögunnar í EJS. Ein ný heitir Dell Inspiron 11 Z. Hún kom reyndar fyrst fyrir jól en seldist þá upp á tveimur dögum. Hún er með 11 tommu skjá en lyklaborðið er ekki beint við hæfi stórra handa. „Þessar vélar eru meðfærilegar og þægilegar og henta fólki sem vill vera með tölvur í stað snjallsíma,“ benda þeir á.

„Allar tengingar eru BlueTooth og þráðlausar og möguleiki er að hafa 3G-kort innbyggt í þær.“ Spurðir um verð upplýsa þeir að 11 Z sé á 125.000.

„Þrátt fyrir breytingar á genginu þá höfum við reynt að halda verðinu niðri á okkar vörum og Dell hefur þar komið til móts við okkur,“ lýsa þeir Bjarni Þór og Páll að lokum.



**E/View - fartölvustandur**
Hæðarstillanlegur standur fyrir fartölvur
Festing fyrir Dell Latitude E-Port Replicator

**1410x skjávarpi (2700 Lumens)**
Vandaður, áreiðanlegur og góð gæði fyrir viðskiptalífið á viðráðanlegu verði.

S450 DMD, DarkChip3 skjávarpi
Birta: 2.700 ANSI Lumens (max)
Skerpa 2.200:1 Dæmigerð
1024 x 768 (XGA) Native Resolution
Linsa:
- F-Stop: F/ 2.41-2.55
- Focal length: f=21.8~24mm
Handvirkur aðdráttur, focus & keystone
Stærð myndflatar 22.9- 303 tommur
Vörpunarfjarlægð 1.0m - 12m

200W pera 3.000 klst. (4.00
sparnaðarham)
Einföld og þægileg fjarstý
Innbyggður hátalari 2 Wa
252W orkunotkun (226W í
sparnaðarham)
35 dB(A) Full-on mode, 29
Eco-mode
2.4 kg, 286mm x 192mm x
(B x D x H)

Verð: 249.900 Kr





Gavilan-fartölvan kom á markað 1983.



IBM setti IBM 5155 á markað í febrúar 1984. Henni svipar tölu-vert til Osborne-tölvunnar.



Grid 1101 var notuð í geimferj-um NASA.



Í september 1989 setti Apple á markað fyrstu Macintosh Portable-tölv-una sem síðar þróaðist í Powerbook.



Osborne 1 er af flestum sagnfræð-ingum talin vera fyrsta fartölvan.



TRS-80 kom á markað 1983. Hún var vinsæl meðal blaðamanna þar sem gott var að skrifa á hana og batterí-ið entist í tuttugu klukkutíma.

# Fartölvur fortíðarinnar

**Fyrstu fartölvurnar komu á markað á níunda áratugnum. Þær voru töluvert fyrirferðar-meiri en þær sem við eigum að venjast í dag.**

Erfitt er að segja til um hvenær nákvæmlega fartölvan var fundin upp. Fyrstu tölvurnar sem hægt var að flytja með sér litu ekki út eins og fartölvurnar sem við eigum að venjast í dag, sem líkjast helst bókum sem má opna. Þær voru ívið fyrirferðarmeiri en flokk-uðust þó sem fartölvur enda var hægt að burðast með þær á milli staða og sitja með þær á hnjánum, þó líklega ekki í lengri tíma.

Nokkrar tölvur eru meðal þeirra sem taldar eru til fyrstu fartölv-anna. Árið 1979 hannaði William Moggridge tölvuna Grid Compass fyrir Grid Systems Corporation. Tölvan vó aðeins einn fimmta af því sem aðrar tölvur með álíka getu vógu á þessum tíma. Grid Compass var notuð í geimferjum NASA í byrjun níunda áratugar-ins. Tölvan var með 340 kílóbæta minni og kostaði meira en svo að almenningur gæti leyft sér að kaupa hana.



Fyrstu hönnuðir fartölva hafa líklega látið sig dreyma um svona tölvur sem hægt væri að nota hvar sem er.
NORDICPHOTOS/GETTY

Manny Fernandez þróaði hug-mynd að fartölvu fyrir viðskipta-fólk í upphafi níunda áratugarins. Hann starfaði hjá Gavilan Comp-uters og kynnti fyrstu fartölv-una í maí árið 1983. Margir telja þá tölvu fyrstu „alvöru“ fartölv-una en hún var markaðssett sem „laptop“ eða kjöltutölva.

Flestir sagnfræðingar eru hins vegar á því að Osborne 1 sem hönnuð var af fyrirtæki Adams Osborne árið 1981 sé fyrsta far-tölvan. Tölvan vó um 11 kíló og kostaði 1.795 dollara. Tölvan var í raun stór kassi en lyklaborðið myndaði lok. Hægt var að nota disklinga og á tölvunni var pínu-lítill skjár, alls fimm tommur. *-sg*




**Dell Inspiron 11z fartölva**
Intel Celeron ULV 743 örgjörvi
1.3GHz, 800MHz FSB, 1MB L2 Cache
2GB 800MHz DDR2 minni (1x2048)
11.6" WLED (1366 x 768) TrueLife skjár
Innbyggð 1.3 Mega Pixel vefmyndavél
Intel GS45 skjástýring
250GB 5.400rpm Serial ATA harður diskur
Innbyggt 10/100 Ethernet netkort
Dell 1510 (802.11n) þráðlaust netkort
Dell innbyggt Bluetooth 365
Intel High Definition Audio 2.0 - hljóðkort
Innbyggðir hátalarar (2 x 1.0W)
Lyklaborð QWERTY með álímdum Íslenskum táknum
TouchPad snertimús
Tengi:
- 3x USB 2.0, RJ45 Ethernet, HDMI
- tengi fyrir heyrnartól & hljóðnema
- 3-1 minniskortalesari
3-Cell Lithium-Ion rafhlaða (24 WHr)
Windows 7 Home Premium (64Bit)
Þyngd frá 1.385kg
3ja ára ábyrgð á verkstæði EJS / 1 ár á rafhlöðu



**Dell Latitude XT2 tablet fartölva**
Intel Core 2 Duo SU9300 örgjörvi
1.20GHz, 800MHz FSB, 3MB Level 2 Cache
3.0GB 1067MHz DDR3 SDRAM vinnsluminni
11.1" WXGA skjár (1280 x 800) LED baklýsing
Intel GMA 4500MHD skjástýring
64GB SolidState harður diskur
8x DVD+/RW geisladrif í utanáliggjandi MediaBay
10/100/1000 Gigabit Ethernet netkort
Intel WiFi 5100 (802.11 a/b/g/n) þráðlaust netkort
Dell 365 innbyggt bluetooth
Dell 5530 3G/HSDPA netkort
Innbyggt HD hljóðkort, hátalari og hljóðnemi
Dell Contol Point Security Manager, TPM 1.2
Tengi:
- IEEE-1394, USB 2.0 (x2, one powered),
- USB 2.0/eSATA, VGA, RJ-45, Audio
- SD kortalesari, 54mm Expresscard
4 Cell 28WHr rafhlaða með ExpressCharge
Allt að 3.95 klst. rafhlöðuending*
Windows Vista Business SP1 ásamt geisladiski
Þyngd frá 1.64kg

**Alienware M17x fartölva**
Nýja Alienware M17x er mögnuð, hún er fartölvan í leikina og margmiðlun. Magnað skjákort, mjög hraðvirkur örgjörvi og ekki spillir hönnunin.

Intel Core Quad Q9000 örgjörvi
2.00 GHz, 6MB L2 Cache, 1066MHz FSB
4GB 1333MHz DDR3 vinnsluminni (2x2048)
17" Widescreen UXGA (1920x1200) skjár
1GB GDDR3 nVidia GeForce GTX 260M skjákort
500GB 7200rpm Serial ATA harður diskur
8X DVD+/-RW geisladrif ásamt hugbúnaði
Innbyggt Gigabit Ethernet netkort
Dell 1510 (802.11 b/g/n) þráðlaust netkort
Innbyggt Bluetooth 370
HD hljóðkort og tveir hátalarar
Tengi:
- 4x USB 2.0, 1x eSATA/USB 2.0 með PowerShare
- IEEE 1394a FireWire, ExpressCard tengirauf
- DisplayPort, HDMI, VGA mynd útgangar
- Tengi fyrir hljóðnema, heyrnartól og hátalara
- Innbyggður 8-in-1 minniskortalesari
9-cell 85WHr Lithium-Ion rafhlaða*
Windows 7 Ultimate (64Bit)
Þyngd 5.3kg
3ja ára ábyrgð á verkstæði EJS / 1 ár á rafhlöðu





**Dell Vostro V13**
Einstaklega þunn en samt kraftmikil
Væntanleg í ýmsum útfærslum
13,3" skjár WLED skjár
Örgjörvar: Intel Celeron, Core 2 Solo og Core 2 Duo
Windows 7
2-4GB innra minni
250-320 GB harður diskur, Bluetooth

00 klst. í
ring
tt (mono)
dB(A)
90mm

**Fartölvu taska frá Targus**
Hentar fartölvum með allt að 15.4" skjái
SafePORT Air tryggir extra góða vörn f/fartölvu
Auðvelt aðgengi, aukahólf f/mús, penna & pappír
Vatnsheldur botn
Litur: Charcoal
Efni: Neoprene, spun twill
Verð: 9.900 kr





**M109S On-The-Go skjávarpi**
Sá allra minnsti frá DELL

DLP & Brilliant Color skjávarpi
50 ANSI Lumens
Skerpa: 800:1 (Full On/Full Off)
858 x 600 (SVGA)
F/2.0, f=17.67 mm föst linsa
Stærð myndflatar 15- 60 tommur
Vörpunarfjarlægð 60cm - 240cm
LED ljósgafi með 10.000 klst líftíma
Taska fylgir
34W orkunotkun
32 dB(A) Full-on mode, 35 dB(A)
Eco-mode
360 g, 92.5mm x 104.6mm x 37.1mm (B x D x H)

Tengi:
- 1 sérhæft tengi fyrir, straum, VGA & Combosite

2ja ára ábyrgð á verkstæði EJS (90 dagar á peru)

Verð: 124.900 kr




### Packard Bell Dot.m fartölvan

Ein öflugasta fis-fartölvan í dag með nýjustu LED tæknina í 11,6“ HD 1366x768 skjá, Athlon64 L110 örgjörva, 2GB minni, 250GB disk, 512MB ATI X1270 skjástýring, þráðlausu neti, hún er einnig með kortalesara, 1.3MP vefmyndavél, rafhlöðu sem endist yfir 5 klst, er örþunn og vegur aðeins 1.3KG. með Windows 7 á tilboði í Tölvutek á kr. 99.900.

**Packard Bell DOT.m**
Öflug fistölva með 11.6'' HD LED 1366x768 skjá, stórum 250GB harðdisk, 2GB minni og öflugri 512MB ATI X1270 skjástýringu

- **Athlon 64 L110 Single Core HT**
- **2GB DDR2 533MHz vinnsluminni**
- **250GB SATA 5400RPM diskur**
- **11.6'' HD LED DiamondView 1366x768**
- **512MB ATI Radeon X1270 skjást.**
- **54Mbps þráðlaust net**
- **Glæný rafhlöðutækni allt að 5 tímar**
- **0.3MP innbyggð vefmyndavél**
- **Windows 7 Home Premium 64-BIT**
- **Aðeins 1.3kg og örþunn**
- **Á tilboði í Tölvutek kr. 99.900.**

### Packard Bell CU-245

Fartölva með nýjustu LED tæknina í 17,3“ HD+ 1600x900 skjá, tveggja kjarna Intel T4300 örgjörva, 3GB minni, 320GB disk, 512MB GeForce GT210M öflugt leikjaskjákorti, lyklaborði með sjálfstæðu talnaborði, þráðlausu neti með nýja Draft-N staðlinum sem er 300Mbps og með þrisvar sinnum meiri drægni en gamli staðallinn, hún er einnig með HDMI tengi, kortalesara, 1.3MP vefmyndavél og vegur aðeins 3.4KG. með Windows 7 á tilboði í Tölvutek á kr. 159.900.




- **Intel Dual Core T4300 2.1GHz**
- **3GB DDR3 1066MHz vinnsluminni**
- **320GB diskur (pláss fyrir auka disk)**
- **8xDVD SuperMulti DL skrifari**
- **17.3'' HD+ LED DiamondView 1600x900**
- **512MB GeForce GT210M skjákort**
- **300Mbps Draft-N þráðlaust net**
- **1.3MP innbyggð vefmyndavél**
- **Windows 7 Home Premium 64-BIT**
- **Glæsileg svört vél aðeins 3.4kg**
- **Á tilboði í Tölvutek kr. 159.900.**




### Packard Bell TJ65 CU225 fartölvan

Fartölva með nýjustu LED tæknina í 15,6“ HD 1366x768 skjá, tveggja kjarna Intel T4300 örgjörva, 4GB minni, 500GB disk, 512MB GeForce GT240M alvöru leikjaskjákorti, lyklaborði með sjálfstæðu talnaborði, þráðlausu neti með nýja Draft-N staðlinum sem er 300Mbps og með þrisvar sinnum meiri drægni en gamli staðallinn, hún er einnig með HDMI tengi, kortalesara, 1.3MP vefmyndavél og vegur aðeins 2.7KG. með Windows 7 á tilboði í Tölvutek á kr. 169.900.

**Packard Bell TJ65 CU225**
Leikjafartölva frá Packard Bell með 15.6'' HD+ LED skjá, öflugu 512MB GeForce GT 210M skjákorti og alla nýjustu tækni

- **Intel Dual Core T4300 2.1GHz**
- **4GB DDR2 667MHz vinnsluminni**
- **500GB SATA 5400RPM diskur**
- **8xDVD SuperMulti DL skrifari**
- **15.6'' HD LED DiamondView 1366x768**
- **512MB GeForce GT210M skjákort**
- **300Mbps Draft-N þráðlaust net**
- **0.3MP innbyggð vefmyndavél**
- **Windows 7 Home Premium 64-BIT**
- **Öflug leikjafartölva aðeins 2.7kg**
- **Á tilboði í Tölvutek kr. 169.900.**

### Packard Bell TJ65 AU205 fartölvan

Fartölva með nýjustu LED tæknina í 15,6“ HD 1366x768 skjá, tveggja kjarna Intel T4300 örgjörva, 3GB minni, 320GB disk, 512MB Intel X4500 HD skjástýringu, lyklaborði með sjálfstæðu talnaborði, þráðlausu neti með nýja Draft-N staðlinum sem er 300Mbps og með þrisvar sinnum meiri drægni en gamli staðallinn, hún er einnig með HDMI tengi, kortalesara, 1.3MP vefmyndavél og vegur aðeins 2.7KG. með Windows 7 á tilboði í Tölvutek á kr. 134.900.




**Packard Bell TJ65 AU205**
Nýjasta kynslóð fartölva frá Packard Bell með 15.6'' HD LED skjá ásamt 300Mbps þráðlausu neti og hlaðin tækninýjungum

- **Intel Dual Core T4300 2.1GHz**
- **3GB DDR2 667MHz vinnsluminni**
- **320GB SATA 5400RPM diskur**
- **8xDVD SuperMulti DL skrifari**
- **15.6'' HD LED DiamondView 1366x768**
- **512MB Intel X4500HD skjástýring**
- **300Mbps Draft-N þráðlaust net**
- **0.3MP innbyggð vefmyndavél**
- **Windows 7 Home Premium 64-BIT**
- **Svört vél aðeins 2.7kg**
- **Á tilboði í Tölvutek kr. 134.900.**

TÖLVUTEK




**● BYRJENDUR Á NETINU** Tölvu- og verkfræðiþjónustan á Grensásvegi býður upp á sniðugt námskeið fyrir þá sem lítið sem ekkert hafa lagt út í að læra á netið og tölvupóst. Námskeiðið er öðru hverju í boði og næsta námskeið á dagskrá er 25.-27. janúar. Tvö skipti eru hugsuð fyrir þátttakendur í kennslu á notkun veraldarvefjarins og eitt skipti fyrir tölvupóstskennslu. Á námskeiðinu er farið í notkun á tölvupóstsforritum svo sem Outlook Express og svo er veraldarvefurinn kynntur þátttakendum frá A-Ö.



**Halldór Hrafn Jónsson, rekstrarstjóri Tölvutek, segir fyrirtækið senda allar fartölvur frítt hvert á land sem er.** MYND/ÚR EINKASAFNI

# Mesta úrval landsins

**Tölvutek er með glæsilega tölvuverslun í Borgartúni en nú í desember var önnur Tölvutek-verslun opnuð á Akureyri. Halldór Hrafn Jónsson, rekstrarstjóri Tölvutek, segir verslanirnar státa af mesta úrvali landsins í fartölvum.**

Tölvutek býður upp á öll stærstu merkin í fartölvum eins og Packard Bell, Acer, Toshiba, HP, Sony, MSI, Asus og Lenovo og eru þær á verði allt frá krónum 54.900.

„Mest seldu fartölvurnar hjá okkur eru án efa Packard Bell sem þykja búa yfir nýjustu tækninýjungum og möguleikum en Packard Bell-fartölvur eru í hæsta gæðaflokki og hafa alltaf verið betur búnar,“ segir Halldór.

Nýja línan frá þeim eru fartölvur sem ættu að sögn Halldórs að höfða til allra fartölvukaupenda og nefnir þar til sögunnar tölvur eins og 11,6 tommu fartölvu sem er með 8 tíma rafhlöðu, alvöru HD-skjá með 1366x768 upplausn, en tölvan er örþunn og vegur aðeins 1,3 kíló. „Vinsælustu vélarnar frá Packard Bell eru TJ65-vélarnar en það eru vélar með 15,6 tommu HD LED-skjá og 1366x768 upplausn, 3-4 gígabæta minni, 320-500 gígabæta disk og eru á mjög góðu verði. Packard Bell er einnig með öflugar 15,6 tommu fartölvur, glæsilegar 17,3 tommu fartölvur, LCD-skjái og fleira. Allar Packard Bell-fartölvurnar eru með nýjustu skjátækninni, sem er svokölluð LED-baklýsing, sem gefur skýrari mynd, þynnri skjá og lengri rafhlöðuendingu,“ segir Halldór.

Nýja línan frá Packard Bell býður einnig upp á nýjustu tækni í þráðlausum internetbúnaði sem drífur þrisvar sinnum lengra og hefur sex sinnum meiri hraða en gamla tæknin.

„Nýja línan frá Acer er einnig stórglæsileg en Acer hefur undanfarið aukið gæðin og tækninýjungarnar,“ segir Halldór. „Mest seldu Acer-tölvurnar í dag eru meðal annars 1,3 kílóa 11,6 tommu fartölva með 9 tíma rafhlöðu sem endist þá í skólanum allan daginn. Önnur glæsileg Acer-fartölva er með sjálfstæðu talnaborði, 15,6 tommu HD LED-skjá og hraðvirkri þráðlausri nettengingu ásamt öflugu skjákorti og stórum hörðum diski á frábæru verði.“

Halldór segir Tölvutek einnig bjóða upp á gott úrval fistölva frá Asus, Lenovo, Acer og Packard Bell og hægt er að fá vélar frá 1 kílói upp í 1,3 og í öllum regnbogans litum. Þá eru nær allar fartölvur frá Tölvutek með Windows 7 en einnig er hægt að kaupa stýrikerfið á 9.990 krónur í þær tölvur sem ekki hafa það.


ERTU ORKULAUS?
Viltu finna orkubreytingu
STRAX!




Énaxin total er frábær jurtaformúla með Rhodiolu ásamt dagskammti af vítamínum og steinefnum

Þægilegt, aðeins 1 tafla á dag

Fæst í apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum flestra stórmarkaða.


# Sópur fyrir lyklaborðið

Fyrirtækið Allsop setti nýlega á markað sérstakan bursta til að hreinsa lyklaborð en burstinn hefur slegið í gegn hjá notendum ytra.

Margir starfa stóran hluta dagsins við tölvur og af þeim sökum verða lyklaborð gjarnan skítug þar sem ryk og mylsna vill fara á milli takka sem erfitt getur reynst að ná til.

Hreinsunarburstinn frá Allsop er sérstaklega hannaður til að ná á milli takkanna og bursta í burtu sjáanleg óhreinindi sem og þau sem eru í felum.

Burstinn er mjúkur og þannig gerður að hann skemmir ekki yfirborð lyklaborðsins. *-jma*



**Burstinn er þannig úr garði gerður að hann nær til erfiðra bletta á lyklaborðinu en skemmir ekki yfirborð þess.**



Í Eagle Eye (2008) reynist ókunnug kona sem hefur í hótunum við ungan mann og vinkonu hans í gegnum síma vera tölva hjá varnarmálaráðuneyti Bandaríkjanna, sem hyggst ryðja úr vegi háttsettum embættismönnum sem hún telur ógna þjóðaröryggi.



Í Terminator (1984) á mannfólkið í stríði við tölvuna Skynet og vélmenni sem ganga undir heitinu tortímendur í nálægri framtíð. Til að auka sigurlíkurnar sendir Skynet einn skuggasveina sinna aftur í tímann til að drepa móður leiðtoga uppreisnarmannanna.

# Viðsjárverðir andstæðingar

Allt frá því að tölvur litu fyrst dagsins ljós hafa þær verið vinsælt viðfangsefni í hvers kyns vísindaskáldskap. Þar birtast tölvur gjarnan sem tákngervingar um tæknilegar framfarir; stundum sýndar í jákvæðu ljós en einnig sem viðsjárverðir andstæðingar sem stefna í versta falli á heimsyfirráð og endurspegla þá gjarnan óttann við afleiðingarnar sem þessar tækniframfarir geta haft. Meðfylgjandi er listi yfir myndir þar sem tölvum bregður fyrir sem „samsærismenn“ eða óðir erkifjendur.

*- rve*



Í 2001: A Space Oddyssey (1968) ferðast mannað geimskip til tunglsins til að skoða þar betur dularfullan grip, sem gæti haft áhrif á þróun mannskepnunnar. HAL, tölvan um borð í skipinu, er hins vegar með önnur áform.



Í Resident Evil (2002) rannsakar sérsveit líftæknifyrirtæki þar sem grunur leikur á að lífshættulegur vírus hafi breiðst út og lendir fyrr en varir í átökum við blóðþyrsta uppvakninga og tölvu sem reynir að útrýma öllu sem á vegi hennar verður.

# HP í 25 ár á íslandi

**Opin kerfi eru dreifingar- og þjónustuaðili Hewlett Packard á Íslandi.**



Guðmundur segir Hewlett Packard leggja áherslu á áreiðanleika, afl og góðan notkunartíma. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Árið 1985 varð Hewlett Packard annað alþjóðlega fyrirtækið til þess að opna útibú á Íslandi. Fyrirsagnir í blöðum um hið „alútlenska“ fyrirtæki vöktu mikla athygli enda var það ekki á hverjum degi sem erlend félög fjárfestu í starfsemi hér á landi. Opin kerfi hafa haldið starfsemi að Höfðabakka 9 óslitið síðustu 25 ár sem er langur tími í sögu fyrirtækis og sýnir hversu mikla aðlögunarhæfni félagið og starfsfólk þess býr yfir.

Opin kerfi eru eini dreifingar- og þjónustuaðilinn fyrir HP á Íslandi og eru í nánu samstarfi við söluaðila um land allt. Reynsla og þekking starfsmanna tryggir viðskiptavinum ávallt bestu ráðgjöf og þjónustu sem völ er á. Opin kerfi reka verslun að Höfðabakka 9 þar sem hægt er að sjá og prófa HP-tölvubúnað og þau standa að baki einni elstu vefverslun landsins, OK-Beint.

Guðmundur Zebitz er vörustjóri hjá Opnum kerfum og hefur umsjón með HP-tölvubúnaði. „Nú er mikil áhersla lögð á áreiðanleika, afl og notkunartíma sem endurspeglast í nýjustu HP-fartölvunum sem eru sterkbyggðar og hafa allt að 21 klukkutíma rafhlöðuendingu. Við erum auk þess með HP-fartölvur með tveggja til þriggja ára framleiðendaábyrgð sem tryggir eigendum fartölva ábyrgðarþjónustu hjá vottuðum HP-þjónustuaðilum um allan heim.“

En hvað er tölvunotendum oft erfiðast? „Rannsóknir sýna að stærsta hindrunin felst í því að það liggur ekki í augum uppi hvernig á að framkvæma aðgerðir. Það er áskorun fyrir framleiðendur tölvu- og hugbúnaðar. Flestar nýjar fartölvur frá HP koma með Windows 7-stýrikerfinu sem auðveldar alla vinnslu og eykur notkunarmöguleika fyrir alla hópa,“ segir hann.

„Í nýju fartölvunum frá HP eru LED-skjáir sem eru skarpari og bjartari en eldri gerðir og þurfa minni orku,“ segir Guðmundur og bætir við að þeir hafi breikkað og séu nú almennt 13,3 tommu eða 15,6 tommu, sem gefur notendum aukið vinnurými. Þá séu öflug skjákort með DDR3-skjáminni sem henta frábærlega í almenna notkun og þunga myndvinnslu eða tölvuleiki. Hann bendir líka á nýja tækni í HP-vefmyndavélum, Low Light-tækni sem gerir kleift að nota vefmyndavél tölvunnar í umtalsvert minni umhverfisbirtu en áður.

Hann segir nýjustu HP Pavilion- dv6-fartölvurnar hafa verið vinsælar meðal námsmanna og þeirra sem vilja smekkleg fartölvur. „Þær eru til í hvítu og svörtu, auk þess sem við bjóðum litla og fallega fartölvu, HP Pavilion dv3, sem er úr áli og því ekki bara flott heldur líka einstaklega létt. Sú fartölva er með rafhlöðu sem endist í 7 klukkutíma sem er einsdæmi hjá fartölvum í þessum flokki.“



**Compaq 610**
Intel Celeron 560 örgjörvi 2,13GHz
Minni: 1 GB DDR2
Diskur: 160 GB  Smart SATA
Skjár: 15,6“ LED BrightView
Upplausn: 1366 x 768
Skjástýring: Intel GMA X3100, allt að 384 MB
Netkort: 10/100
Þráðlaust net:  802.11 b/g
Bluetooth: Já
Myndavél: HP 2 Mp
Rafhlaða: 6-cell, allt að 4:15 klst.
Ábyrgð: 2ja ára HP ábyrgð, 1 ár á rafhlöðu
Ummál: 37,18 x 25,43 x 3,20 cm
Þyngd: 2,49 kg
Stýrikerfi: Windows Vista Home



**Pavilion dv6-2010**
Örgjörvi: AMD Turion II Dual Core M520 2,3 GHz
Minni: 4 GB DDR2
Diskur: 320 GB SATA 7200 rpm
Skjár: 15,6” LED HD Brightview
Upplausn: 1366 x 768
Skjákort: ATI Radeon HD 4650 512 MB DDR3 minni og allt að 2,3 GB Hyper-Memory
Netkort: 10/100/1000
Þráðlaust net: 802.11 b/g
Bluetooth: Já
Myndavél: HP með Low Light tækni og fjarstýring
Rafhlaða: 6-cell
Ábyrgð: 3ja ára HP ábyrgð, 1 ár á rafhlöðu
Ummál: 37,85 x 25,8 x 3,4 cm
Þyngd: 2,88 kg
Stýrikerfi: Windows Windows 7 Home Premium 64-bit



**HP Pavilion dm3**
Örgjörvi: AMD Athlon NEO X2 Dual Core Ultrathin, 1,6 GHz
Minni: 4 GB DDR2
Diskur: 320 GB SATA 7200 rpm
Skjár: 13,3” LED HD Brightview
Upplausn: 1366 x 768
Skjákort: ATI Radeon HD 4530 skjákort með 512 MB DDR3 minni og allt að 2,8 GB Hyper-Memory
Netkort: 10/100
Þráðlaust net: 802.11 b/g
Bluetooth: Já
Myndavél: HP með Low Light tækni
Rafhlaða: 6-cell, allt að 7 klst rafhlöðuending
Ábyrgð: 3ja ára HP ábyrgð, 1 ár á rafhlöðu
Ummál: 36,2 x 23,0 x 2,8 cm
Þyngd: 1,91 kg
Stýrikerfi: Windows Windows 7 Home Premium 64-bit



**Pavilion dv6-1341**
Örgjörvi: Intel Core 2 Duo T6600 2,2 GHz
Minni: 4 GB DDR2
Diskur: 500 GB SATA 7200 rpm
Skjár: 15,6” LED HD Brightview
Upplausn: 1366 x 768
Skákort: ATI Radeon HD 4650 með 1 GB DDR3 minni, allt að 2,8 GB Hyper-Memory
Netkort: 10/100/1000
Þráðlaust net: 802.11 b/g/n
Bluetooth: Já
Myndavél: HP með Low Light tækni og fjarstýring
Rafhlaða: 6-cell
Ábyrgð: 3ja ára HP ábyrgð, 1 ár á rafhlöðu
Ummál: 37,85 x 25,8  x 3,4 cm
Þyngd: 2,88 kg
Stýrikerfi: Windows Windows 7 Home Premium 64-bit

OPIN KERFI



Gæði Apple-tölva birtast með ýmsu móti, þar á meðal í fallegri hönnun sem tekur stöðugum breytingum. „Stál-útlitið hefur notið nokkura vinsælda að undanförnu eftir að sterkir litir voru allsráðandi og því erfitt að spá fyrir um framhaldið," segir Bjarni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Eigum okkur enga líka

**Fartölvur frá Apple njóta sérstöðu á markaði sem meðal annars má rekja til einstaks stýrikerfis, gæða og ytri hönnunar.**

„Tölvurnar eru í stöðugri þróun. Til marks um það verða þær sífellt hraðari, endingartími rafhlöðunnar lengist og útlitið er alltaf að breytast," nefnir Bjarni Ákason, framkvæmdastjóri Apple-umboðsins á Íslandi, beðinn um að lýsa helstu nýjungum í fartölvum frá fyrirtækinu.

Bjarni segir að Apple-fartölvur njóti af ýmsum ástæðum sérstöðu á markaði. „Meðal annars vegna stýrikerfisins sem er eitt það besta sem völ er á og kemur í veg fyrir stöðugar villumeldingar. Svo fylgja tölvunum alls kyns forrit sem eru einföld í notkun og ekki þarf að kaupa sérstaklega: iMovies sem er fullkomið eftirvinnslukerfi fyrir vídeóefni, iPhoto undir myndir, tölvupóstsforrit og svo auðvitað iTunes, sem er eitt vinsælasta forritið og hefur átt þátt í að skapa Apple auknar vinsældir á Íslandi."

Máli sínu til stuðnings bendir Bjarni á að með tilkomu iPodanna hafi markaðshlutdeild Apple farið úr fimm prósentum upp í tuttugu prósent á Íslandi á aðeins nokkrum árum, eða frá árinu 2003. „Erlendis hafa iPhones jafnframt rutt brautina fyrir Apple en ekki hér þar sem þeir hafa aðeins verið fluttir til landsins í takmörkuðu upplagi."

Bjarni tekur fram að áður hafi grafískir hönnuðir og listamenn verið helstu notendur Apple-tölva en það hafi breyst eftir að unnið var í því að þróa og markaðssetja útgáfur fyrir almenning. „Og fólk hefur tekið vel í það. Hér hefur að minnsta kosti verið fullt út úr dyrum á ókeypis námskeið á laugardögum þar sem kennt er á tölvur og forrit," segir hann og bætir við að þátttakendur séu á öllum aldri, þótt unga fólkið sé í meirihluta.

Þá bendir Bjarni á að kappkostað sé að bjóða eigendum Apple-fartölva sem besta þjónustu og sem dæmi um það gefist þeim kostur að mæta með tölvurnar í ástandsskoðun í verslanir Apple. „Hægt er að fá til dæmis aðstoð við uppsetningu á forritum, stækka minni eða einfaldlega meta hvort eitthvað ami að tölvunni og þessa þjónustu veitum við viðskiptavinum okkar endurgjaldslaust."

# Ein tölva á hvert barn

One Laptop per Child, eða ein fartölva fyrir hvert barn, er heitið á góðgerðarsamtökum sem hefur það að markmiði að framleiða ódýrar fartölvur sem nota má sem kennslutól fyrir börn í þróunarlöndum. Forsprakki verkefnisins er Nicholas Negroponte, arkitekt og tölvusérfræðingur, sem hefur lengi starfað við rannsóknarstofu hjá MIT-háskólanum í Massachusetts. Undanfarin ár hefur hann þó af heilum hug einbeitt sér að því að tölvuvæða þróunarríki.

Hugmyndin vaknaði fyrir fjölmörgum árum og fékk Negroponte félaga sína í MIT til liðs við sig. Það var svo í nóvember árið 2005 sem hann, ásamt Kofi Annan, aðalritara Sameinuðu þjóðanna, kynnti til sögunnar prótótýpu af einfaldri fartölvu fyrir börn sem áætlað var að myndi aðeins kosta 100 dollara.

Byrjað var að fjöldaframleiða tölvuna í lok árs 2007. Hún reyndist aðeins dýrari í framleiðsu en ætlað var í byrjun, eða tæpir 200 dollarar.

Tölvunum (sem kallast XO) hefur þegar verið dreift víða um heim þótt enn sé langt í land með að ná markmiðunum. Til dæmis hafa tölvur farið til barna í Úrúgvæ, Perú, Mexíkó, Kólumbíu, Gana, Síerra Leóne, Rúanda og Indlandi.





Drengur biður í upphafi kennslustundar í skóla í bænum Khariat í Karjat-héraði um 75 kílómetra norðar af indversku borginni Mumbai. NORDICPHOTOS/AFP



**13" MacBook**
2,26GHz Intel Core 2 Duo
2GB DDR3 SDRAM (mest 4GB)
250GB Harður diskur
NVIDIA GeForce 9400M 256MB
Tvö USB 2.0 tengi
Sameinað hliðrænt (analog) og stafrænt hljóðtengi
Allt að 7 klst í þráðlausri notkun
Airport Extreme (802.11n)
Bluetooth 2.1
Innbyggð iSight vefmyndavél
Þyngd 2,13 kg
Íslenskt lyklaborð



**13" MacBook Pro**
2,26GHz Intel Core 2 Duo
2GB DDR3 SDRAM (mest 8GB)
160GB Harður diskur
NVIDIA GeForce 9400M 256MB
Tvö USB 2.0 tengi
Eitt FireWire 800
Ein SD kortarauf
Sameinað hliðrænt (analog) og stafrænt hljóðtengi
Allt að 7 klst í þráðlausri notkun
Airport Extreme (802.11n)
Bluetooth 2.1
Innbyggð iSight vefmyndavél
Þyngd 2,04 kg
Íslenskt lyklaborð



**15" MacBook Pro**
2,53GHz Intel Core 2 Duo
4GB DDR3 SDRAM (mest 8GB)
250GB Harður diskur
NVIDIA GeForce 9400M 256MB
Tvö USB 2.0 tengi
Eitt FireWire 800
Ein SD kortarauf
Sameinað hliðrænt (analog) og stafrænt hljóðtengi
Allt að 7 klst í þráðlausri notkun
Airport Extreme (802.11n)
Bluetooth 2.1
Innbyggð iSight vefmyndavél
Þyngd 2,49 kg
Íslenskt lyklaborð



**13" MacBook Air**
1,86GHz Intel Core 2 Duo
2GB DDR3 SDRAM (mest 4GB)
120GB Harður diskur
NVIDIA GeForce 9400M 256MB
Eitt USB 2.0 tengi
Sameinað hliðrænt (analog) og stafrænt hljóðtengi Allt að 5 klst í þráðlausri notkun Airport Extreme (802.11n) Bluetooth 2.1 Innbyggð iSight vefmyndavél Þyngd 1,36 kg Íslenskt lyklaborð



## ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR
Bergþór Bjarnason skrifar frá París

## Tíðarandi á tímamótum

Um áramót er gjarnan horft til baka, það gamla gert upp og menn velta vöngum yfir því sem koma skal. Þetta á einnig við um tískuna sem stendur á nokkrum tímamótum. Eftir áratugi glingurs og skarts, blingblings eins og það er kallað hér í landi, hefur tískuheimurinn snúist í átt að einfaldari og látlausari hönnun, sumir hönnuðir meira að segja að ódýrari framleiðslu. Á síðasta ári sögðu nokkrir hönnuðir skilið við tískuheiminn, bæði af eigin vilja sem og tilneyddir. Martin Margiela, sem er einn af hinum frægu Belgum, skildi til dæmis við samnefnt tískuhús sitt sem hann seldi fyrir nokkrum misserum til Diesel en hættir nú alveg að hanna fyrir. Einn af hinum síðustu stóru frönsku hönnuðum sem nálgast kannski að vera listamaður, Christian Lacroix, neyddist til að loka sínu tískuhúsi eftir að hafa verið mánuðum saman í greiðslustöðvun en honum tókst ekki að finna nýja fjárfesta. Hann hefur þó ekki algjörlega lagt árar í bát því bráðlega mun hann hanna nýja búninga franska lestarfyrirtækisins, SNCF. Christian Lacroix hannaði áður innréttingar í hraðlestir félagsins sem og nýjan búning Air France. Einnig hannar hann leikbúninga fyrir sýningu á verkinu Fortunio hjá Opéra-Comique. Í hóp Gianfranco Ferré og Escada bætist Yohji Yamamoto, einnig gjaldþrota á árinu eins og hin fyrrnefndu tískuhús. Afleiðingar sem rekja má beint til kreppunnar.

En það var fleira sem breytist í tískuheiminum á árinu 2009. Í eina tíð þótti afskaplega hallærislegt að prjóna. Það var ekkert sérstaklega „inn“ heldur að borða gamaldags mömmumat. En tímarnir breytast og mennirnir með. Síðan efnahagskreppan skall á hefur hugsanagangur almennings tekið stakkaskiptum og gömul gildi sem áður þóttu lummó öðlast nýtt líf. Heimagerður matur að hætti góðra húsmæðra fyrri tíma, prjónaskapur og allt það sem lítur út fyrir að vera heimagert þykir nú það allra heitasta. Tískublöð eins og Elle eða hið nýja Grazia birta matar- og prjónauppskriftir í líkingu við það þegar Vikan var upp á sitt besta heima á Fróni. Það nýjasta eru prjónakvöld þar sem konur koma saman og prjóna á kaffihúsum eina kvöldstund eins og er gert á Café Tricot í París og prjónaklúbbum fjölgar. Jafnvel að fólk sjáist með prjóna í sjónvarpsþáttum. Minnir nú bara á Kvennaframboðskonur í borgarstjórn Reykjavíkur 1982. Saumabúðir sem áttu í mestu vandræðum með að ná endum saman í samfélagi hins einnota njóta nú meiri vinsælda en nokkru sinni fyrr og bjóða upp á prjónanámskeið. Einn er þó galli á gjöf Njarðar því að húsmæðrum af góðum ættum finnst þær vera hafðar að háði og spotti.

*bergb75@free.fr*

# Loðhúfur rjúka út

**Frosthörkurnar í Bretlandi hafa áhrif á verslun.**

Fjölmargar fata- og tískuvöruverslanir hafa þurft að draga saman seglin sökum efnahagslægðarinnar í Bretlandi að undanförnu en vegna kuldakastsins sem gengur þar yfir seljast vetrarföt sem aldrei fyrr. Háir hælar hafa þurft að víkja hjá tískumeðvitðum Lundúnabúum fyrir húfum, vettlingum og kuldaskóm og eru loðhúfur með vinsælustu fylgihlutunum.

Hjá útivistarvöruversluninni Ellis Brigham hefur sala aukist um tíu prósent miðað við árið í fyrra. „Það hefur orðið mikill sölukippur hjá okkur að undanförnu og við höfum aldrei haft eins mikið að gera. Á tveimur vikum höfum við selt jafn mikið og við gerum að jafnaði á fjórum til fimm vikum,“ sagði markaðsstjórinn Mark Brigham í samtali við Sky-fréttastofuna í byrjun vikunnar.

*- ve*



Loðhúfur eru með vinsælustu fylgihlutum í Bretlandi um þessar mundir.






## Íslensk hönnun – alþjóðleg söluvara



RÚNAR ÓMARSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI NIKITA, HELDUR FYRIRLESTUR Í HAFNARHÚSINU Í DAG KLUKKAN 20.

Fyrirlesturinn er hluti af fyrirlestraröð Hönnunarmiðstöðvar, Listaháskóla Íslands og Listasafns Reykjavíkur. Þar mun Rúnar Ómarsson, framkvæmdastjóri og einn af stofnendum fatahönnunarfyrirtækisins Nikita, segja sögu fyrirtækisins, sem stofnað var í ársbyrjun 2000. Rúnar hefur því tíu ára reynslu í markaðssetningu á íslenskri hönnun á alþjóðavettvangi, en jafnframt ákveðnar skoðanir á markaðssókn íslenskra fyrirtækja erlendis. Nikita er með starfsfólk og starfsemi í fjórum löndum, en vörur Nikita eru nú fáanlegar í um 1.500 verslunum í þrjátíu löndum. Vefsíða fyrirtækisins er www.nikitaclothing.com Fyrirlesturinn fer fram í Hafnarhúsinu í dag klukkan 20. Aðgangur er ókeypis og allir eru velkomnir.






Hugmynd að saumavél má rekja allt aftur til 16. aldar þegar málarinn og uppfinningamaðurinn Leonardo da Vinci gerði tilraunir með vél sem gæti hjálpað til við að koma saman flík á fljótari máta. Mun þróaðri hugmynd að slíkri vél kom frá Englendingnum Thomas Saint sem árið 1790 fékk einkaleyfi á uppfinningu sinni.



**Tíska aldanna**











ÚTSALA
40%–60%

Austurhraun 3 210 Garðabær S: 533-3805

### Húsaviðgerðir
Skiptum um rennur og bárujárn á þökum og múrviðgerðir og fl. Uppl. í s. 659 3598.

Flísar - parket - gifs- steinslípun - gifsmúr - mála og margt fleira sem viðkemur húsaviðhaldi að utan sem innan. Uppl. í s. 661 3149

ÞAKDÚKUR. Tek að mér að leggja dúk á fleti. Er einnig í viðgerðum. 10 ára reynsla. Uppl. í s: 660 3571 Lárus

### Pípulagnir
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

## Stífluþjónusta

**Stíflulosun Röramyndun**
Losa stíflur úr salernum, vöskum, baðkerum og niðurföllum. Röramyndavél til að staðsetja skemmdir í lögnum.
**Skolphreinsun Ásgeirs sf.**
S.892 7260 & 567 0530

## Tölvur

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

Tölvuviðgerðir, vírushreinsun, gagnabjörgun. 18 ára reynsla, fínt verð, afsl. f. félaga ÖBÍ & FEB. Stefán S. 821 6839.

### Vandaðar tölvuviðgerðir
Microsoft vottun. 15 ára reynsla. Þjónustum einstaklinga og fyrirtæki. www.midnet.is Miðnet ehf S. 564 0690

## Spádómar

Nú færðu einkatíma hjá spákonunni Sirrý í s. 552 4244 & 823 6393.

### 661 3839 - Símaspá
Tímapantanir frá kl. 16.00. Alla daga.

Spái í spil, ræð drauma einnig í gegnum síma. Ekkert mínutugjald. S. 891 8727, Stella.

### Dulspekisíminn 908-6414
Símaspá og draumaráðningar. Spák. Yrsa í beinu sambandi. Hringdu núna!

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Iðnaður



TIL LEIGU OG SÖLU RAFSTÖÐVAR 2-200KVA OG INNI VINNULYFTUR SEM KOMAST Í GEGNUM HURÐAGÖT MEÐ 5M VINNUHÆÐ. FRÁBÆR VERÐ. UPPLÝSINGAR Í SÍMA 824 0672.

## Rafvirkjun

**Raflagnir Dyrasímar**
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
**Fljót og góð þjónusta**
Sími 893 1733
**Jón Jónsson**
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

## Önnur þjónusta

**Blekhylki.is**
Ódýr blekhylki og tónerar í HP, Dell, Brother, Canon og Epson send samdægurs beint heim að dyrum eða í vinnuna sjá nánar á Blekhylki.is

# KEYPT & SELT

## Til sölu




Öryggis- og peningaskápar.

Garmin GPSMAP 620 ónotað til sölu. Er með korti og minniskubbi. Kostar um 205.000 selt á 165.000. Sími 894 4708.

Skrifstofuhúsgögn til sölu. Áferð: kirsuberjaviður. 7 skrifborð, 9 lágar möppuhillur (110 sm) og 4 háar möppuhillur (215 sm). Allt mjög vel með farið. Hafsteinn 893 9702.

## Gefins

Óska eftir ísskáp og þvottavél gefins, má vera bilað. Uppl. í s. 896 8568.

## Óskast keypt

### Kaupi gull !
**Ég Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi af fólki. Og veiti ég góð ráð. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns. Upplýsingar á demantar.is**

**í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13, Verið velkomin**

### KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61. Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

### Staðgreiðum gull, demanta og úr.
**Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumalltgull.is Upplýsingar í síma 661 7000.**

Óska eftir að kaupa DVD diska, PS2 leiki og vínyl hljómplötur. Uppl. í s. 698 8629.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Vélar og verkfæri

Óska e. að kaupa not. en í lagi: handsláttuvélar og sláttuorf. Nán.uppl.í síma 866-0471

## Til bygginga

Krossviður, kambstál, gips og fl. Uppl. í s: 555 7905 og www.ulfurinn.is

6-8 feta Gámur /Vinnuskúr óskast keyptur mótasmiðir ehf 8241668

## Verslun



Útsalan í fullum gangi 30-50% afsláttur
Emilía Bláu húsin Faxafeni
s: 588-9925 www.emilia.is

**Stærri limur betri limur**
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is
bathmate.is

# HEILSA

## Heilsuvörur






Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstíll - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðilar 822 8244 www.flp1.is

### ÓKEYPIS RÁÐGJÖF Í ÞYNGDARSTJÓRNUN!
Hringdu núna, Drífa 695 8464, Pétur 772 1035 Katrín 699 6617.

Mér finnst Herbalife vera best. Ótrúlegur árangur, Hjálpumst að. Sólrún Ósk s: 891 9883 www.heilsufrettir.is/solosk.

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

### Árangur næst með Herbalife
Hringdu núna, Margrét S. 699 1060.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

### NUDD
Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.



### TANTRA MASSAGE
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

### NÝTT NÝTT NÝTT DREAM OASIS
NUDD: Heilln.,Svæðan., Slökunarn., Ayurvedan., Heitsteinan., Tibet loftn., Hunangsnudd., Detox, Skrúbb, Pottur, Sólbekkir. Símar 567-6666 og 862-0941.

Gott nudd - good massage. S. 844 0329 & 843 9975.

### J. B. HEILSULIND Tilboð 2 fyrir 1
Skrúbb, heitur pottur og nudd kr.11.000. Tilboð í DETOX og svæðanudd 2fyrir1 kr.9000. Nudd ýmsar tegundir, slökun, ljúffengar veitingar, snyrting, næringar, vítamín og heilsuráðgjöf. Málverkasýning Unu á staðnum. Pantarnir 445 5000. Velkomin.

## Þjónusta

### Er andlega orkan á þrotum?
Miðlun og heilun vinnur á sorg, kvíða, verkjum og streitu. Tímapantanir Guðrún 695 5480.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Kenni á Ford Focus tdci disel '07 Uppl. í s. 892 9490 & 557 9387, Guðný I. Einarsdóttir.

# HEIMILIÐ

## Ýmislegt

Sjónvarpsskápur með rennihurð Panaconic heimabíó og Daewoo sjónvarp til sölu selst stakt eða allt saman upplýsingar í síma 8995527

**Takk fyrir vatnið**
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Hestamennska

**Hið vinsæla Þorrablót Fáks**
**verður haldið í félagsheimilinu laugardaginn 16.janúar Húsið opnar kl. 17:00 Miðaverð aðeins kr. 3.000. Allir velkomnir.**

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

### STAY APARTMENTS - VIKULEIGA
Vikuleiga á vönduðum stúdíó íbúðum og stærri íbúðum í 105 Rvk. Studio íbúðir frá 25.000 kr. 2ja-3ja. herb. frá 35.000 kr. www.stay.is s: 517 4050.

### Ný 3ja herb. íbúð í Hfj.
**Örugg leiga. Þvottavél, þurrkari, Ísskápur, uppþv.vél, gardínur og öll ljós fylgja með. www.heimahagar.is Upplýsingar í síma 7727553**

## Þjónustuauglýsingar

**Motor sport**



**ÚTSALA á vespum í stuttan tíma!**
50cc vespur, í tveimur litum. Áður 188 þús.
**Nú 169 þús.**
**Mótorsport ehf Síðumúla 34, 108 Rvk. S. 567 1040**




**Donatas/Andrius**
**8474325**
Krókavaði 17
110 Reykjavík
Uppsetning tækjabúnaðar
Uppsetning öryggiskerfi
Bílaþrif
www.bilskur.is



**Útsalan í fullum gangi**
**15-50% afsláttur**
Ynja UNDIRFATAVERSLUN
HAMRABORG 20A • KÓPAVOGI 544-4088 • YNJA.IS

**CARGO sendibílaleiga**
**566 5030**
www.cargobilar.is
**Sendibílar til leigu**
*Þú leigir hann.*
**Krefst ekki meiriprófs réttinda**



**BÍLAVERKSTÆÐI AUÐUNS**



TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR
FOSSALEYNI 16 • GRAFARVOGI
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
**S. 587 1350**

**www.tomstundahusid.is**



**Lampar með stækkunargleri í úrvali.**
Tómstundahúsið, Nethyl 2, sími 587-0600
TÓMSTUNDAHÚSIÐ

## Tilkynningar

Kraumur
Tónlistarsjóður | Music Fund

### Umsóknarferli fyrir árið 2010

Kraumur tónlistarsjóður auglýsir eftir umsóknum fyrir verkefni á sviði íslenskrar tónlistar sem ráðgert er að eigi sér stað árið 2010.

Tónlistarmenn og hljómsveitir úr öllum geirum tónlistar geta sótt um stuðning fyrir sín verkefni.

Umsóknarferlið er einnig opið fyrir viðburði og fræðsluverkefni. Umsækjendum er bent á að kynna sér markmið og samþykktir sjóðsins á vefsíðu hans. Framkvæmdastjóri Kraums veitir frekari upplýsingar og ráðgjöf er varðar umsóknarferlið.

Kraumur er sjálfstæður sjóður og starfsemi á vegum Auroru velgerðasjóðs. Kraumur hefur það meginhlutverk að efla íslenskt tónlistarlíf, fyrst og fremst með stuðningi og faglegri aðstoð við unga listamenn, auðvelda þeim að vinna að listsköpun sinni og koma verkum sínum á framfæri innanlands sem utan.

**Allar umsóknir skulu innihalda:**
- Yfirlit yfir verkefnið og markmið þess
- Fjárhagsáætlun

Umsóknarfrestur er til 1. febrúar.

**Umsóknum skal skila bréfleiðis:**
Kraumur tónlistarsjóður
PO Box 124, 121 Reykjavík
Frekari upplýsingar: www.kraumur.is

## Útboð

**HÁSKÓLI ÍSLANDS**
**VR-1 - ENDURBÆTUR**
**ÚTBOÐ NR. 14482**

**Framkvæmdasýsla ríkisins f.h. mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Háskóla Íslands, óskar eftir tilboðum í gagngerar endurbætur innan dyra á VR1, tilraunahúsi Verkfræði- og náttúruvísindasviðs Háskóla Íslands við Hjarðarhaga í Reykjavík.**

Framkvæmdin felst í að hreinsa úr stofum og geymslum innréttingar, hillur, skápa, lofta- og gólfefni, lyftu, loftræsingu, og rafmagn. Leggja nýtt rafmagn, loftræstingu, frárennslislagnir, loft- og gólfefni og hurðar á 1 og 2. hæð. Dýpka og breikka lyftugryfju, laga lyftustokk og setja upp nýja lyftu. Útbúa nýja salernisaðstöðu á 1. og 2. hæð. Málun innanhúss. Skipta um gler.

**Helstu magntölur:**

| | |
|---|---|
| Rif á léttum veggjum | 170 $m^2$ |
| Rif á skápum | 145 stk. |
| Loftræsing | heildarendurnýjun |
| Lagnir | heildarendurnýjun |
| Rafmagn | heildarendurnýjun |
| Léttir gipsplötuveggir | 160 $m^2$ |
| Gólfdúkur | 900 $m^2$ |
| Kerfisloft | 1400 $m^2$ |
| Málun veggja | 3000 $m^2$ |
| Hurðir | 45 stk. |
| Lyfta | 1 stk. |
| Glerskipti: | 315 $m^2$ |

**Framkvæmdum við kennslusali á 2. hæð skal lokið þann 13. júlí 2010 og verkinu öllu þann 15. september 2010.**

Útboðsgögn eru til sýnis og sölu á kr. 3.500 hjá Ríkiskaupum, Borgartúni 7C, 105 Reykjavík. Tilboðin verða opnuð hjá Ríkiskaupum 26. janúar 2010, kl. 14:00 að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

RÍKISKAUP
*Útboð skila árangri!*

vísir.is
*„...ég sá það á vísi"*

**Góð 2ja her. íbúð í 109 Rvk.**

**Örugg leiga, þvottavél, þurrkari, Ísskápur, gardínur og öll ljós.**
**www.heimahagar.is**
**Upplýsingar í síma 7727553**

**Leiguliðar ehf Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 58.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð. Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440.

Falleg, lítil sérhæð á svæði 101. Tvær samliggjandi stofur og eitt stórt svefnherbergi. Leiguverð er 120þ. á mán. S. 697 3864.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Rúmott herbergi í 101 til leigu. Nálægt HÍ. Sími 773 3182.

1-2 manna herb. í Hfj. Aðg. að baði. eldh., þurrkara og þvottavél. Uppábúin rúm. S. 892 5309.

2herb. 50fm íbúð á 2hæð í parhúsi í 170 85þ. á mán. bankatrygging. S. 695 2960, Íslenska.

40fm stúdíóíbúð í Rimahverfi í Grafarvogi með húsg. til leigu kr 50þ. Laus 21 jan. S. 847 4561.

## Húsnæði óskast

Óska eftir einstaklingsíbúð til leigu fyrir 1 febrúar. Uppl. í s. 661 2014.

## Fasteignir



Fljótasel- ósamþykkt íbúð til sölu Til sölu 38 fm íbúð á jarðhæð í þessu húsi. Sérinngangur. Snyrtileg íbúð sem er laus strax. Verð 6,5 millj. S: 895-2049.



**Dofraborgir- einbýlihús - Frábært verð!**
Til sölu þetta fallega einbýlishús á einni hæð sem er 201 fm. Stór lóð og pallur. Lítil aukaíbúð í bílskúr. Parket og góðar innréttingar. Laust strax. Ekkert áhvíl. V. 39,5 millj. S: 895 2049.

## Sumarbústaðir

Óska eftir sumarhúsi á leigu í Skorradal sumarið 2010. Allt kemur til greina. birgir@isa.is

## Atvinnuhúsnæði

Gott, 320 fm iðnaðarhúsnæði til leigu á Smiðjuvegi. Nánari uppl. í síma 896 0551.

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

## Gisting

stracta
CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN GÓÐ STAÐSETNING GOTT VERÐ!**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð 950 dkr. nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

# ATVINNA

## Atvinna í boði

vinna.is
Umsækjendur – kíkið inn á www.vinna.is
Skráning er umsækjendum að kostnaðarlausu.

Leiðbeinandi óskast til að hjálpa þremur unglingum með heimanám 5 sinnum í viku. Kennslan fer fram heima. Uppl. sendist til Fréttablaðsins, smaar@frett.is merkt „heimanám".

**Aukavinna- Uppgrip**
Getum bætt við okkur fólki í símasölu. Frá kl. 17:30-21:30 virka daga. Góðir tekjumöguleikar. Uppl. í S. 868 4551.

**STÖRF.IS**
Leitaðu á meðal rúmlega 400 atvinnuauglýsinga. Leitin hefst hjá okkur.

PRJÓNAKONUR. Nordicstore vill bæta við nokkrum öflugum prjónakonum sem prjónað geta 4-10 peysur á mánuði. Útvegum allt efni og greiðum hæstu verð fyrir vinnu. Upplýsingar veitir Steinunn í síma 8697821 milli 10 og 18.

Au-pair Stokkhólmi Við erum íslensk fjölskylda með 3 börn; 5, 7 og 11 ára og erum að leita að au-pair, 20-25 ára, þarf að hafa bílpróf. Sendið póst á aupair.se@gmail.com fyrir frekari upplýsingar.

## Atvinna óskast

Íslenskur karlmaður reyklaus og stundvís. Er vanur járnsmíði, viðgerðum. Hef einnig unnið við trésmíði. Er með meirapróf og vinnuvélaréttindi. Uppl. í s. 773 3226.

Smíðav., gröfuv., mótav. Leigi út verkfæri. S. 824 6682, Kalli 770 3603, Halli.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Spjall**
904 5454 (símatorg, karlar)
535 9940 (kreditkort karlar)
555 4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535 9988 (kreditkort)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

**Símadömur. 908 6666 & 908 2000.**

**Hringdu þegar þér hentar,engin bið!! Opið allan sólahringin.**

**Til kvenna:**
Konur sem vilja kynnast karlmönnum með kynf. ævintýri í huga nota Rauða Torgið Stefnumót til að ná sambandi við réttu mennina. Kona, þú auglýsir og vitjar skilaboða frítt í s. 555-4321

Auglýsingasími 512 50 50
– Mest lesið

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

# Að standa við alþjóðlegar skuldbindingar

**UMRÆÐAN**
Sigurður Líndal skrifar um Icesave


SIGURÐUR LÍNDAL

Síðustu daga hafa dunið á okkur yfirlýsingar frá ýmsum ráðherrum Norðurlanda um að Íslendingum beri að standa við alþjóðlegar skuldbindingar sínar sem merkir einfaldlega að íslenzka ríkið ábyrgist greiðslur vegna Icesave-skulda sem brezka og hollenzka ríkið hafi greitt þarlendum innistæðueigendum og vilji nú að íslenzka ríkið standi þeim skil á. Þessu fylgja síðan hótanir um að Íslendingum verði öðrum kosti vísað úr samfélagi þjóðanna með hörmulegum efnahagslegum afleiðingum. Undir þetta hafa síðan tekið nokkrir Íslendingar, jafnvel þeir sem ættu að vera í fyrirsvari fyrir þjóðina.

Nú hefur það verið ítrekað oftar en tölu verði á komið að tilteknir einstaklingar hafa stofnað til þessara skulda, en ekki íslenzka ríkið og því síður þjóðin sem heild. Ef ríkið ætti að ábyrgjast slíkar skuldir – að ekki sé minnzt á þungar og ófyrirsjáanlegar byrðar næstu kynslóða – yrði það að styðjast við skýr fyrirmæli í lögum, alþjóðasamningum eða löglega bindandi yfirlýsingum ráðamanna sem hefðu til þess heimild.

Þrátt fyrir að ítrekað hafi verið vakin athygli á þessu og farið hafi verið fram á nánari skýringar, hefur það ekki náð eyrum Norðurlandahöfðingja. Þá hafa Bretar og Hollendingar hafnað allri dómsmeðferð í hvaða formi sem er til þess að fá úr því skorið hvort slík skylda sé yfirleitt fyrir hendi og ef hún teldist vera, þá að hvaða marki. En viðbrögðin frá Norðurlöndum hafa birzt í endurteknum yfirlýsingum um að Íslendingar eigi að standa við skuldbindingar sínar, en nánari skýringar láta á sér standa. Nú má vera að höfðingjar Norðurlanda telji sig hafa annað við tímann að gera en svara því sem þeir telja greinilega raus íslenzkra lögfræðinga, blaðamanna og þingmanna og þá verður við það að sitja.

En nú mætti ætla að málið væri komið á annað stig.

Þegar forseti hafði synjað síðari Icesave-lögunum (lögum nr.1/2010) staðfestingar hélt Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra utan á fund starfsbræðra sinna á Norðurlöndum. Ætla verður að hann hafi innt þá nánari skýringar á afstöðu þeirra til Íslendinga og þá sérstaklega því við hvaða réttarheimildir yfirlýsingar þeirra styðjist um að Íslendingum beri að standa við alþjóðlegar skuldbindingar sínar í þessu Icesave-máli. Ennfremur má ætla að hann hefði óskað skýringa á stuðningi þeirra við afstöðu Breta og Hollendinga að hafna allri dómsmeðferð til að varpa ljósi á réttarstöðu Íslendinga. Gera verður ráð fyrir að viðmælendur ráðherrans hafi virt hann svars og þá sýnist mér eðlilegt að hann geri grein fyrir röksemdum Norðurlandaráðherranna fyrir þessum ítrekuðu fullyrðingum.

Nú birtast á hverjum degi greinar og viðtöl við valinkunna menn sem halda því fram að engar eða í mesta lagi takmarkaðar skuldbindingar hvíli á Íslendingum til að greiða Icesave-skuldirnar. En viðbrögð frá Norðurlöndum eru sem fyrr órökstuddar fullyrðingar um að Íslendingum beri að standa við alþjóðlegar skuldbindingar sínar. Kannski Steingrímur fjármálaráðherra bæti úr og færi okkur röksemdir viðmælenda sinna.

*Höfundur er lagaprófessor.*

# Hreinsunarstarfið framundan

**UMRÆÐAN**
Rósa Guðbjartsdóttir skrifar um fjárhagsmál Hafnarfjarðar

Það er mannlegt að kenna öðrum um ófarir sínar. Í því ljósi kemur það ekki á óvart að meirihluti Samfylkingarinnar í Hafnarfirði kennir bankahruninu um slæma fjárhagsstöðu bæjarfélagsins. En er það svo? Staða sveitarfélaga í landinu er í dag mjög misjöfn. Sum þeirra, eins og Garðabær og Seltjarnarnes, eru vel í stakk búin til að takast á við fjárhagslegar þrengingar meðan önnur geta vart fullnægt lögbundnu þjónustuhlutverki sínu.


RÓSA GUÐBJARTSDÓTTIR

Því miður er Hafnarfjörður í hópi verst settu sveitarfélaga landsins með skuldir á íbúa nærri tvöfalt yfir landsmeðaltalinu, en skuldirnar hafa þrefaldast í meirihlutatíð Samfylkingarinnar. Af þeirri ástæðu hefur Eftirlitsnefnd sveitarfélaga óskað skýringa á því hvernig stjórnendur bæjarins hyggjast ná tökum á rekstrinum og greiða af hinum gríðarlegu háu lánum. Eigið fé bæjarins er nú neikvætt um 760 milljónir króna og hefur bæjarstjórinn boðað að endurmeta þurfi fasteignir bæjarins til að hífa upp eiginfjárstöðuna, en öðruvísi fæst ekki lán til endurfjármögnunar eldri lána.

Undanfarna mánuði hafa bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og VG komið meirihluta Samfylkingar til aðstoðar við gerð fjárhagsáætlunar í þeim miklu erfiðleikum sem við blasa en mikil hagræðing og niðurskurður er óhjákvæmilegur eigi bæjarfélagið að ná að halda fjárhagslegu sjálfstæði sínu. Í þeirri vinnu höfum við Sjálfstæðismenn styrkst enn frekar í þeirri skoðun okkar hve gagngerrar breytingar á fjármálastjórn bæjarins er þörf og að komið sé að því að gefa Samfylkingunni frí frá meirihlutastjórnun.

Í þeirri tiltekt sem framundan er skiptir sköpum hvernig haldið er á málum og þurfa stjórnmálamenn þá að hafa kjark til að taka erfiðar ákvarðanir. Ákvarðanafælni meirihluta Samfylkingarinnar í ýmsum mikilvægum og umdeildum málum hefur reynst bæjarbúum afar dýrkeypt. Ég hef mikla trú á að hægt verði að snúa við þessari þróun á fjárhagsstöðu bæjarins og að í Hafnarfirði megi halda uppi góðu samfélagi og þjónustu – en þá þurfa að koma við stjórnvölinn einstaklingar sem sýnt geta frumkvæði og áræðni og þora að hafa skoðanir í erfiðum og viðkvæmum málum.

*Höfundur er bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Hafnarfirði.*



**EMILY WATSON FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1967.**

*„Til allrar hamingju lít ég þannig út að mér hafa ekki boðist hlutverk sem ganga út á innihaldslausa útlitsdýrkun.“*

***Emily Watson er bresk leikkona, þekktust fyrir túlkun sína á hinni ógæfusömu Bess McNeill í kvikmyndinni Breaking the Waves (1996). Hún hefur einnig leikið í myndum á borð við Gosford Park og Angela´s Ashes og tvívegis verið tilnefnd til Óskarsverðlauna.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 14. JANÚAR 1976

## *Ólafur hlýtur bókmenntaverðlaun*

Ólafur Jóhann Sigurðsson (1918-1988) var íslenskur rithöfundur sem skrifaði og gaf út bækur stöðugt frá árinu 1934.

Á ferli sínum gaf hann út sex skáldsögur, tvær smáskáldsögur (novellur), fimm smásögur, fjögur ljóðasöfn og jafn margar barnabækur. Fyrir ljóðabækurnar Að laufferjum og Að brunnum hlaut Ólafur fyrstur Íslendinga bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs.

Þess má geta að síðan þá hafa fimm íslenskir höfundar hlotið verðlaunin eftirsóttu. Snorri Hjartarson fyrir Hauströkkrið yfir mér árið 1981, Thor Vilhjálmsson fyrir Grámosinn glóir árið 1988, Fríða Á. Sigurðardóttir fyrir Meðan nóttin líður árið 1992, Einar Már Guðmundsson fyrir Engla alheimsins árið 1995 og Sjón fyrir Skugga-Baldur árið 2005. **Heimild: wikipedia.org**



## MERKISATBURÐIR

**1255** Oddur Þórarinsson drepinn í Geldingaholti.
**1501** Marteinn Lúter byrjar í Erfurt-háskóla sautján ára.
**1690** Klarinettið fundið upp í Nürnberg í Þýskalandi.
**1918** Læknafélag Íslands stofnað.
**1939** Noregur gerir tilkall til Matthildarlands á Suðurheimskautinu.
**1954** Marilyn Monroe giftist Joe DiMaggio.
**1978** Johnny Rotten hættir í Sex Pistols.
**1984** Þorlákur helgi Þórhallsson biskup (1133-1193) lýstur verndardýrlingur Íslendinga af Jóhannesi Páli páfa.
**1992** Ísland: Hitamet í janúar sett á Dalatanga: 18,8° C.



**SNJÓTITTLINGUR** Hann tyllir sér á steina, þök og víðar en sjaldan í tré. WMYND/JAKOB SIGURÐSSON

**FUGL VIKUNNAR:** SNJÓTITTLINGUR

## *Vetrarfuglinn okkar*

Snjótittlingur er einkennisspörfugl á auðnum og í fjallendi. Í vetrarhörkum sækja snjótittlingar í stórum hópum þangað sem þeim er gefið en þeir eru fræætur og er hveitikorn og kurlaður maís, það sem selt er í verslunum sem smáfuglafóður, í uppáhaldi hjá þeim. Á sumrin er karlinn snjóhvítur nema svartur á baki og vængbroddum og kallast þá sólskríkja. Flug snjótittlings er hratt og bylgjótt. Hann tyllir sér á steina, þök og víðar, þó sjaldan í tré. Er afar félagslyndur á veturna en á sumrin eru pör eða fjölskyldur saman. Söngurinn er hljómþýður og syngur fuglinn bæði sitjandi og á flugi. Á veturna gefur hann frá sér ómþýtt tíst. Snjótittlingur er algengur varpfugl til fjalla og á hálendi en strjáll á láglendi. Finnst þó í grýttu landi og klettum við ströndina, svo og í eyjum. Hreiðrið er vandlega ofin karfa í glufu eða sprungu í bergi eða í hlöðnum vegg. Hluti stofnsins hefur vetursetu í Skotlandi og grænlenskir fuglar eru far- og vetrargestir hér. **www.fuglavernd.is**




## 50 ára

**er í dag 14. janúar**

**Ásgeir J. Þorvaldsson.**

**Í tilefni þess býður hann ættingjum og vinum til léttra veitinga laugardaginn 16. janúar að heimili sínu Hálsaseli 20 milli kl 16-19.**





†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Guðfinnur Kristinn Jónsson**

Furugerði 1, áður Unufelli 29,

andaðist á Landspítalanum þann 10. janúar. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 19. janúar kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið.

**Guðrún Magnúsdóttir**
**Magnús Guðfinnsson** **Inga Dóra Halldórsdóttir**
**Sigurður Jón Guðfinnsson** **Halla Elísabet Guðmundsdóttir**
**Guðni Guðfinnsson** **Sondy Haldursdóttir Johansen**
**Jens Guðfinnsson** **Erla Rúna Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar sendist á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**



**RITSTJÓRI** Alexander Dan Vilhjálmsson hefur stofnað tímaritið Furðusögur sem verður helgað skáldskap og myndlist í anda hryllings, fantasía og vísindaskáldskapar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**ALEXANDER DAN VILHJÁLMSSON:** STOFNAR TÍMARITIÐ FURÐUSÖGUR

# Nýju blóði hleypt í hrollvekjuna

Nýtt íslenskt tímarit, Furðusögur, lítur dagsins ljós á næstunni. Það verður helgað skáldskap og myndlist undir áhrifum frá hryllingi, fantasíum og vísindaskáldskap. Ritstjórinn, Alexander Dan Vilhjálmsson, bindur vonir við að þetta framtak hleypi nýju blóði í þessar listgreinar á Íslandi. „Útgáfa á íslenskum skáldskap sem fellur beinlínis í þennan flokk bókmennta hefur verið strjál og ég vonast til að snúa blaðinu við með Furðusögum,“ útskýrir Alexander.

Alexander segist ekki gera sér grein fyrir af hverju íslenskir listamenn hafi hingað til ekki látið meira að sér kveða á þessum vettvangi. „Ég held það sé engin einhlít skýring á þessu. Mönnum hefur kannski fundist þjóðsögurnar fylla þetta skarð. En það er samt svolítið skrítið þar sem þessar bókmenntagreinar njóta vaxandi vinsælda hérlendis.“

Sjálfur er Alexander mikill áhugamaður um allt sem fantasíuskáldskap viðkemur. „Sérstaklega finnst mér gaman að lesa skáldskap þar sem þessum greinum er blandað saman. China Miéville er einn þeirra höfunda sem róa á slík mið og nær einstökum hæðum með sögum í anda hinnar umdeildu new-weird stefnu, sem gengur út á uppstokkun á viðteknum hugmyndum um bókmenntagreinar.“ Þá segir Alexander höfundinn H.P. Lovecraft í sérstöku uppáhaldi. „Hann skrifaði mikið fyrir tímarit sem kallaðist Weird Tales, en þaðan er einmitt heitið Furðusögur fengið,“ útskýrir hann og brosir.

Að sögn Alexanders er öllum velkomið að senda inn efni í tímaritið og hvetur hann sérstaklega myndlistarmenn til að vera með.

„Þótt Furðusögur verði að miklu leyti helgað ljóðum, smásögum og jafnvel framhaldssögum er tímaritið ekki síður hugsað sem vettvangur fyrir myndlist af svipuðum toga,“ segir hann og vonast til að tímaritið verði höfundum og myndlistarmönnum jafnframt hvatning til samstarfs.

„Það væri mjög gaman að birta í því myndskreyttar sögur eða teiknimyndasögur.“

En hvernig hafa viðtökurnar verið? „Mjög góðar. Skilafrestur á efni í fyrsta tímaritið rann reyndar út 4. janúar síðastliðinn en okkur er enn að berast efni og það er bara um að gera að halda áfram að senda inn. Því enda þótt innsent efni fái kannski ekki allt pláss í fyrsta tölublaðinu er vel hugsanlegt að það birtist í því næsta,“ segir Alexander, sem telur hugsanlegt að tímaritið komi út í blaðaformi minnst tvisvar á ári. „Á tímabili veltum við því fyrir okkur að birta tímaritið á Netinu og spara okkur þannig prentkostnað en urðum síðan sammála um að áhrifameira yrði að gefa það út í blaðaformi.“

Stefnt er að útgáfu Furðusagna í mars/apríl og verður tímaritið fáanlegt í öllum helstu bók- og ritfangaverslunum landsins, auk spilabúðarinnar Nexus. Alexander bendir áhugasömum á að senda fyrirspurnir og efni á furdusogur@furdusogur.is.

**roald@frettabladid.is**

# Þetta er einfaldlega góð tónlist

Sigurður Ingvi Snorrason klarinettuleikari var truflaður á æfingu og spurður aðeins út í nýárstónleika sem Salonsveitin verður með í Salnum á laugardaginn klukkan 17. Hann segir sveitina skipaða einvalaliði og að í ár sé óperusöngkonan Auður Gunnarsdóttir með henni.

„Það er árviss viðburður hjá okkur í Salonsveitinni að bjóða upp á nýárstónleika með svellandi Vínartónlist, völsum, polkum og frægum óperettulögum. Við förum líka aðeins út fyrir Vínarrammann, vildum gægjast inn annars staðar og leituðum uppi lög sem voru vinsæl kringum seinna stríð og eru þekkt enn í dag,“ lýsir Sigurður Ingvi og bætir við. „Raunverulega eru öll þessi lög, líka Vínarlögin, samin á 100 ára tímabili og eru tímalaus. Þetta er einfaldlega góð tónlist og slík tónlist á sér engan sérstakan tíma.

Í dagskrárkynningu Salarins er minnst á glæsinúmer Sigrúnar Eðvaldsdóttur fiðluleikara. „Já,“ segir Sigurður Ingvi. „Sigrún stendur alltaf upp og gefur okkur eitt glæsinúmer á hverjum svona tónleikum og svo fær Bryndís Halla að blómstra í einu lagi líka.“ **- gun**



**SALONSVEITIN** Hún verður með nýárstónleika á laugardaginn. MYND/SALURINN

# Englafræðin rifjuð upp

Englar verða viðfangsefni námskeiðs sem Jón Björnsson rithöfundur kennir á Amtsbókasafninu á Akureyri dagana 14., 18. og 19. janúar.

„Áhugi minn á englum er nú ekki af trúarlegum toga," viðurkennir Jón þegar hann er inntur eftir því af hverju hann viti svona mikið um engla. „Ég hef hins vegar áhuga á alls kyns furðulegum verum og englar falla vissulega þar undir," segir hann.

Jón hefur áður haldið námskeið um engla, hjá Endurmenntun Háskóla Íslands, og áætlað er að hann haldi annað slíkt námskeið hjá Endurmenntun í febrúar. Hann segir víða hægt að nálgast upplýsingar um engla. Fyrst af öllu í Biblíunni þótt ekki séu nema þrír englar nafngreindir þar. „Þá voru þeir fyrst og fremst boðberar milli guðs og manna." Jón segir engla einnig koma fram í öðrum trúarbrögðum á borð við gyðingtrú og íslam. Þá eigi þeir sér fyrirrennara í ýmsum fyrirbærum og hafi þróast með tímanum.

„Menn geta annars vegar nálgast engla mjög trúarlega og talið að guð hafi skapað þá á fyrsta degi á sama tíma og hann skapaði ljósið, því þeir eru víst úr ljósi, eða menn geta rakið hugmyndasöguna um engilinn. Þá lenda menn í mörgum mjög skemmtilegum pælingum því þeir eru náskyldir kerúbunum, fuglinum Griff og vitaskuld mjög tengdir fjandanum og púkunum þar sem þeir eru fallnir englar," segir Jón.

Á námskeiðinu mun hann að hálfu af alvöru og hálfu alvöruleysi fjalla um englana, sögu þeirra, hlutverk og daglegt amstur, auk flugfærni þeirra, kynferði og kynhegðun. Hann upplýsir til að mynda að englarnir á himnum séu 266 milljónir en 133 milljónir hafi fallið á sínum tíma ásamt foringja sínum Lúsifer niður til Vítis.

Jón segir engla ekki hafa verið efsta á vinsældalistum í seinni tíma, þó hafi námskeið hans um englana verið nokkuð vel sótt. „Það trúa víst voða margir á engla, jafnvel fleiri en á guð og fjandann. Enda eru þeir óskóp notalegir og sjaldan sem þeir gera nokkuð illt." - sg



**ENGILL** Englar sinna oft störfum sendiboða.

---



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, afi og langafi,*

**Gunnar H. Jakobsson**

Blikaási 9, Hafnarfirði,

andaðist á Landspítalanum í Fossvogi föstudaginn 8. janúar. Útför hans fer fram frá Garðakirkju föstudaginn 15. janúar kl.13.00.

Pálína Þorgrímsdóttir
Hildur Gunnarsdóttir — Ingólfur Benediktsson
Gylfi Gunnarsson
Halla Gunnarsdóttir
Harpa Gunnarsdóttir — Sigurður Arnar Sigurðsson
Gunnar Már Sigfússon — Sara Reginsdóttir

---



*Eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Jenný Þóra Skarphéðinsdóttir**

Þverbrekku 2, Kópavogi,

andaðist á líknardeild Landakotsspítala 3. janúar síðastliðinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á Samtök lungnasjúklinga, s. 560 4812.

**Gissur Breiðdal**
**Ingibjörg Gissurardóttir — Stig Svensson**
**Skarphéðinn Gissurarson — Ragnheiður E. Stefánsdóttir**
**Smári Gissurarson**
**Viðir Gissurarson — Nanthikan Seeklang**
**Ellert Gissurarson — Selma Björk Petersen**
**Stefanía Gissurardóttir — Ásgeir Helgason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður, sonar, bróður, mágs og tengdasonar,*

**Ómars Loga Gíslasonar,**

Ásakór 11, Kópavogi,

sem lést á líknardeild Landspítalans, Kópavogi, þriðjudaginn 22. desember. Sérstakar þakkir til starfsfólks líknardeildar Landspítalans í Kópavogi, fyrir frábæra umönnun og kærleik í okkar garð. Einnig viljum við þakka öðru heilbrigðisstarfsfólki sem önnuðust hann í veikindum hans. Starfsfólki Heilsuleikskólans Urðarhóls þökkum við fyrir þess framlag til erfidrykkjunnar og öðrum sem hjálpuðu okkur á þessum erfiðu tímum. Hlýhugur og **stuðningur ykkar hefur verið ómetanlegur.**

**Ingibjörg Sigurðardóttir**
**Kolbrún Ýrr Logadóttir**

---



*Elskulega móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Úrsúla Hermannsson,**

andaðist á Droplaugarstöðum þann 27. desember 2009. Laugardaginn 9 janúar sl. var sálumessa sungin í Kristskirkju, Landakoti og samdægurs var hún jarðsett í Hvammi í Norðurárdal, Borgarfirði við hliðina á eiginmanni sínum Svavari Hermannssyni, efnaverkfræðingi.
Að ósk hinnar látnu fór útförin fram í kyrrþey.
Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vinarhug. Ennfremur þökkum við starfsfólki Droplaugarstaða fyrir einstaka umönnun. Þeim sem vilja minnast Úrsúlu er bent á Minningarsjóð Droplaugarstaða; í síma 414 9500.

**Sólveig. A. Svavarsdóttir**
**Bernhard Svavarsson — Ólöf Unnur Sigurðardóttir**
**Friðrik Elí Bernhardsson**
**Tómas Karl Bernhardsson**

---



*Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Guðjón Árni Guðmundsson,**

húsasmíðameistari,
Máshólum 2, Reykjavík,

lést á gjörgæsludeild LSH, 8. janúar sl.

**Guðlaug Kristófersdóttir**
**Birgit Guðjónsdóttir — Christian Alexander Klempert**
**Guðrún Jónína Guðjónsdóttir**
**Kristinn Helgi Guðjónsson — Jóna Svava Sigurðardóttir**
**og barnabörn.**

---



*Ástkær bróðir okkar, móðurbróðir og frændi,*

**Eggert Kristmundsson**

bóndi, Efri-Brunnastöðum,
Vatnsleysuströnd,

lést á Hjúkrunarheimilinu Garðvangi, Garði, 12. janúar. Útförin auglýst síðar.

**Elín Kristmundsdóttir**
**Anna Scheving Kristmundsdóttir**
**Hallgrímur Kristmundsson**
**Gísli Scheving Kristmundsson**
**Skarphéðinn Scheving Einarsson**
**Hannesína Scheving Skarphéðinsdóttir,**
**Guðmundur Steingrímsson**
**Svanur Már Skarphéðinsson, Brynja Hafsteinsdóttir**
**Kristmundur Skarphéðinsson, Ingunn Lúðvíksdóttir**
**Elín Kristín Skarphéðinsdóttir**

---



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Pétur Sigurðsson**

fyrrv. framkvæmdastjóri, Breiðdalsvík,

lést þann 5. janúar á Hjúkrunarheimili aldraðra á Höfn, Hornafirði. Útför hans fer fram frá Heydalakirkju laugardaginn 16. janúar kl. 11.00.

**Bergþóra Sigurðardóttir**
**Arnleif Pétursdóttir — Manfred Kleindienst**
**Jóhanna Pétursdóttir — Sveinn F. Jóhannsson**
**Sigurður Pétursson — Ólöf Kristjánsdóttir**
**Hreinn Pétursson — Linda H. Guðmundsdóttir**
**Pétur Pétursson — Ingunn H. Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýju við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Kristínar Bjarnadóttur**

Óðinsgötu 15, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks A3 á Hrafnistu.

**Gunnar Þór Geirsson — Anna Guðrún Hafsteinsdóttir**
**Bjarni Geirsson — Þuríður Björnsdóttir**
**Jón Hróbjartsson — Margrét Dan Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,*

**Lárus Þórarinsson**

fyrrv. flugumferðarstjóri
Hverafold 19, Reykjavík,

andaðist að heimili sínu laugardaginn 9. janúar. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 15. janúar kl. 15.00.

**Kristín Lárusdóttir**
**Ásthildur Lárusdóttir**
**Erna Lárusdóttir**
**Einar Þór Lárusson**
**Álfheiður K. Lárusdóttir**
**Kristín Rúna Lárusdóttir**
**tengdabörn, afabörn, langafabörn og langalangafabarn.**

---



*Okkar elskulegi,*

**Kristján Jón Jónasson**

frá Múla í Þorskafirði

lést á líknardeild Landakots 4. janúar. Útförin fer fram frá Árbæjarkirkju á morgun, föstudaginn 15. janúar kl. 13.00.

**Guðbjörg M. Kristjánsdóttir**
**Guðmundur P. Pálsson**
**Ingi B. Jónasson**
**og fjölskyldur.**

---



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Guðrún Sturludóttir,**

Hjallaseli 41, Reykjavík,

verður jarðsungin frá Bústaðakirkju föstudaginn 15. janúar kl. 15.00.

Fyrir hönd aðstandenda,

**Sigríður Kristín Þórisdóttir — Þorkell Samúelsson**
**Reynir Þormar Þórisson — Sveinborg Jónsdóttir**




# Stórlaxar og smásíli

**BAKÞANKAR**
Ragnheiðar Tryggvadóttur



Ímynd Íslands út á við er ekki svo glæst þessa dagana. Heimspressan keppist við að flytja fréttir af því hversu mikið endemis óreiðufólk við séum í fjármálum og nú ætlum við ekki einu sinni að borga til baka peninga sem okkur voru lánaðir! Íslendingar eru útmálaðir sem hrappar sem ekki sé á treystandi. Það er ekki gott. Þessari umræðu þarf að snúa við og sveipa Ísland aftur þeirri ímynd að hér búi þjóð sem heimsbyggðin geti ekki verið án, stórhuga víkingar, stórlaxar og athafnafólk sem lætur sér ekkert fyrir brjósti brenna. Vorum við ekki einu sinni best í heimi!? Bla bla…

**ÞETTA** er auðvitað hugsunarhátturinn sem kom okkur í þessar ógöngur til að byrja með. Mikilmennskubrjálæði, stælar og vitleysa. Spéfuglinn Ari Eldjárn hitti naglann á höfuðið þegar hann lýsti þjóðinni í uppistandi um daginn, eins og óþolandi og ofvirkum litlum bróður í samfélagi þjóðanna, sem heldur að hann komist upp með allt. Ætli okkur væri ekki nær að lækka í okkur rostann og byrja uppbyggingu ímyndarinnar á raunhæfum nótum. Byrja smátt og skipta stórlöxunum út fyrir smásíli. Fyrir stuttu rakst ég einmitt á skemmtilega fyrirsögn hér í Fréttablaðinu sem lofaði góðu og gæti markað upphafið í endurreisn ímyndar landsins: Íslensk hornsíli bæta skilning á þróun lífs, hvorki meira né minna. Það skyldi þó aldrei vera að það yrðu hornsílin sem kæmu okkur aftur á kortið.

**AUÐVITAÐ** hafa íslenskir vísindamenn alltaf verið að gera merkar uppgötvanir, hvort sem það er á þróun hornsíla gegnum aldirnar eða einhverju öðru, það fór bara ekki eins mikið fyrir þeim og „vísindamönnunum“ í fjármálageiranum sem óðu uppi. Hér hefur alltaf verið fullt af færu fólki sem barst ekki alveg eins mikið á en vann sína vinnu. Nú blómstrar það en í gær las ég aðra frétt hér í blaðinu sem sagði frá hópi hönnuða sem vildi byggja upp orðspor íslenska tískuiðnaðarins en það þótti taka dýfu fyrir nokkru þegar illa var haldið á spöðunum. Íslenskir hönnuðir búa ekki að aldarlangri hefð í faginu eins og margar aðrar þjóðir en það hefur ekki haldið aftur af þeim. Það er frekar að þeir hafi nýtt sér þá sérstöðu í sköpun sinni þannig að íslensk hönnun er eftirtektarverð.

**SVONA** byrjar þetta í rólegheitunum og smám saman byggist ímyndin upp aftur á réttum forsendum. Enginn gusugangur í stórlöxum, hornsílin vita hvað þau syngja.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# MESTA ÚRVALIÐ

## STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM




Birt með fyrirvara um breytingar, insláttarvillur og myndabrengl

**OPNUNARTÍMAR**

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

acer ASUS hp lenovo msi packard bell SONY TOSHIBA

**kl. 19.30**

*Sigurvegarar úr einleikarakeppni Sinfóníuhljómsveitarinnar og Listaháskóla Íslands koma fram á Sinfóníutónleikum í kvöld. Þeir eru Helga Svala Sigurðardóttir flautuleikari og Matthías Sigurðsson klarínettuleikari. Auk þess munu tvö ný verk ungra tónskálda hljóma: Þórdísarhyrna eftir Hafdísi Bjarnadóttur og Dreymi eftir Önnu Þorvaldsdóttur.*

# menning

menning@frettabladid.is

# Þrjú hlutu styrki

Á föstudaginn voru veittir styrkir úr Listasjóði Dungal í átjánda sinn en hann var stofnaður til minningar um Margréti og Baldvin Pálsson Dungal, listunnendur og fyrstu eigendur Pennans hf. Þrír ungir listamenn fengu í þetta sinn styrki úr sjóðnum, en sá hæsti að upphæð 500 þúsund féll í skaut Baldurs Geirs Bragasonar. Í fréttatilkynningu segir að Baldur hafi útskrifast með BA-gráðu frá myndlistardeild Listaháskóla Íslands árið 2001 og stundað nám við Kunsthochschule Berlin á árunum 2005-2008 og hafi haldið fjölda sýninga og tekið þátt í margs konar listverkefnum bæði á Íslandi og erlendis. Hina styrkina hlutu Indíana Auðunsdóttir og Huginn Þór Arason. **- amb**



**STYRKVEITING LISTASJÓÐS DUNGAL** Huginn Þór Arason, Baldur Geir Bragason og systir Indíönu Auðunsdóttur taka við styrkjum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## > Ekki missa af

Í kvöld verður seinni sýningin á Endurómun, útskriftarverki Leifs Þórs Þorvaldssonar úr LHÍ vorið 2009. Sýningin þykir vera hrein skynupplifun sem tekst að bjaga og teygja á skynfærum áhorfandans um leið og hún veitir innsýn í nýjustu kenningar um mannsheilann. Útskýrð verða grunnferli skynjunar, minninga og drauma. Verkið er sýnt á Litla sviðinu og hefst kl. 20.

## METSÖLULISTI EYMUNDSSON

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í EYMUNDSSON UM LAND ALLT

**06.01.10 – 12.01.10**



**1** Almanak Háskóla Íslands
Þorsteinn Sæmundsson



**2** Andsælis á auðnuhjólinu
Helgi Ingólfsson



**3** Íslandsklukkan kilja
Halldór Laxness



**4** Garn og gaman
Jóna Svava Sigurðardóttir



**5** Konur eiga orðið...
Salka



**6** Sjálfstætt fólk
Halldór Laxness



**7** Ofsi
Einar Kárason



**8** Almanak Þjóðvinafélagsins
Sögufélagið



**9** Meiri hamingja
Tal Ben-Shahar



**10** Loftkastalinn sem hrundi
Stieg Larsson

Eymundsson.is
Eymundsson
Bóksali frá 1872

# Hugmyndaflugið ræður för

**Hafdís Bjarnadóttir gaf nýlega út annan diskinn sinn, „Jæja“. Hann fylgir eftir fyrsta disknum hennar „Nú“, sem kom út fyrir sjö árum.**



**ER Í FLOKKNUM „ANNAÐ“** Hafdís Bjarnadóttir með ódýra Samick-gítarinn sinn, sem hún hefur spilað á árum saman. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Þarna á milli var ég að vinna við að kenna á gítar, svo var ég við Listaháskólann í þrjú ár og þá fór ég út í framhaldsnám til Danmerkur í tvö ár,“ segir Hafdís en hún spilar tónlist sína á rafmagnsgítar. „Ég er búin að vera rafmagnsgítareigandi í tuttugu ár. Reyndi fyrst á klassískan gítar en gafst upp eftir hálft ár. Fannst það bara ekki nógu gaman. Ég keypti mér gamlan garm í Rín fyrir tólf ára afmælispeninginn minn og var svo glamrandi á hann. Bæði upp úr sjálfri mér og fór á námskeið. Ég glamraði sjálf þar til ég fór í FÍH 1995 og kláraði svo það nám 2002. Upp úr því kom fyrsti diskurinn minn.“

**Passar illa í plöturekkana**

Hafdís segist hafa hlustað á alls konar tónlist í gegnum tíðina samhliða gítarglamrinu. „Ég var voða mikið að hlusta á blús og vissi hvað allir gömlu karlarnir hétu. Það þótti dálítið spes þegar ég var þrettán ára og allir voru að hlusta á Mötley Crüe. Svo tók maður góðan sprett í þessu seventís hippaæði sem var í gangi. Ég kynntist djasstónlist og klassík – rómantík og upp úr – og þjóðlagatónlist. Ég hef alltaf hlustað mikið á gríska þjóðlagatónlist. Nú er ég að hlusta á plötuna með Robert Plant og Alison Krauss, en annars hlustar maður bara á allan andskotann.“

*Hvernig kemur þetta svo allt fram í tónlistinni? Hvernig tónlist ertu að spila?*

„Það er erfitt að setja þetta í rekka í plötubúð því það er erfitt að segja akkúrat hvað þetta er. Þetta gæti verið í flokknum „annað“, sem var alltaf einn flokkurinn í Íslensku tónlistarverðlaununum. Djössurunum finnst þetta ekki vera djass og poppurunum finnst þetta ekki vera popp. Þetta passar hvergi inn. Þetta er annað! Ég veit ekki hvort ég geti nokkuð passað betur inn. Það er voða bras. Mér finnst bara þægilegast að láta hugmyndaflugið ráða fyrst og svo sjá hvað kemur út úr því. Ég hef líka samið fyrir klassískar sveitir og þá finnst mér mesta fjörið að henda inn einhverju öðruvísi til að hræra upp í hlutunum. Og á sama hátt hendi ég inn einhverju öðruvísi þegar ég er að semja fyrir „léttari“ hljómsveitir.“

**Nennir ekki að syngja**

Tónlist Hafdísar er ósungin sem sjálfkrafa gerir hana ókommersíal. „Það er blandað á þessari nýju plötu. Sumt er svolítið heví stöff en annað er bara voðalega kósí instrúmental stöff,“ segir Hafdís. Hún segist ekki syngja nema í neyð. „Það voru tónleikar í haust þar sem ég ætlaði að fá söngkonu en svo varð hún veik á síðustu stundu. Ég varð þá að syngja sjálf. Ég hef alltaf litið á það að syngja sem extra vesenis-pakka í líf mitt því hitt er alveg nóg, að semja og spila. Ég er líka pínu feimin við að syngja. Þá fara allir að kalla mann söngvara og ég þarf alltaf að vera með trefil til að passa röddina. Ég er ekki alveg að nenna því.“

Á Sinfóníutónleikum í kvöld verður flutt verk Hafdísar, Þórdísarhyrna. Það er samið upp úr prjónauppskrift. „Ég var að skoða nótur eftir Ligeti. Ein blaðsíðan leit út eins og blaðsíða í prjónabók sem ég á og þá fékk ég þá hugmynd að þýða prjónauppskrift í músík. Ég prjónaði í þrjá tíma og skráði hjá mér hljóðin og taktinn. Svo stytti ég það reyndar niður í sex mínútur.“ **drgunni@frettabladid.is**

# Sherlock mætir í bæinn

Einn þekktasti einkaspæjari sögunnar, Sherlock Holmes, vaknar til lífsins í nýrri mynd breska leikstjórans Guy Ritchie. Sherlock 21.aldarinnar virðist í fyrstu sýn eiga fátt sameiginlegt með hugmyndum almennings um siðprúða spæjarann með hattinn og pípuna sem Arthur Conan Doyle skrifaði fyrst um árið 1887 og birtist í jólahefti tímaritsins Beeton. Til gamans má geta að samkvæmt heimsmetabók Guiness er Sherlock Holmes sú skáldsagnapersóna sem oftast hefur verið kvikmynduð; 75 leikarar hafa leikið hann í 211 kvikmyndum. Óvist er þó hvernig þeim þekktasta, Basil Rathbone, líst á nútímaútgáfuna með Ameríkana í aðalhlutverki.

Ritchie fer þá leið að sýna Sherlock sem óforskammaðan og sjálfsöruggan kvennabósa. Ef marka má viðbrögð gagnrýnenda vestan hafs virðist Robert Downey Jr. fara létt með slík hlutverk enda í góðri æfingu frá ámóta hlutverki í Iron Man sem Tony Stark. Sherlock og hans hundtryggi samstarfsmaður, Dr. Watson, reyna í myndinni að koma í veg fyrir illvirki hins valdamikla Blackwoods. Og njóta til þess liðsinnis hinnar fögru Irene Adler sem lengi hefur verið helsti keppinautur Sherlocks í einkaspæjarageiranum.

Downey leikur eins og áður segir Sherlock en Rachel McAdams er í hlutverki Irene og Jude Law bregður sér í gervi Dr. Watsons. Þær sögusagnir ganga nú í Hollywood að mynd númer tvö sé þegar í bígerð og að sjálfur Brad Pitt muni leika höfuðóvin Holmes, Mr. Moriarty. **- fgg**



**FER Á KOSTUM Robert Downey** fer létt með að gæða Sherlock Holmes smá hroka og kvensemi enda í góðri æfingu frá Iron Man-ævintýrinu. Ekki er hins vegar vitað hvernig aðdáendum **Basils Rathbone** líkar þessa útgáfa en hann hefur verið talinn hin sanna ímynd spæjarans snjalla.

# Fjölbreyttar franskar bíómyndir

Alliance Française í Reykjavík, Sendiráð Frakklands og Kanada á Íslandi og Græna ljósið halda franska kvikmyndahátíð í tíunda sinn dagana 15. til 28. janúar í Háskólabíói.

Opnunarmynd hátíðarinnar er fjölskylduvæna gamanmyndin „Nikulás litli“, sem var langvinsælasta kvikmyndin í Frakklandi í fyrra, með yfir fimm milljónir áhorfenda. Myndin er byggð á samnefndri persónu sem Sempé og Goscinny, höfundar Ástríks, bjuggu til og gáfu út á bók árið 1959.

Fjölbreytnin ræður ríkjum á hátíðinni. Samtals verða sýndar tíu myndir. „Góð lögga, vond lögga“ er létt löggumynd frá Kanada. „Það var ekki ég, ég sver það“ er grínmynd um baldinn villing og gerist árið 1968. „Edrú“ er spennumynd með Maggie Cheung í aðalhlutverki.



**FJÖLSKYLDUVÆN** Úr frönsku kvikmyndinni Nikulás litli sem sýnd verður á franskri kvikmyndahátíð í Háskólabíói.

„Hjörtun“ er drama eftir Alain Resnais og af mörgum talin hans besta mynd í tuttugu ár. „Ljúfa Paloma“ er dramatísk gamanmynd eftir Nadir Moknèche, sem kallaður hefur verið Pedro Almodóvar Alsírs. „Verndargripurinn“ er spennumynd um ævintýri 13 ára stráks sem flýr frá fósturforeldrum sínum til að snúa aftur í sígaunaþorpið þar sem hann fæddist. „Morðkvendi“ er drama um vinkonur og hefur verið kölluð franska Thelma og Louise. „Frumgráturinn“ er heimildarmynd þar sem því tilfinningaflóði sem barnsfæðing kemur af stað er lýst af mikilli nærfærni. Þá verða tvær sýningar á nýjustu kvikmynd Sólveigar Anspach, „Louise Michel“ sem fjallar um líf útlægrar hjúkrunarkonu meðal frumbyggja í Nýju-Kaledóníu.

Allar myndirnar eru sýndar með enskum texta. Í fyrsta sinn verða svo myndirnar sýndar í Borgarbíói á Akureyri frá 5. febrúar. Nánari upplýsingar eru á www.af.is. - drg

# Listmálarinn Stallone

Sylvester Stallone er fjölhæfur listamaður. Upp á síðkastið hefur hann verið að vekja athygli í listaheiminum með hráum og tilfinningaríkum málverkum sínum. Leikarinn hefur málað frá unga aldri en það er aðeins nýverið að hann kom út úr skápnum með myndlist sína. Hann var viss um að frægð hans í kvikmyndabransanum myndi skyggja á myndlistina og gera hana að léttvægu fyrirbæri.

Sylvester segist mála bestu myndirnar þegar hann er langt niðri. „Eftir því sem þú ert óhamingjusamari og ráðvilltari, því betri verður listin. Hamingjurík list virkar ekki, allavega ekki fyrir mig,“ segir kappinn.

Þrátt fyrir miklar vinsældir í kvikmyndaheiminum segir Sylvester að nýleg velgengni hans í listaheiminum sé það besta sem hafi komið fyrir hann á ferlinum. „Kvikmyndir eru samspil margra aðila. Svo þegar myndin kemur loksins í bíó en hún kannski bara 40 prósent eins og þú sást hana fyrir. Málverkin eru hins vegar 100 prósent. Annaðhvort svífur verkið eða brotlendir. Og þá er það engum um að kenna nema einni persónu,“ segir Sylvester.



**HRÁR OG TILFINNINGARÍKUR** Sylvester Stallone við eigið verk.





UNGIR EINLEIKARAR OG TÓNSKÁLD

Fim. 14.01.10 » 19:30

- **Hafdís Bjarnadóttir:** *Þórdísarhyrna*
- **Anna S. Þorvaldsdóttir:** *Dreymi*
- **Carl Maria von Weber:** *Klarinettukonsert nr. 2*
- **J. Ibert:** *Flautukonsert*

**Bernharður Wilkinson** hljómsveitarstjóri
**Helga Svala Sigurðardóttir** einleikari
**Matthías Sigurðsson** einleikari

Sigurvegarar úr einleikarakeppni SÍ og Listaháskóla Íslands koma fram á árlegum tónleikum, auk þess sem tvö ný verk ungra og efnilegra tónskálda fá að hljóma.

**Tryggðu þér miða á www.sinfonia.is eða í síma 545 2500. Námsmenn og ungt fólk fær 50% afslátt af miðaverði.**

AÐALSTYRKTARAÐILAR
BORGUN Morgunblaðið

*„Til að semja tónverk þarftu aðeins að muna eftir lagi sem engum hefur dottið í hug áður.“*

Robert Schumann



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Sími 551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is

Brennuvargarnir (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 15/1 kl. 20:00 U | Fös 22/1 kl. 20:00 Ö | Fös 5/2 kl. 20:00 Ö |
| Fim 21/1 kl. 20:00 Ö | Fim 28/1 kl. 20:00 Ö | |

„Besta leiksýning ársins“ MBL, IÞ. Sýningum fer fækkandi.

Oliver! (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fim 14/1 kl. 19:00 Ö | Lau 30/1 kl. 15:00 Ö | Sun 21/2 kl. 15:00 |
| Lau 16/1 kl. 15:00 Aukas. U | Lau 30/1 kl. 19:00 Ö | Sun 21/2 kl. 19:00 |
| Lau 16/1 kl. 19:00 U | Lau 6/2 kl. 15:00 Ö | Sun 28/2 kl. 15:00 |
| Lau 23/1 kl. 15:00 Aukas. U | Lau 6/2 kl. 19:00 Ö | Sun 28/2 kl. 19:00 Ö |
| Lau 23/1 kl. 19:00 Ö | Sun 14/2 kl. 15:00 Ö | |
| Fös 29/1 kl. 19:00 Ö | Sun 14/2 kl. 19:00 Ö | |

Oliver! ★★★★ MBL, GB. Nýjar sýningar komnar í sölu.

Sindri silfurfiskur (Kúlan)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 16/1 kl. 15:00 Ö | Lau 23/1 kl. 15:00 | Lau 30/1 kl. 15:00 |
| Sun 17/1 kl. 16:00 | Sun 24/1 kl. 16:00 | Sun 31/1 kl. 15:00 |

Undurfalleg sýning fyrir yngri börnin. Miðaverð aðeins 1500 kr.

Gerpla (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 12/2 kl. 20:00 Frums. U | Lau 20/2 kl. 20:00 4. K Ö | Lau 27/2 kl. 20:00 6. K Ö |
| Lau 13/2 kl. 20:00 2. K U | Fim 25/2 kl. 20:00 Aukas. Ö | Fös 5/3 kl. 20:00 7. K Ö |
| Fös 19/2 kl. 20:00 3 K Ö | Fös 26/2 kl. 20:00 5. K Ö | Lau 6/3 kl. 20:00 8. K Ö |

Miðasala hafin - tryggið ykkur sæti á fyrstu sýningar!

Fíasól (Kúlan)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 13/3 kl. 15:00 Frums. U | Lau 20/3 kl. 13:00 U | Sun 21/3 kl. 15:00 U |
| Sun 14/3 kl. 13:00 U | Lau 20/3 kl. 15:00 U | |
| Sun 14/3 kl. 15:00 U | Sun 21/3 kl. 13:00 Ö | |

Nú er hægt að kaupa miða á Fíusól!

Bólu-Hjálmar (Kúlan)

| | |
|---|---|
| Mið 27/1 kl. 20:00 | Fim 28/1 kl. 20:00 |

Gestasýning Stoppleikhópsins. Aðeins tvær sýningar.






> FEGINN

**George Clooney** segist vera feginn því að þurfa ekki að keppa um kvikmyndahlutverk við Robert Pattinson. „Guði sé lof að ég þarf ekki að keppa við hann. Hann er ungur, myndarlegur og hæfileikaríkur," sagði leikarinn um hinn unga starfsbróður sinn.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Systkini syngja fyrir SÁÁ

Páll Óskar Hjálmtýsson heldur styrktartónleika fyrir SÁÁ á fimmtudaginn í næstu viku ásamt systur sinni Diddú, hörpuleikaranum Moniku og strengjakvartett.

„SÁÁ hefur orðið fyrir barðinu á miklum niðurskurði af hálfu stjórnvalda og það lítur út fyrir að það þurfi að loka Staðarfelli. Starfsemin er að raskast með alvarlegum afleiðingum bæði fyrir sjúklinga og aðstandendur," segir Páll Óskar. „Við ætlum að reyna að safna eins miklum pening og við getum og vonandi fyllum við Vonarsalinn uppi í SÁÁ," segir hann og á þar við sal félagsins í Efstaleiti 7. „Sá sem sparkaði í rassinn á mér heitir Jón Helgi og er 76 ára gamall félagsmaður. Hann er búinn að vera edrú í fjögur ár og vill bara þakka SÁÁ lífgjöfina."

Páll Óskar er sjálfur meðlimur í Al-Anon og hefur því sína reynslu af SÁÁ sem aðstandandi. „Þetta er óeigingjarnt og vanþakklátt starf sem fólkið er að vinna þarna."

Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir á Vogi, safnaði nýverið tuttugu þúsund undirskriftum til að þrýsta á stjórnvöld. Páll Óskar vonast eftir því að þau sjái að sér. „Sterkasta vopn sjúkdómsins er afneitun og stjórnvöld á Íslandi eru nákvæmlega í þessari afneitun." Tónleikarnir hefjast klukkan 20.30 fimmtudaginn 21. janúar og er miðasala hafin í SÁÁ-húsinu. Þeim sem ekki komast á tónleikana er bent á að tekið er við frjálsum framlögum í gegnum heimasíðuna Saa.is. - fb



**PÁLL ÓSKAR OG MONIKA** **Páll Óskar** og **Monika** stíga á svið í Vonarhúsinu ásamt **Diddú** og strengjakvartett.

# Bönd munu berjast

Undankeppni alþjóðlegu hljómsveitakeppninnar Global Battle Of The Bands hófst á Sódómu Reykjavík í gærkvöldi. Keppinn stendur yfir til laugardags og á meðal hljómsveita sem stíga á svið er Bróðir Svartúlfs, sigursveit Músíktilrauna, Nögl og We Made God.

„Við búumst fastlega við því að það verði hart barist enda er þátttökumiðinn erlendis ekkert slor," segir skipuleggjandinn Franz Gunnarsson. Sigursveitin tryggir sér þátttökurétt í úrslitakeppninni sem verður haldin í London í lok apríl. Verðlaunin eru tíu þúsund dollarar, vikudvöl í hljóðveri með upptökumanni í London og tíu daga tónleikaferð um England. Í fyrra sigraði hljómsveitin Agent Fresco í íslensku undankeppninni en hún var einnig valin bjartasta vonin á Íslensku tónlistarverðlaununum.

Öll tónleikakvöldin hefjast klukkan 21. Aðgangseyrir er 500 krónur og aldurstakmark er átján ár. - fb



**BRÓÐIR SVARTÚLFS** Sigursveit Músíktilrauna tekur þátt í Global Battle Of The Bands.

# Býr til þúfur fyrir Gerplu

Mikil þúfugerð fer nú fram á smíðaverkstæði Þjóðleikhússins vegna leikritsins Gerpla sem verður frumsýnt 12. febrúar. Smíðaverkstæðið hefur aftur tekið við sínu gamla hlutverki sem vinnusvæði og þar hefur Trygve Jónas Eliassen, yfirmaður leikmunadeildar, haft í nógu að snúast við þúfugerðina. Vopn og verjur eru einnig að streyma í hús og má því búast við því að hausar og útlimir fari að fjúka á næstunni.

Æfingar á Gerplu standa nú sem hæst undir styrkri stjórn Baltasars Kormáks. Með hlutverk fóstbræðrana Þorgeirs Hávarssonar og Þormóðs Kolbrúnarskálds fara Björn Thors og Jóhannes Haukur Jóhnnesson. Aðrir leikarar eru Ólafía Hrönn Jónsdóttir, Ólafur Darri Ólafsson, Ilmur Kristjánsdóttir, Brynhildur Guðjónsdóttir, Ólafur Egill Egilsson, Atli Rafn, Lilja Nótt Þórarinsdóttir og Sindri Birgisson.



**ÞÚFUGERÐ** Trygve Jónas Eliassen, yfirmaður leikmunadeildar Þjóðleikhússins, hefur í nógu að snúast við þúfugerðina.






# Ragnheiður í Fríkirkjunni



**RAGNHEIÐUR GRÖNDAL**

Söngkonan Ragnheiður Gröndal heldur tónleika í Fríkirkjunni 21. janúar í tilefni af útkomu plötunnar Tregagás sem kom út fyrir jólin. Á tónleikunum verða spiluð íslensk þjóðlög bæði af Tregagás og plötunni Þjóðlög sem kom út 2006. Með Ragnheiði leika þeir Guðmundur Pétursson á gítar, Haukur Gröndal á klarínett og þeir Matthías M.D. Hemstock og Birgir Baldursson á slagverk. Húsið opnar kl. 20 og tónleikarnir hefjast kl. 21. Miðasalan fer fram á Midi.is og er miðaverð 2.500 krónur.

# Fyrirlestur um tísku

**Fyrirlestur á vegum Hönnunarmiðstöðvar Íslands og Listasafns Reykjavíkur fer fram í Hafnarhúsinu í kvöld klukkan 20.00. Rúnar Ómarsson, framkvæmdastjóri og einn stofnenda hönnunarfyrirtækisins Nikita, mun fjalla um sögu fyrirtækisins. Rúnar hefur langa reynslu í markaðssetningu íslenskrar hönnunar á alþjóðavettvangi og mun miðla af reynslu sinni á fundinum í kvöld. Að fyrirlestrinum loknum mun Rúnar fjalla um Reykjavík Fashion Festival, íslenskan tískuviðburð sem verður haldinn 19. og 20. mars.**




# Útsala

## Lokað í dag,
## útsalan hefst á morgun, fimmtudag

# 40%

## Afsláttur af öllum vörum

Menn + Konur, Laugavegi 7



# Andersen & Lauth

Reykjavik

established 1934

P.S...ef þú ert forvitin þá geturðu séð vor 2010
á www.andersenlauth.com...




# Segist fagna nýrri tískuhátíð

Kolbrún Aðalsteinsdóttir, skipuleggjandi Iceland Fashion Week-tískuhátíðarinnar, sem haldin var í tengslum við Ljósanótt í lok síðasta árs, segist ánægð með tilkomu Reykjavík Fashion Festival.

Fréttablaðið greindi í gær frá því að einstaklingar sem starfa innan tískuiðnaðarins hér á landi hafi komið á laggirnar nýjum tískuviðburði sem mun fara fram dagana 19. og 20. mars. „Mér finnst þetta alveg frábært, þetta er flott fólk og mér finnst þetta bara smart. Iceland Fashion Week er alþjóðleg sýning sem fær til sín erlenda sem íslenska hönnuði og fjölmiðlafólk. Ég veit ekki hvernig þessu verður háttað hjá Reykjavík Fashion Festival, en tilkoma þess viðburðar mun ekki setja strik í reikninginn hjá okkur,“ segir Kolbrún.



**FAGNAR TILKOMU NÝRRAR TÍSKUHÁTÍÐAR** Kolbrún Aðalsteinsdóttir, skipuleggjandi Iceland Fashion Week, fagnar tilkomu nýrrar tískuhátíðar. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# TILEINKAR BJÖRGÓLFI LAG

**Fyrsta sólóplata Blazroca, Erps Eyvindarsonar, er í vinnslu og kemur væntanlega út með hækkandi sól. Erpur er samur við sig og sendir meðal annars íslenskum auðjöfri tóninn.**

Á plötunni verður meðal annars lagið „Fimmþúsund kall“. „Það er tileinkað Björgólfi Thor og öllum hans ævintýrum. Ég er með sömpl af honum eitthvað að rífa sig sem ég hendi inn í lagið,“ segir Erpur. Björgólfur Thor er sem kunnugt er mikill rappáhugamaður og fékk 50 cent til að syngja fyrir sig í fertugsafmælinu á Jamaíku.

„Það er í fyrsta skipti sem hægt er að sanna vond áhrif gangstarapps á einhvern Íslending,“ segir Erpur og hlær. „Þegar ég sá þessa mynd af Björgólfs-feðgunum með 50 cent fattaði ég þetta loksins. Get rich or die tryin‘. Sækjast sér um líkir. Nú þarf Björgólfur örugglega að ganga í skotheldu Gucci-vesti eins og 50 cent.“

Erpur segir plötuna væntanlega í vor, sirka mars/apríl. „Ég er að vinna með öllum. Hver einasti gæi sem kann eitthvað í mínum geira er að vinna með mér. Menn hafa heyrt fyrstu lögin sem eru orðnir skuggalegir hittarar. „Reykjavík-Belfast“, „Stórasta landið“ og „Viltu dick“. Ég er stanslaust að gera lög og kominn með miklu meira en verður á plötunni. Maður velur bara úr. Eins og ég gerði á fyrstu Rottweiler-plötunni gróf ég upp óþekkta rappara sem ég vissi að væru að rappa á íslensku. Ég er með fullt af ungum gaurum sem eru að gera góða hluti. Allir gömlu halarnir verða þarna líka. Svo hef ég verið að tala við Bjartmar upp á að við finnum út úr því hvað hann getur gert á plötunni. Það er ekki komin niðurstaða í það enn þá.“

Það hefur aldrei verið meira að gera hjá Erpi og XXX Rottweiler hundum en um þessar mundir. Hann er nýkominn frá Ósló Þar sem hann spilaði á klúbbi um jólin og segist annars troða upp sirka tvisvar á viku. „Gamalt fólk heldur að ekkert sé í gangi fyrst það hefur ekki komið plata lengi. Það er bara allt annað dreifikerfi í gangi nna. Krakkarnir hlusta á þetta í tölvunni. „Reykjavík-Belfast“ er til dæmis með áhorfstölur á Youtube sem margar erlendar hljómsveitir myndu eiga við sig ef þær hefðu. En á sama tíma vill maður gefa út disk og geta haldið á einhverju. En ég veit svo sem að um leið og hann kemur munu krakkarnir rippa hann og senda á milli.“

drgunni@frettabladid.is



**SKUGGALEGIR HITTARAR**
Fyrsta plata **Blazroca** er væntanleg en á henni verður meðal annars lag tileinkað **Björgólfi Thor** þar sem svokölluð sömpl með honum verða notuð til að skreyta lagið. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

# The Gossip vinsæl á Íslandi

Niðurstöður liggja fyrir um það hvaða lög voru mest spiluð á útvarpsstöðvunum í fyrra. FM 95,7, X-ið og Bylgjan hafa birt sína lista og bera þeir öll merki þeirra tónlistarstefna sem ráða ríkjum á stöðvunum. Sumir listamenn ná þó þeirri eftirsóknarverðu stöðu að „krossa yfir“ og fá spilun á öllum stöðvum. Bæði X-ið og Bylgjan virðast spila álíka mikið af innlendum og erlendum listamönnum. FM sker sig nokkuð úr því þar nær enginn Íslendingur inn á Topp 10. Það segir manni að árið var ekki sterkt í íslenska poppinu. Haffi Haff er efstur með Give Me Sexy í númer ellefu og Gus Gus eru með Add This Song í númer sextán. The Gossip og Muse eru í mikilli spilun hjá erkifjendunum FM og X-inu, en engin íslensk sveit nær sama árangri.

- drg



**BETH ORTON Í THE GOSSIP** Spiluð í spað bæði á FM og X-inu.

**TOPP 10 Á FM 95,7**

1. Black Eyed Peas - I Gotta Feeling
2. Gossip - Heavy Cross
3. David Guetta - Sexy Bitch
4. Muse - Uprising
5. Keri Hilson - Knock You Down
6. Kings Of Leon - Use Somebody
7. Flo Rida - Right Round
8. Inna - Hot
9. Lady Gaga - Poker Face
10. Black Eyed Peas - Boom Boom Pow

**TOPP 10 Á X-INU**

1. Dikta - Let Go
2. Cliff Clavin - Midnight Getaways
3. White Lies - Farvel to the Fairground
4. Fleet Foxes - Mykonos
5. Our Lives - Out of Place
6. The Yeah Yeah Yeah´s - Zero
7. Muse - Uprising
8. Gossip - Heavy Cross
9. Mammút - Rauðilækur
10. Gus Gus - Add This Song

**TOPP 5 ÍSLENSK Á BYLGJUNNI**

1. Egó - Í hjarta mér
2. Hjálmar - Það sýnir sig
3. Sálin hans Jóns míns - Kominn tími til
4. Jet Black Joe - Jamming
5. Egó - Engill ræður för

**TOPP 5 ERLEND Á BYLGJUNNI**

1. U2 - Magnificent
2. Pink - Please Don´t Leave Me
3. Katy Perry - Hot N Cold
4. Lily Allen - The Fear
5. Lenka - Trouble Is a Friend



# Elizabeth Arden

Kynning á Green Tea og Eight Hour vörunum frá Elizabeth Arden
í verslunum Hagkaups 14. - 20. janúar.







Green Tea





**Green Tea línan frá Elizabeth Arden
er komin í verslanir Hagkaups*.**

Línan inniheldur ilmi, body lotion, sturtusápu, svitalyktareyði og vinsæla líkamskremið Honey Drops með ilmandi grænu kornunum sem róa og næra húðina.

*Ekki fáanlegt í Borgarnesi og á Akureyri

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

NÝTT Í BÍÓ!
















SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| DYHAT MORGANS | kl. 4.40 - 8 - 10.20 | 7 |
| MAMMA GÓGÓ | kl. 4 - 6 - 8 | L |
| AVATAR 3D | kl. 4.40 - 7 - 8 - 10.20 | 10 |
| AVATAR 2D LÚXUS | kl. 8 | 10 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 2 | kl. 3.40 - 5.50 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| MAMMA GÓGÓ | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 2 | kl. 5.50 | L |
| AVATAR 3D | kl. 10.10 | 10 |
| AVATAR 2D | kl. 9 | 10 |
| WHATEVER WORKS | kl. 5.50 - 8 | 7 |
| A SERIOUS MAN | kl. 10.10 | 12 |

facebook.com/smarabio
AÐDÁENDUR GETA UNNIÐ BÍÓKORT ÚT ÁRIÐ, BOÐSMIÐA Á FORSÝNINGAR O.M.FL.

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| DYHAT MORGANS | kl. 10 | 7 |
| MAMMA GÓGÓ | kl. 8 | L |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 2 | kl. 6 | L |
| AVATAR 2D | kl. 6 - 9 | 10 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| THE ROAD | kl. 5.30 - 8 - 10.20 | 16 |
| TAKING WOODSTOCK | kl. 8 - 10.30 | 14 |
| ALVIN & ÍKORNARNIR 2 | kl. 6 íslenskt tal | L |
| ALVIN & THE CHIPMUNKS 2 | kl. 6 - 8 - 10 enskt tal | L |
| JULIE & JULIA | kl. 5.30 - 8 - 10.35 | L |

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus







LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| DID YOU HEAR ABOUT THE MORGANS? | kl. 8 | L |
| MAMMA GÓ GÓ | kl. 6 og 10.10 | 10 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 2 | kl. 6 | L |
| AVATAR 3D - POWER | kl. 6, 9 og 10.20 | 10 |












SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| SHERLOCK HOLMES Forsýning | kl. 10:20 | 12 |
| SHERLOCK HOLMES | kl. 10:20 | VIP |
| WHIP IT | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 10 |
| BJARNFREÐARSON | kl. 5:40 - 6:20 - 8 - 9 - 10:30 | L |
| BJARNFREÐARSON | kl. 5:40 - 8 | VIP |
| PRINSESSAN OG FROSKURINN M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | L |
| OLD DOGS | kl. 6 | L |
| SORORITY ROW | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| TWILIGHT 2 NEW MOON | kl. 8 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| SHERLOCK HOLMES Forsýning | kl. 8 - 10:40 | 12 |
| BJARNFREÐARSON | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | L |
| WHIP IT | kl. 8 - 10:20 | 10 |
| PRINSESSAN OG FROSKURINN M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| PRINSESSAN OG FROSKURINN M/ Ensku. Tali | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| CHRISTMAS CAROL 3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| SHERLOCK HOLMES Forsýning | kl. 8 - 10:40 | 12 |
| BJARNFREÐARSON | kl. 8 - 10:20 | L |

já NÚ GETUR ÞÚ FENGIÐ SÝNINGARTÍMA OG UPPLÝSINGAR UM MYNDIR Í BÍÓ HJÁ JÁ - 118



**LEIFAR FRÁ FENEYJUM** Ragnar Kjartansson opnar sýningu á verkum sínum í Hafnarborg á laugardag. Hann segist ánægður með verkin þó að mörg þeirra séu hálfkláruð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Leifar frá Feneyjadvölinni

**Sýning á verkinu Endalokin – Klettafjöll, eftir Ragnar Kjartansson, verður opnuð í Hafnarborg nú á laugardag og stendur til 28. febrúar.**

Verkið er tvískipt og er annar hluti þess tónlistar- og myndbandsverk sem tekið var upp í Klettafjöllunum og sýnir Ragnar og Davíð Þór Jónsson leika á ólík hljóðfæri á fimm mismunandi sjónvarpsskjáum. Seinni hluti verksins var unninn í Feneyjum þar sem Ragnar málaði listamanninn Pál Hauk Björnsson daglega í hálft ár.

„Þetta er sýning á leifunum af Feneyjagjörningnum. Þetta eru um 150 málverk sem verða til sýnis auk ljósmynda, dagbóka og ýmissa minjagripa þannig að hægt er að fylgjast með ferlinu. Það er dálítið fallegt að sjá hvað dagbókafærslurnar verða þungar og vænisjúkar eftir því sem á líður," segir Ragnar Kjartansson listamaður. Hann segist vera ánægður með málverkin þó mörg þeirra séu hálfkláruð og lýsir sýningunni sem málverkainnsetningu. Aðspurður segir hann ekki erfitt að mála sama myndefnið daglega þar sem rýmið geti verið breytilegt dag frá degi. „Maður fór út og vonaði hið besta en bjóst við hinu versta. Þetta gekk þó betur en maður hafði þorað að vona og það kom mér þægilega á óvart hvað verkið vakti mikla athygli í Feneyjum.

Það komu nokkur hundruð manns í skálann dag hvern og stundum átti ég mjög erfitt með einbeitingu. Listmálun er svolítið heilög og persónuleg athöfn sem er yfirleitt gerð í einveru, en í raun get ég ekki kallað þessar heimsóknir truflun því þetta var sjálfskaparvíti."

Ragnar er þó feginn að vera loks kominn aftur heim en segir dvölina í Feneyjum hafa verið hið besta kreppuráð. „Það er gott kreppuráð að dvelja í borg eins og Feneyjum, þar var allt svo dýrt þannig að mér fannst hressandi að koma aftur til Reykjavíkur." Vídeóverkið Endalokin – Klettafjöll verður sýnt í fyrsta sinn eftir að tvíæringnum lauk og helgina eftir verður það einnig sýnt á Sundance-kvikmyndahátíðinni. Ragnar verður viðstaddur hátíðina og segist hlakka mikið til. „Ég er farinn að hlakka geðveikt mikið til. Ég vona að ég hitti Robert Redford sjálfan á meðan ég er þarna, svo ætla ég bara að vappa um og reyna að fá eiginhandaráritanir hjá sem flestum," segir Ragnar og hlær. Opnunin í Hafnarborg er klukkan 15.00. **- sm**



The Academy of Colour and Style
ÚTLIST- OG FÖRÐUNARSKÓLI

VILTU VERÐA STÍLISTI?

The Academy of Colour and Style er skóli sem kennir útlitsráðgjöf. Námið byggir á helstu atriðum útlitshönnunar og er meðal annars tekið fyrir litgreining, fatastíll og textill. Eftir nám fá nemendur diplóma í útlitsráðgjöf (fashion consultant).

Starfsmöguleikar eftir nám eru margir og spennandi og geta nýst á ýmsum sviðum og atvinnugreinum.

Hver önn tekur þrjá mánuði og fylgja öll kennslugögn með náminu.
Kennsla fer fram í Tækniskólanum einu sinni í viku frá 18-22.

| 1. Önn | 2. Önn | Starfsmöguleikar: |
|---|---|---|
| | | Innkaupastjóri |
| Fatastíll | Litgreining | Útlitsráðgjafi |
| Fatasamsetning | Förðun út frá litgreiningu | Stílisti |
| Textill | Litasamsetning | Verslunarstjóri |

Erna, stílisti



Ég hef unnið við förðun á Stöð 2 í 6 ár, þar á meðal við förðun keppenda í Idol og annarra sjónvarpsþátta hjá 365. Einnig vinn ég við auglýsingar, mynbönd og myndatökur. Það er óhætt að segja að námið hefur hjálpað mér mikið í starfi mínu í förðun og stíliseringu.

Skjöldur Mio, tískuráðgjafi



Ég taldi mig vita flest allt um tísku og útlit áður en ég fór í skólann. En annað kom á daginn. Ég hef lært heilmikið um fatasamsetningu, textil, litafræði, líkamsbyggingu og flest allt um útlit. Námið nýtist mér frábærlega í því sem ég er að gera.

UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 533-5101

www.utlit.is

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 14. janúar 2010**

### Leikrit

**18.00 Leikhópurinn Kraðak** sýnir **„Let's talk local – Reykjavík"** á **Restaurant Reykjavík** við Vesturgötu 2. Þar er rakin saga Reykjavíkur frá landnámi til dagsins í dag. Sýningin fer fram á ensku og er sýnd alla daga kl. 18.

**19.55 Leikhópurinn Munaðarlaus** sýnir verkið **Munaðarleysingjar** eftir Dennis Kelly í **Norræna Húsinu** við Sturlugötu 5. Nánari upplýsingar á www.nordice.is.

### Tónleikar

**19.30 Sigurvegarar úr einleikarakeppni** Sinfóníuhljómsveitarinnar og Listaháskóla Íslads koma fram á tónleikum með **Sinfóníuhljómsveitinni** í **Háskólabíói** við Hagatorg. Nánari upplýsingar á www.sinfonia.is.

**22.00 Dúettinn J2** flytur djasstónlist á **Búálfinum** í Hólagarði við Lóuhóla. Enginn aðgangseyrir.

### Opnanir

**20.00** Í **Listasmiðjunni** á vallarsvæðinu í Reykjanesbæ verður opnuð sýning á verkum fjögurra myndlistarkvenna. **Bjarnveig Björnsdóttir**, **Sigurlína Ólafsdóttir**, **Kristín Níelsen** og **Jóhanna Guðmundsdóttir** sýna.

### Síðustu Forvöð

Sýningu **Mörtu Maríu Jónsdóttur** í **Listasal Mosfellsbæjar** í Kjarna við Þverholt, lýkur á laugardag. Opið mán.-fös. kl. 12-19 og lau. kl. 12-15.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**


GULA HÚSIÐ
FAXAFENI 8
ÚTSALA
Bolabrjálæði, allt á
Bómullarbolir í öllum stærðum á dömur og herra.
999,-
NÝTT
KORTA
TÍMABIL
ÚTSÖLU MARKAÐUR! Þrjú verð 99,- 499,- & 999,-
OPNUNARTÍMI:
MAN-LAU. 10.00-18.00
SUN. 12.00-17.00

## > KR-stúlkur eru óstöðvandi

Kvennalið KR í körfubolta vann sinn þrettánda leik í röð í Iceland Express-deild kvenna er sterkt lið Hamars kom í heimsókn í Vesturbæinn. KR vann öruggan sigur og hefur unnið alla leiki sína í deildinni. Hamar er í þriðja sæti deildarinnar með 16 stig en Grindavík er í öðru sæti með 18 stig eftir sigur á Val sem var nokkuð naumur. Keflavík gerði góða ferð í Hólminn og er í fjórða sæti deildarinnar með 14 stig. Valur er í neðsta sæti með aðeins 4 stig.



**sport**
sport@frettabladid.is

GUÐJÓN VALUR SIGURÐSSON: ÉG VEIT AÐ MENN MUNU GEFA ALLT SEM ÞEIR EIGA

# *Ég sé enga ástæðu til þess að hafa áhyggjur*

Guðjón Valur Sigurðsson var ánægður með sigur sinna manna á Portúgal í gær þótt hann hefði sagt að margt hefði mátt fara betur í leik íslenska liðsins.

„Þetta var allt í lagi hjá okkur. Við sköpuðum okkur fullt af góðum færum en gallinn var kannski sá að við misnotuðum mörg þeirra," sagði hann. „En ég vona að fólkið hafi séð hversu gaman við höfðum af þessu og hversu spenntir við erum fyrir því að spila á EM."

Hann segir að liðið hafi fengið það sem það vildi úr leiknum. „Það þarf að hafa það í huga að við vissum nánast ekkert um andstæðinginn og hann kom mér á óvart. Þeir voru miklu betur spilandi en ég átti von á og fannst þeir skipulagðir. Það var mjög gott fyrir okkur að þeir spiluðu framliggjandi vörn en þannig munu Serbarnir væntanlega spila," sagði hann en Ísland mun spila við Serbíu í fyrsta leik í Austurríki.

Spurður um varnarleikinn sagði Guðjón Valur að hann hefði verið mjög kaflaskiptur. „Þeir voru ekki að skora mikið af mörkum á okkur utan af velli en voru duglegir að finna sér í leið gegnum vörnina. Það skrifast á okkur. Við vorum óþolinmóðir og lokuðum svæðunum ekki nógu vel."



En Guðjón hefur ekki áhyggjur. „Það er sjálfsagt hægt að finna fullt af vitleysum í okkar leik. Niðurstaðan var þó að við unnum og spiluðum alveg þokkalega. Ég finn að eftirvæntingin fyrir EM er mikil, bæði hjá leikmönnum og stuðningsmönnum, og ég veit að þegar út í alvöruna er komið verður allt klárt. Ég þarf ekki að sjá allt það besta í okkar fari í æfingaleikjunum. Ég veit vel hvað liðið getur."

Hann nefnir einnig æfingamót í Frakklandi sem landsliðið spilaði á skömmu fyrir Ólympíuleikana frægu í Peking. „Þá gekk allt á afturfótunum og maður vissi ekkert hver staða liðsins var. En kannski er það bara betra. Þá vita menn að þeir verða að gefa allt sem þeir eiga á réttum tímapunkti. Ég hef engar áhyggjur því ég veit að það er nákvæmlega það sem þeir munu gera í Austurríki."

## ÚRSLIT

### *Vináttulandsleikur:*

Ísland-Portúgal 37-27 (17-15)
Mörk Íslands (skot): Guðjón Valur Sigurðsson 9 (12), Snorri Steinn Guðjónsson 7/4 (9/5), Róbert Gunnarsson 4 (4), Alexander Petersson 4 (8), Sturla Ásgeirsson 3 (3), Ólafur Stefánsson 3 (6), Ásgeir Örn Hallgrímsson 2 (4), Logi Geirsson 1 (1), Ólafur Guðmundsson 1 (2), Vignir Svavarsson 1 (3), Rúnar Kárason 1 (3), Aron Pálmarsson 1 (5).
Varin skot: Hreiðar Guðmundsson 9 (25/1, 36%), Björgvin Páll Gústavsson 3 (14, 21%).
Hraðaupphlaup: 12 (Róbert 3, Guðjón Valur 2, Sturla 2, Logi 1, Ásgeir Örn 1, Snorri Steinn 1, Ólafur 1, Alexander 1).
Fiskuð víti: 5 (Vignir 2, Aron 1, Sturla 1, Róbert 1).
Utan vallar: 4 mínútur.
Mörk Portúgals (skot): Dario Andrade 6/1 (7/1), Jose Costa 5 (6), Carlos Carneiro 5 (7), Tiago Rocha 4 (5), Pedro Solha 4 (7), David Tavares 1 (3), Nuno Pereira 1 (3), Fabio Magalhaes 1 (4), Bosko Bjelanovic (1), Luis Bogas (1), Inacio Carmo (2), Jorge Sousa (2), Claudio Pedroso (3).
Varin skot: Hugo Figueira 13 (38/2, 34%), Hugo Laurentino 6/1 (18/3, 33%).
Hraðaupphlaup: 13 (Solha 4, Andrade 4, Carneiro 3, Costa 2).
Fiskuð víti: 1 (Bjelanovic 1).
Utan vallar: 4 mínútur.

### *Enska bikarkeppnin:*

Liverpool-Reading 1-2
1-0 Ryan Bertrand, sjm. (45.), 1-1 Gylfi Þór Sigurðsson, víti (90.), 1-2 Shane Long (99.)
Newcastle-Plymouth 3-0
1-0 Peter Lovenkrands (10.), 2-0 Peter Lovenkrands (40.), 3-0 Peter Lovenkrands (72.)

### *IE-deild kvenna:*

KR- Hamar 77-49
Stig KR: Jenny Pfeiffer-Finora 18, Hildur Sigurðardóttir 13, Guðrún Þorsteinsdóttir 13, Signý Hermannsdóttir 8, Margrét Kara Sturludóttir 8, Jóhanna Sveinsdóttir 6, Heiðrún Kristmundsdóttir 5, Þorbjörg Friðriksdóttir 4, Helga Einarsdóttir 2.
Stig Hamars: Kristrún Sigurjónsdóttir 18, Guðbjörg Sverrisdóttir 10, Koren Schram 9, Íris Ásgeirsdóttir 5, Hafrún Hálfdánardóttir 3, Fanney Guðmundsdóttir 2.
Grindavík-Valur 69-59
Stig Grindavíkur: Petrúnella Skúladóttir 21, Michele DeVault 19, Jovana Stefánsdóttir 16, Helga Hallgrímsdóttir 9, Íris Sverrisdóttir 4.
Stig Vals: Dranadia Roc 28, Berglind Ingvarsdóttir 14, Þórunn Bjarnadóttir 6, Birna Eiríksdóttir 2, Lovísa Guðmundsdóttir 2, Sigríður Viggósdóttir 1.
Haukar-Njarðvík 94-65
Stig Hauka: Heather Zell 40, Kiki Jean Lund 17, Helena Hólm 10, Guðrún Ámundadóttir 9, Bryndís Hreinsdóttir 6, Kristín Reynisdóttir 4, Ragna Brynjarsdóttir 2.
Stig Njarðvíkur: Shantrell Moss 30, Ólöf Helga Pálsdóttir 17, Hanna Valdimarsdóttir 7, Anna Ævarsdóttir 6, Helga Jónasdóttir 3, Eyrún Sigurðardóttir 2.
Snæfell-Keflavík 65-81
Stig Snæfells: Sherell Hobbs 17, Björg Einarsdóttir 15, Gunnhildur Gunnarsdóttir 11, Ellen Högnadóttir 4, Hrafnhildur Sævarsdóttir 2, Hildur Kjartansdóttir 2, María Björnsdóttir 2, Helga Björgvinsdóttir 2.
Stig Keflavíkur: Birna Valgarðsdóttir 19, Bryndís Guðmundsdóttir 18, Kristi Smith 12, Rannveig Randversdóttir 10, Sigrún Albertsdóttir 7, Marín Karlsd. 4, Hrönn Þorgrímsd. 3, Svava Stefánsd. 3, Halldóra Andrésd. 3, Telma Ásgeirsdóttir 2.

# Strákarnir kvöddu með bros á vör

**Íslenska landsliðið i handbolta kvaddi íslenska áhorfendur í gær en liðið hefur leik á EM í Austurríki næsta þriðjudag. Liðið lagði Portúgal með tíu marka mun. Leikurinn var engin flugeldasýning en endaði þó vel.**

**HANDBOLTI** Strákarnir okkar kvöddu í gær áhorfendur í Laugardalshöll með ágætum sigurleik á Portúgal, 37-27, í síðasta heimaleik liðsins áður en Evrópumeistaramótið hefst í Austurríki í næstu viku.

Það var fyrst og fremst góður lokakafli í síðari hálfleik sem skildi á milli liðanna en leikur íslenska liðsins var mjög kaflaskiptur. Á stundum voru þeir portúgölsku spilaðir sundur og saman en þess á milli náðu gestirnir sér að stríða silfurhöfunum frá Peking.

Fyrri hálfleikur byrjaði ágætlega þó svo að sóknarleikurinn hefði verið nokkuð stirður í upphafi. Það lagaðist fljótlega og Ísland var komið í fimm marka forystu um miðjan hálfleikinn.

Logi Geirsson, sem hefur átt í meiðslavandræðum, fékk tækifæri til að spreyta sig og var í byrjunarliðinu. Hann spilaði vel fyrir liðið allt og það eina sem vantaði var að hann myndi skjóta á markið. Hann var engu að síður góður þær mínútur sem hann fékk að spila en óvíst hvort það dugir til að fleyta honum til Austurríkis. Hann bætti þó fyrir markaleysið í seinni hálfleik og skoraði eitt mark.

Ólafur Stefánsson var tekinn af velli eftir um stundarfjórðung og virtist þá sóknarleikur Íslands hrynja – allt flæðið vantaði í sóknina. Strákarnir skutu markvörð Portúgala, Hugo Figuera, um leið í gang en hann varði tólf skot í hálfleiknum og var með 41 prósents markvörslu. Íslensku markverðirnir náðu sér að sama skapi engan veginn á strik.



**FYRIRLIÐINN Á FERÐINNI** Ólafur Stefánsson sækir hér að marki Portúgala í leiknum í Laugardalshöll í gærkvöldi. FRETTABLAÐIÐ/ANTON

Annað áhyggjuefni í fyrri hálfleik var hversu auðveldlega Portúgalar náðu að spila sig í gegnum íslensku vörnina. Gestirnir skoruðu þriðjung marka sinna í hálfleiknum af línunni.

Sóknarleikurinn skánaði eftir því sem leið á og Ísland náði að tryggja sér tveggja marka forystu áður en flautað var til leikhlés, 17-15.

Portúgalar byrjuðu seinni hálfleikinn á að skora fyrstu tvö mörkin. En íslenska liðið svaraði með því að skora sex mörk í röð og leit í raun aldrei um öxl eftir það.

Varnarleikurinn batnaði eftir því sem á leið seinni hálfleikinn og þá gengu aðrir þættir íslenska liðsins um leið miklu betur. Markvarslan var lítil sem engin lengst af en Hreiðar Levý hrökk í gang á síðasta stundarfjórðungnum og varði þá oft laglega.

Besti maður Íslands í leiknum var Guðjón Valur Sigurðsson sem nýtti færin sín mjög vel. Þá var gaman að sjá þá reynsluminni leikmenn sem fengu tækifæri undir lokin – þeir skiluðu sínu mjög vel og rúmlega það.

„Sóknarleikurinn var mjög góður þó svo að við hefðum vannýtt mörg færi í fyrri hálfleik. En við skoruðum 37 mörk og ég get ekki kvartað undan því," sagði Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari. „Þá var varnarleikurinn í fyrri hálfleik ekki heldur nógu góður. Þeir náðu að slíta okkur mikið í sundur og það var ekki fyrr en á síðustu 20 mínútunum að við náðum tökum á honum."

Hann var einnig ánægður með þá sem fengu tækifæri í seinni hálfleik. „Ég var í raun sáttur við hvernig liðið spilaði í kvöld. Þeir gáfu allt í þetta og sýndu þar með mikinn karakter."

Guðmundur sagði dýrmætt að hafa fengið að spila gegn jafn framliggjandi vörn og Portúgalar spiluðu í leiknum. „Serbar munu spila þannig og Danir munu kannski prófa það líka. Ég held að ég hafi fengið það sem ég vildi úr leiknum. Nú þarf ég bara að velja í hópinn sem fer til Austurríkis og það verður erfitt."

**eirikur@frettabladid.is**

Tveir leikir í ensku bikarkeppninni í gærkvöldi:

# Reading lagði Liverpool

**FÓTBOLTI** Tvö Íslendingalið voru í eldlínunni í ensku bikarkeppninni í gærkvöldi. Kári Árnason og félagar í Plymouth steinlágu fyrir Newcastle, 3-0, og eru úr leik. Hann var talsvert meira spennandi leikur Liverpool og Reading á Anfield. Íslendingarnir Gylfi Þór Sigurðsson, Ívar Ingimarsson og Brynjar Björn Gunnarsson voru allir í byrjunarliði Reading í leiknum.

Fyrsta mark leiksins kom ekki fyrr en í uppbótartíma fyrri hálfleiks er Ryan Bertrand varð fyrir því óláni að skora sjálfsmark. 1-0 fyrir Liverpool og liðið virtist vera að landa sigri þegar Reading fékk vítaspyrnu undir lok leiksins. Hana tók íslenski unglingalandsliðsmaðurinn Gylfi Þór Sigurðsson. Gylfi sýndi stáltaugar, skoraði úr markinu og tryggði Reading um leið framlengingu.

Brynjar Björn Gunnarsson átti allan heiður af öðru marki Reading í leiknum. Hann fíflaði tvo varnarmenn Liverpool og gaf síðan frábæran bolta í teiginn og Long skallaði boltann í netið. Mögnuð tilþrif hjá Brynjari. Þetta reyndist vera sigurmark leiksins og Reading því komið áfram.

**- hbg**



**JÖFNUNARMARKIÐ** Gylfi Þór Sigurðsson skorar hér úr vítaspyrnu undir lok venjulegs leiktíma. Gylfi skoraði af miklu öryggi. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES


Rýmingarsala – Nú seljum við afgangsflísar



Aðeins 3 verð:
900 - 1.400 - 2.000 kr. m²
Klettthálsi 7 Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 9-16
Meiri gæði Lægra verð MÚRBÚÐIN
MÚRBÚÐIN
– Afslátt eða gott verð?
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

# Útsala

## nýtt kortatímabil

## fatnaður og skór

## á alla fjölskylduna

verð aðeins

# 250-3000 kr

**Bolir 250-2000 kr.**
**Peysur 1000-3000 kr.**
**Buxur 1000-3000 kr.**
**Skór 1000-3000 kr.**

24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

50 ára HAGKAUP
fyrir íslendinga í 50 ár



> **Alec Baldwin**

„Frægðinni fylgir athygli, peningar og mikil vellíðan og því auðvelt að verða háður henni.“

***Baldwin leikur Jack Donaghy í þættinum 30 Rock sem Skjár einn sýnir í kvöld kl. 20.35.***

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON HITAÐI UPP FYRIR EM MEÐ GÓÐU SILFRI GULLI BETRA

# Icesave víkur fyrir Evrópumótinu

Núna er aðeins vika í að Evrópumótið í handbolta hefjist í Austurríki. Til að hita upp fyrir mótið var sýnd í Sjónvarpinu heimildarmyndin Gott silfur gulli betra sem fjallar um undirbúning liðsins fyrir Ólympíuleikana í Kína og þann frábæra árangur sem þar náðist. Myndin var vel heppnuð og hvað eftir annað fékk maður gæsahúð við að fylgjast með strákunum í essinu sínu. Nái þeir að mæta með sama hugarfarið til leiks á Evrópumótið eins og þeir höfðu á Ólympíuleikunum eru þeim allir vegir færir. Sigrar þeirra gegn Þjóðverjum á dögunum sýna einmitt að þeir eru með bullandi sjálfstraust, sem er eitthvað sem handboltalandsliðið hefur ekki haft nógu mikið af um árin.

Íslendingar eiga eftir að flykkjast að sjónvarpinu til að fylgjast með strákunum í von um að þeir nái að gleðja hjörtu þeirra á nýjan leik. Án þess að setja óþarfa pressu á landsliðið þá myndi góð frammistaða á Evrópumótinu veita okkur smá hugarró í miðju Icesave-ruglinu og fá okkur kannski til að gleyma því stundarkorn. Það verður alla vega gaman að fylgjast með strákunum etja kappi við þá bestu í Evrópu og vonandi gera þeir sitt allra besta, og aðeins betur ef það er það sem þarf.



**ÓLAFUR STEFÁNSSON** Ólafur verður í sviðsljósinu á Evrópumótinu í Austurríki í næstu viku.

## FIMMTUDAGUR



▶ **17.45** Gilmore Girls STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.00** Letters from Iwo Jima STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.55** NCIS STÖÐ 2



▶ **21.00** House SKJÁREINN



▶ **21.10** Aðþrengdar eiginkonur SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**16.05 Viðtalið** (Gerald J. Austin) (e)
**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Kastað upp peningi** (e)
**17.45 Skoppa og Skrítla út um hvippinn og hvappinn** (12:12) (e)
**18.00 Stundin okkar** (e)
**18.30 Mæðralíf** (In the Motherhood) (7:7) Bandarísk gamanþáttaröð um þrjár konur sem reyna eftir megni að sinna móðurhlutverkinu, vinnunni og ástalífinu án árekstra.
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.20 Eli Stone** (Eli Stone) Bandarísk þáttaröð. Lögfræðingurinn Eli Stone í San Francisco verður fyrir ofskynjunum og túlkar þær sem skilaboð frá æðri máttarvöldum. Í framhaldi af því endurskoðar hann líf sitt og breytir.
▶**21.10 Aðþrengdar eiginkonur** (Desperate Housewives) Bandarísk þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.25 Herstöðvarlíf** (Army Wives) (23:32) Bandarísk þáttaröð um eiginkonur hermanna sem búa saman í herstöð og leyndarmál þeirra.
**23.10 Himinblámi** (Himmelblå) (e)
**23.55 Kastljós** (e)
**00.25 Lögin í söngvakeppninni**
**00.35 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.20 Space Jam**
**10.00 Happy Gilmore**
**12.00 Hoot**
**14.00 Space Jam**
**16.00 Happy Gilmore**
**18.00 Hoot**
▶**20.00 Letters from Iwo Jima**
**22.20 Leonard Cohen: I'm Your Man**
**00.00 Jackass Number Two**
**02.00 Dog Soldiers**
**04.00 Leonard Cohen: I'm Your Man**
**06.00 Notes of a Scandal**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Flintstone krakkarnir, Kalli og Lóa, Harry and Toto og Íkornastrákurinn.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Sjálfstætt fólk**
**10.55 Burn Notice** (2:16)
**11.50 Armed and Famous** (4:6)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 La Fea Más Bella** (102:300)
**13.45 La Fea Más Bella** (103:300)
**14.30 La Fea Más Bella** (104:300)
**15.15 Eldsnöggt með Jóa Fel** (9:12)
**15.45 Barnatími Stöðvar 2** Háheimar, Stuðboltastelpurnar, Harry and Toto, Ruff's Patch og Kalli og Lóa.
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 Friends** (1:24)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 The Simpsons** (16:22)
**19.45 Two and a Half Men** (4:24) Fjórða serían af gamanþáttum um bræðurna Charlie og Alan Harper.
**20.10 Amazing Race** (2:11) Kapphlaupið mikla er nú hafið í tólfta sinn. Sem fyrr þeysast keppendur yfir heiminn þveran og endilangan með það að markmiði að koma fyrstir í mark og fá að launum eina milljón dala.
▶**20.55 NCIS** (2:25) Spennuþáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem starfa í Washington og rannsaka glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt. Verkefnin eru orðin bæði flóknari og hættulegri í þessari sjöttu seríu.
**21.40 Fringe** (6:23)
**22.30 Five Days** (2:5)
**23.30 R-Point**
**01.20 Riding Alone for Thousands of Miles**
**03.05 NCIS** (2:25)
**03.50 Fringe** (6:23)
**04.35 Friends** (1:24)
**05.00 The Simpsons** (16:22)
**05.25 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Liverpool - Reading** Útsending frá leik í enska bikarnum.
**15.50 Mónakó - Montpellier** Útsending frá leik í franska boltanum.
**17.30 Spænsku mörkin** Allir leikir umferðarinnar í spænska boltanum skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.
**18.25 Augusta Masters Official Film** Þáttur um Masters-mótið árið 2004 en þá voru Phil Mickelson og Chris DiMarco í síðasta ráshópnum.
**19.25 Inside the PGA Tour 2010** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA-mótaröðinni. Árið fram undan skoðað gaumgæfilega og spáð í spilin.
**19.50 Blackburn - Aston Villa** Útsending frá leik í enska deildabikarnum.
**22.00 Bestu leikirnir: KR - Valur 27.05.99**
**22.30 Inside the PGA Tour 2010** Sýnt frá SBS Championship-mótinu í golfi sem fram fór á dögunum.
**23.25 Bardaginn mikli: Joe Louis - Max Schmeling**
**00.20 Blackburn - Aston Villa** Útsending frá leik í enska deildabikarnum.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**17.20 Wigan - Aston Villa** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**19.00 Season Highlights 2000/2001** Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.
**19.55 Premier League World 2009/10** Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum hliðum.
**20.25 PL Classic Matches** Liverpool - Tottenham, 1992.
**20.55 PL Classic Matches** Man Utd - Liverpool, 1992.
**21.25 Premier League Review 2009/10** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni og allt það helsta úr leikjunum skoðað gaumgæfilega.
**22.25 Coca Cola mörkin 2009/2010** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.
**22.55 Arsenal - Everton** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**16.20 Girlfriends** (7:23) (e)
**16.45 America's Next Top Model** (e)
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 Fréttir** Fréttir og veður frá fréttastofu Morgunblaðsins.
**18.30 What I Like About You** (6:18) Bandarísk gamansería um tvær ólíkar systur í New York.
**19.00 America's Funniest Home Videos** (21:50) Fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.
**19.30 Fréttir** (e)
**19.45 King of Queens** (12:25) (e)
**20.10 The Office** (11:28) Phyllis undirbýr jólapartí skrifstofunnar en Það fer allt út um þúfur þegar það kviknar í hárinu á henni.
**20.35 30 Rock** (13:22) Liz vingast við ólétta unglingsstúlku í von um að ættleiða barnið og Jack leikur sér með strákunum til að hætta að hugsa um kærustuna.
▶**21.00 House** (11:24) Bandarísk þáttaröð um skapstirða lækninn dr. Gregory House og samstarfsfólk hans.
**21.50 CSI. Miami** (11:25) Bandarísk sakamálasería um Horatio Caine og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í Miami.
**22.40 The Jay Leno Show**
**23.25 The Good Wife** (1:23) (e)
**00.15 King of Queens** (12:25) (e)
**00.40 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Ingvi Hrafn heldur áfram að ræða við forystumenn atvinnulífsins.
**21.00 Í kallfæri** Jón Kristinn Snæhólm tekur fyrir það allra helsta í íslensku þjóðfélagsumræðunni.
**21.30 Grasrótin** Ásmundur Einar, þingmaður Vinstri grænna, hefur umsjón með þessum þætti.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




# Hafðu öryggið í augsýn

**Á næstu dögum færðu sendan segul með hollráðum gegn innbrotum.**

**Segulinn er gott að setja á ísskápinn og nota sem gátlista fyrir heimilið þegar þú ferð að heiman.**

**Hollráðin og nánari upplýsingar um Heimaöryggi er einnig að finna á oryggi.is.**

**SEGULL FYRIR ÍSSKÁP**

ÖRYGGIS MIÐSTÖÐIN

**Hringdu í 570 2400 og fáðu ókeypis öryggisráðgjöf heim!**

## Í KVÖLD



### STÖÐ 2 KL. 21.40

**Fringe**

Önnur þáttaröðin um Oliviu Dunham, sérfræðing FBI í málum sem grunur leikur á að eigi sér yfirnáttúrulegar orsakir. Ásamt hinum umdeilda vísindamanni Dr. Walter Bishop og syni hans Peter rannsaka þau röð dularfullra atvika.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### CSI: Miami

**Skjár einn kl. 21.00**

Bandarísk sakamálasería um Horatio Caine og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í Miami. Í þættinum í kvöld er rannsóknardeildin kölluð á vettvang í hættulegt hverfi þar sem prestur hefur fundist myrtur. Fljótlega beinast spjótin að glæpagengjum í hverfinu sem presturinn hafði átt í útistöðum við.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.50** Bæn **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.13** Litla flugan **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Andrarímur **14.03** Á tónsviðinu **15.03** Útvarpssagan: Við fótskör meistarans **15.25** Mánafjöll **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.16** Spegillinn **18.53** Dánarfregnir **19.00** Úr gullkistunni **19.27** Tónlistarkvöld Ríkisútvarpsins **22.12** Orð kvöldsins **22.25** Mín hinsta tryggð skal vera sem hin fyrsta **23.25** Bláar nótur í bland **00.05** Næturtónar

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 | XA-Radíó | FM 96,3 | FM Suðurland | FM 90,1 | Rás 2 |
| FM 90,9 | Gullbylgjan | FM 96,7 | Létt Bylgjan | FM 102,2 | Útvarp Latibær |
| FM 91,9 | Kaninn | FM 97,7 | X-ið | FM 102,9 | Lindin |
| FM 93,5 | Rás 1 | FM 98,9 | Bylgjan | FM 105,5 | Útvarp Boðun |
| FM 95,7 | FM957 | FM 99,4 | Útvarp Saga | | |

## 2 EXTRA

**17.00 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar á ólíkum sviðum veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um heilsufarsmál.

▶**17.45 Gilmore Girls** (1:22) Lorelai Gilmore er einstæð móðir sem býr í góðu yfirlæti í smábænum Stars Hollow ásamt dóttur sinni Rory. Þar rekur hún gistiheimili og hugsar vel um vini og vandamenn.

**18.30 Seinfeld** (9:22) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk því hann er bæði smámunasamur og sérvitur.

**19.00 The Doctors**

**19.45 Gilmore Girls** (1:22)

**20.30 Seinfeld** (9:22)

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.50 Mercy** (1:22) Þáttaröð um þrjá hjúkrunarfræðinga sem eru einhleypir eða í samböndum sem færa þeim litla ánægju og verja því alltof miklum tíma í vinnunni.

**22.35 Medium** (18:19) Allison Dubois sér í draumum sínum skelfilega atburði sem enn hafa ekki átt sér stað. Þessi náðargjöf hennar gagnast lögreglunni við rannsókn ýmissa mála.

**23.20 Tell Me You Love Me** (1:10) Athyglisverðir og djarfir þættir frá HBO sem fjalla um þrjú pör sem eiga það sameiginlegt að hafa átt í erfiðleikum í sambandinu og leita til hjúskapar- og kynlífsráðgjafans Dr. May Foster.

**00.15 Sjáðu**

**00.45 Fréttir Stöðvar 2**

**01.45 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.05** My Family **12.35** Blackadder II **13.05** My Hero **13.35** Doctor Who **14.20** Doctor Who **15.05** Absolutely Fabulous **15.35** Dalziel and Pascoe **16.25** The State Within **17.15** EastEnders **17.45** The Weakest Link **18.30** Absolutely Fabulous **19.00** Sensitive Skin **19.30** Life on Mars **20.20** Torchwood **21.10** Sensitive Skin **21.40** Only Fools and Horses **22.10** My Family **22.40** Blackadder II **23.10** My Hero **23.40** Torchwood

## DR 1

**12.00** Aftenshowet 2. del **12.30** Seinfeld **13.00** Hvad er det værd? **13.30** Undercover chef - Lalandia **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.05** Family Guy **15.30** Substitutterne **15.55** Chiro **16.05** Ni-Hao Kai Lan **16.30** Fandango **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Rabatten **19.00** Så stort - og så modelfly **20.00** TV Avisen **20.25** Jersild Live **20.50** SportNyt **21.00** Ross Kemp i Los Angeles **21.45** Godzilla **23.50** Boogie Mix

## NRK 1

**12.10** Urix **12.30** Filmavisen 1959 **12.40** Med hjartet på rette staden **13.30** 330 skvadronen **14.00** NRK nyheter **14.10** Dynastiet **15.00** Derrick **16.00** NRK nyheter **16.10** V-cup skiskyting **17.55** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.45** Schrödingers katt **19.15** Krafttaket **19.45** Kvitt eller dobbelt **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Debatten **21.30** Anne-Kat. ser på tv **22.00** Kveldsnytt **22.15** Ekspedisjon kobra **23.30** Orkestergraven

## SVT 1

**12.05** Förbannade gener **14.00** Mästarnas mästare **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.55** Radiohjälpen **16.05** Inför Idrottsgalan 2010 **16.10** Skidskytte **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Antikrundan **20.00** Trettondagskonsert **21.00** Grannar som bråkar **22.00** Afrikas ryggrad **22.30** Mästarnas mästare **23.30** Svindlarna

Regionalt **05.28** Gomorron Sverige





„Ég vil hafa stjórn á fjármálunum og spara mér kostnaðinn."

Fjárhagsleg heilsa í heimabanka

DYNAMO REYKJAVÍK

**Dæmi um greiðsluyfirlit**




*Það er auðvelt að fylgjast með því hvort útgjöld séu í samræmi við áætlun en netgreiðsluþjónustan býður upp á reglulegan tölvupóst um stöðu mála.*

**Einfalt og án kostnaðar**

Netgreiðsluþjónustan er greiðsluþjónusta í heimabanka Byrs. Þar setur þú upp þína greiðsluþjónustu, stjórnar útgjöldunum og gerir áætlanir á einfaldan hátt, þér að kostnaðarlausu.

**Yfirsýn og sparnaður**

Með því að setja upp þína eigin greiðsluáætlun veist þú betur hvað hlutirnir kosta, færð betri vaxtakjör og átt auðvelt með að sjá öll útgjöld fyrir.

**Komdu á byr.is**

Sjáðu hvernig þetta virkar á **byr.is** – þetta er miklu minna mál en þig grunar. Þú eykur yfirsýn og sparar peninga. Það er fjárhagsleg heilsa.

**Auktu ánægju þína með fjárhagslegri heilsu og nýttu þér Netgreiðsluþjónustu Byrs.**

BYR SPARISJÓÐUR

## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Besti bitinn finnst mér vera nepalski veitingastaðurinn Kitchen á Laugavegi. Maturinn þar er mjög góður og sterkur sem er gott í kuldanum.“*

Ingibjörg Finnbogadóttir, framkvæmdastjóri Reykjavik Fashion Festival.



**LÁRÉTT**
**2.** stig, **6.** frá, **8.** knæpa, **9.** ögn, **11.** tveir eins, **12.** skrá, **14.** gimsteinn, **16.** samtök, **17.** í viðbót, **18.** dýrahljóð, **20.** átt, **21.** krot.

**LÓÐRÉTT**
**1.** slitrótt tal, **3.** tveir eins, **4.** kjaftstopp, **5.** tillaga, **7.** fitlari, **10.** sæ, **13.** stæla, **15.** hrumur, **16.** eyrir, **19.** í röð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2.** skor, **6.** af, **8.** krá, **9.** fis, **11.** óð, **12.** skjal, **14.** tópas, **16.** aa, **17.** auk, **18.** urr, **20.** sa, **21.** riss.
**LÓÐRÉTT:** **1.** tafs, **3.** kk, **4.** orðlaus, **5.** ráð, **7.** fiktari, **10.** sjó, **13.** apa, **15.** skar, **16.** aur, **19.** rs.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á bls. 8.

1. Sextug.
2. Bedroom Community.
3. Portúgölum.

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

# Smásagnasafn Guðrúnar verður listaverk

„Þeir höfðu nú bara samband við mig fyrir skömmu og sögðu mér frá þessu verki sínu. Mér fannst þetta bara fyrst og fremst skondið,“ segir Guðrún Eva Mínervudóttir. Tveir franskir listamenn, þau Baptiste og Chloe frá París, urðu fyrir svo miklum áhrifum af smásagnasafni Guðrúnar, Á meðan hann horfir á þig ertu María mey, að þeir ákváðu að búa til listaverk sem er í raun myndskreytt útgáfa af smásagnasafninu.

Guðrún segist ekki kunna nein deili á listamönnunum, hún hafi bara haft samskipti við þá í gegnum tölvupóst. „Þeir fengu tölvupóstfangið mitt hjá útgefandanum í Frakklandi og ég gat ekkert annað gert en bara þakka þeim kærlega fyrir að lesa bókina,“ segir Guðrún en smásagnasafnið kom út árið 2008 í Frakklandi og Guðrún hafði eiginlega gefið frekara líf þess upp á bátinn. „Fyrst fannst mér bara gaman af því að Frakkar skyldu vilja gefa hana út og núna hefur hún einhvern veginn öðlast sitt eigið líf,“ segir Guðrún sem ætlar að prenta út myndir af listaverkinu og hengja það upp á svokallaðan „innblástursvegg“. „Ætli það yrði ekki til að kóróna hringrásina ef þetta yrði mér síðan innblástur að nýrri bók.“

- fgg



**SKONDIÐ** Guðrún Eva veit ekkert um frönsku listamennina Baptiste og Chloe frá París sem bjuggu til listaverk upp úr smásagnasafni hennar.




KARL JÚLÍUSSON: VIL FREKAR ÞESSI VERÐLAUN EN ÓSKARINN

# Leikmynd Karls í The Hurt Locker meðal þeirra bestu

„Þetta eru kannski þau verðlaun fyrir mig sem fagmann sem er hægt að taka mest mark á því þetta eru kollegar manns sem velja mann inn. Þetta eru svo hreinræktuð fagverðlaun,“ segir leikmyndahönnuðurinn Karl Júlíusson.

Hann hefur verið tilnefndur til hinna virtu Art Directors Guild-verðlauna fyrir kvikmyndina The Hurt Locker sem fjallar um sprengjusérfræðinga í Írak. Karl segir þetta eftirsóknarverðari verðlaun en sjálfan Óskarinn. „Engin spurning, því þetta eru marktækir menn sem hafa tekið þessa ákvörðun hvað varðar mitt fag.“

Art Directors Guild-verðlaunin eru veitt í Bandaríkjunum á hverju ári fyrir leikmyndahönnun og listræna stjórnun bæði í kvikmyndum og sjónvarpsþáttum. Auk The Hurt Locker eru tilnefndar í sama flokki, eða myndum sem gerast í nútímanum, þær Angels & Demons, The Hangover, The Lovely Bones og Up in the Air.

Karl segir að tilnefningin hafi komið sér í opna skjöldu. „Já, það gerði það því þetta er mynd sem er ekkert rosalega stór í leikmyndalegu tilliti miðað við myndir almennt. Sem dæmi má nefna að það er ekki óalgengt að meðalstór kvikmynd hafi milli 100 og 150 leikmyndir á meðan þessi hafði á milli 35 og 40,“ segir Karl, sem hefur einnig unnið við myndir á borð við Antichrist, A Little Trip to Heaven, K-19, The Widowmaker og Dancer in the Dark.

Karl segir óvíst hvort hann verði viðstaddur verðlaunaathöfnina í Beverly Hills 13. febrúar. „Ég verð að sjá til. Það fer eftir því hvernig málin æxlast og hvaða verkefni ég tek fyrir næst. Það sem ég hefði mestan áhuga á að gera, vegna þess að ég er kominn svo vel af stað með það, er víkingamynd Baltasars. Ég veit ekki hvort hún verður á næstunni eða hvort það verður bið á henni. En hún verður örugglega gerð. Síðan er ýmislegt annað eins og amerísk mynd sem á að skjóta í Mexíkó sem fjallar um mexíkósku eiturlyfjamafíuna,“ segir hann.

Óskarsverðlaunin verða afhent 7. mars en Karl hefur litla trú á að hann hljóti náð fyrir augum akademíunnar. „Það eru períódumyndir sem eru hvað oftast tilnefndar þar,“ segir hann og á þar við myndir sem gerast ekki í nútímanum. „Þetta er lítil mynd í amerískum skilningi. Hún er gerð fyrir litla peninga og hún hefur ekki fengið allan þennan blástur sem hinar myndirnar hafa fengið, en maður tekur því bara eins og hverju öðru hundsbiti ef það kemur.“

freyr@frettabladid.is



**KARL JÚLÍUSSON** Karl hefur verið tilnefndur til hinna virtu Art Directors Guild-verðlauna sem verða afhent 13. febrúar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Hljómsveitin **FM Belfast** er ein af þeim sveitum sem enska tísku- og tónlistartímaritið Clash telur líklega til að gera góða hluti í ár. Blaðið segir FM Belfast flytja fyrirferðarmikið og ástleitið popp sem sé spilað með hjartanu af flokki hljóð-bardagamanna. Það er því meðbyr með FM Belfast nú þegar platan þeirra How to Make Friends (kom út hér 2008) er loksins að koma út á alþjóðamarkaði.



**Hvanndalsbræður** taka þátt í forkeppni Eurovision á laugardaginn með stuðlaginu Gleði og glens. Til að treysta sóknina hefur hljómsveitin fengið til liðs við sig tvær helstu bakraddadívur landsins. Þetta eru þær **Rögnvaldur gáfaði** (sem hætti í Hvanndalsbræðrum í fyrra, en hefur aldrei látið sig hverfa almennilega) og Guðmundur Svafarsson. Guðmundur er þessi síðskeggjaði í Ljótu hálfvitunum. Það þótti sigurstranglegt að hafa hann með því hann hefur áður verið sigursæll í þáttum í Ríkissjónvarpinu.



Metsölulisti Eymundsson kom út í gær og ber þess greinileg merki að nýtt ár er gengið í garð. Því Almanak Háskóla Íslands fyrir árið 2010 er mest selt á árinu. Athygli vekur þó að Andsælis á auðnuhjólinu eftir Helga Ingólfsson stingur sér í annað sætið en hin vinsæla kvikmynd Jóhannes, með **Ladda** í aðalhlutverki, var einmitt byggð á þeirri bók.




Bekkur
var 11.900,-
nú 8.330,-
30%
afsláttur
the PIER
Smáratorgi 3, 201 Kópavogi og Korputorgi, 112 Reykjavík

# Ástralar elska Vesturport

Hamskiptin, leiksýning Vesturports, var nýverið valin besta alþjóðlega leiksýningin á árinu sem var að líða af tveimur áströlskum blöðum. Annars vegar The Week og hins vegar sunnudagsblaðinu The Herald Sun sem er í Sydney. Blöðin eru feikilega mikið lesin í Ástralíu og hefur hamingjuóskum hreinlega rignt yfir Gísla Örn Garðarsson frá andfætlingum að undanförnu. „Já, þetta virðist hafa vakið mikla athygli og við getum ekki annað en verið glöð yfir viðtökunum,“ segir Gísli Örn en hann er að undirbúa frumsýningu Fást sem verður í Borgarleikhúsinu á föstudaginn. Gísli hlær þegar hann er inntur eftir því hvort vinskapur Vesturports og Nicks Cave, óskabarni áströlsku þjóðarinnar, hafi ekki leikið stórt hlutverk í þessum miklu vinsældum. „Jú, jú, það hlýtur að vera,“ segir hann.

Annars stefnir í að Hamskiptin nái því að verða sýnd í flestöllum byggðum heimsálfum því fyrirhugaðar eru leikferðir til New York og Kólumbíu á þessu ári. Evrópa, Asía og Eyjaálfa verða þá að baki en eflaust er vonlaust að setja upp sýninguna á Suðurskautslandinu. „Við eigum þá bara eftir Afríku, það yrði kannski bara gaman að koma þangað og setja verkið upp þar,“ segir Gísli. Þá hafa tekist samningar við Borgarleikhúsið í Malmö um kaup á leikgerðinni sjálfri að Hamskiptunum. „Þetta gæti alveg orðið smá iðnaður, að selja þessa leikgerð til annarra leikhúsa og yrði bara skemmtilegt ef afurðin fengi sjálfstætt líf.“

- fgg



**ÁSTRALAR HRIFNIR** The Week og The Herald Sun völdu leiksýningu Vesturports sem alþjóðlegu sýningu ársins á árinu sem var að líða.


Regatta
GREAT OUTDOORS
LAGER SALA
NÝTT KORTATÍMABIL
CRAGHOPPERS
Dare 2b
OPIÐ
VIRKA DAGA 10 – 18
LAUGARD. 11 – 16
SUNNUD. 13 – 16
ÚTIVIST & SPORT
verslun
heildverslun
Faxafen 12 S. 533-1550.

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ
ORATORS
- félag laganema við Háskóla Ísland

**Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.**


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Hittingur, hitt eða bæði?

Eiður Guðnason, fyrrverandi sendiherra og málfarseftirlitsmaður, vekur á vef sínum athygli á því sem „öfgafemínisti", að hann kallar, hafi skrifað á eyjublogg sitt á þriðjudag. „Fyrsta Hitt Femínistafélags Íslands í ár fjallar um konur í sveitarstjórnum," stóð í Eyjublogginu. Eðlilega hnýtur Eiður um þetta orðalag og skrifar: „Ef ég man rétt skrifaði Þórbergur um að gera hitt og allir vissu hvað hann átti við. Nú virðast öfgafemínistarnir gera enn eina atlögu að tungunni með því að kalla venjulegan fund Hitt. Þetta er framúrskarandi hallærislegt, nema auðvitað að fólk sé að gera hitt!"



### Mismikið að gera

Haldi einhver að allir ráðherrar ríkisstjórnarinnar vinni dag og nótt að lausn á Icesave og öðrum brýnum verkefnum er það misskilningur. Alla vega gat Kristján Möller samgönguráðherra dundað sér við að opna bílaskoðunarstöð í gær. Sagði hann við það tækifæri að samgönguyfirvöld legðu mikla áherslu á vandaða skoðun ökutækja. Er gott til þess að vita.

### Ófluttur Ögmundur

Í fyrravor vakti það athygli þegar þingflokkur Vinstri grænna þurfti að flytja skrifstofur sínar úr Vonarstræti 12 yfir í gamla Morgunblaðshúsið við Aðalstræti. Lítið hefur frést af því hvernig vinstrimönnunum hefur liðið í höllinni. Einn þeirra mun hins vegar ekki hafa þurft að reyna það, því Ögmundur Jónasson flutti sig ekki fet og hefur sína skrifstofu enn í Vonarstrætinu – einn flokksmanna. Ekki er þó vitað hvort það stafar af andúð hans á hinum nýju vistarverum, eða ágreiningi hans við félaga sína.



## Mest lesið VÍSIR.IS

1. Íslendingur á Haítí
2. Þorkell semur við sjálfan sig um leigugreiðslur HR
3. Túlkur íslensku sveitarinnar missti húsið
4. Björgunarsveitin frá Íslandi fer fyrir hádegi
5. Gunnar: Kúlulánadrotting Steingríms




Fréttablaðið er með 143% meiri lestur en Morgunblaðið.

Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18 – 49 ára. Könnun Capacent í ágúst 2009 – október 2009.



